

# Stjórnartíðindi

## 1960 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Skrifað inn á forsíðu.

Gallar á bls. 110-111, 177, 216, 218, 290, og 331.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

*fróðgæingur*

# STJÓRNARTÍÐINDI

## 1960

### A-DEILD



REYKJAVÍK — 1960  
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

*Útgefandi dómsmálaráðuneytið.*

# Efnisyfirlit.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	13. jan.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör .....	1
16	22. jan.	Auglýsing um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings Íslands og Ungverjalands .....	138
2	29. jan.	Lög um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu .....	1
3	12. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1960 .....	2
11	19. febr.	Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna .....	22
4	20. febr.	Lög um efnahagsmál .....	2—10
9	26 febr.	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóvember 1903, skuli einnig ná til Monaco .....	13
5	29. febr.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr rikissjóði á árinu 1960 .....	11
6	3. marz	Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar .....	11
7	11. marz	Lög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör .....	12
8	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki .....	12
10	22. marz	Lög um söluskatt .....	14—22
14	30. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturluta Atlantshafs, ásamt viðbæti .....	120—135
12	31. marz	Fjárlög fyrir árið 1960 .....	23—115
13	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar .....	115—119
15	6. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. ....	135—138
17	9. apríl	Lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis .....	139
18	12. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 36 1958 og lögum nr. 40 1959, um breyting á þeim lögum .....	140—141
19	13. apríl	Lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga .....	141—143
20	21. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla .....	143

## IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
21	25. apríl	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Sovétríkjanna um gagnkvæma niðurfellingu gjalda fyrir ræðismannsstörf .....	144
22	10. maí	Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum .....	145
23	12. maí	Lög um breyting á lögum nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950 ....	146
24	14. maí	Lög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör .....	146
25	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila .....	147
26	S. d.	Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958	147
27	21. maí	Lög um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl. ....	148
28	23. maí	Lög um veitingu ríkisborgararéttar .....	148—150
29	S. d.	Lög um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi .....	150
30	25. maí	Lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.	151—153
31	S. d.	Lög um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953 .....	154
33	27. maí	Lög um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir .....	155—156
34	30. maí	Lög um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómanna .....	156
35	S. d.	Lög um lögheimili .....	156—159
36	31. maí	Auglýsing um samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um reglur varðandi viðurkenningu á iðgjalda- og starfstíma fyrir þá menn, sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi og flytjast milli ríkja þessara .....	159—162
37	7. júní	Lög um löggildingu á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu .....	162
38	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 7 1959, um breyting á lögum nr. 19 1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna .....	163
39	S. d.	Lög um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu .....	163
40	9. júní	Lög um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti .....	164—166
41	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands .....	166
42	S. d.	Lög um ferskfiskeftirlit .....	166—168
43	S. d.	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör .....	168—172
44	S. d.	Lög um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktar-	

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		félags lamaðra og fatlaðra 1960 og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960 .....	173
45	S. d.	Lög um orlof húsmæðra .....	173—174
46	10. júní	Lög um Verzlunarbanka Íslands hf. ....	175—176
47	11. júní	Lög um tollvörugeymslur .....	176—182
48	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands .....	182—183
49	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum .....	183
50	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar .....	184
51	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands .....	184—185
52	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO) .....	185
32	14. júní	Bráðabirgðalög um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi .....	155
53	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál .....	205
54	S. d.	Lög um verðlagsmál .....	205—208
55	S. d.	Fjárukalög fyrir árið 1957 .....	208—209
56	S. d.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957 .....	209—210
60	23. júní	Auglýsing um aðild Íslands að bókun um viðskipti og greiðslur milli Finnlands og nokkurra Evrópuríkja, dags. 29. desember 1959 .....	225
58	28. júní	Lög um bann við okri, dráttarvexti o. fl. ....	212—213
57	5. júlí	Bráðabirgðalög um bann gegn vinnustöðvun íslenzkra atvinnuflugmanna .....	211
59	19. júlí	Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. ....	213—224
61	22. júlí	Auglýsing um fullgildingu nýs alþjóðafjarskiptasamnings .....	225
62	13. ágúst	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands .....	225
63	16. ágúst	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands .....	226
64	29. ágúst	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Ísrael .....	226
65	5. sept.	Auglýsing um framlengingu greiðslusamnings milli Íslands og Tékkóslóvakíu .....	226
66	20. sept.	Auglýsing um samning um norrænt póstsamband ....	227—234
67	27. sept.	Bréf handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1960 skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1960 .....	235
68	5. okt.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum .....	235

## VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
69	6. okt.	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Ísrael .....	235—236
70	7. okt.	Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands .....	236—237
71	S. d.	Auglýsing um greiðslusamning milli Íslands og Póllands .....	237
72	24. okt.	Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Ísrael .....	237
73	24. nóv.	Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu .....	238
74	3. des.	Lög um breyting á lögum nr. 26 24. apríl 1957, um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland .....	238
75	13. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1961 .....	238—239
81	20. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis .....	334
84	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál .....	336
76	22. des.	Fjárukalög fyrir árið 1958 .....	239—240
77	S. d.	Fjárukalög fyrir árið 1959 .....	240—241
78	S. d.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1958 .....	242—243
79	S. d.	Lög um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga .....	243—244
80	23. des.	Fjárlög fyrir árið 1961 .....	245—334
82	S. d.	Lög um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi .....	335
83	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt .....	335
88	S. d.	Auglýsing um viðskiptasamning Íslands og Spánar ..	341
85	28. des.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar .....	336—337
86	S. d.	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar .....	338—339
87	S. d.	Lög um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð ..	340

# Yfirlit

## eftir stafrófsröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Almannatryggingar.</b>			
6	3. marz	Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar .....	11
13	31. marz	Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar .....	115—119
86	28. des.	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar .....	338—339
<b>Alþingi.</b>			
3	12. febr.	Lög um samkomudag reglulegs Alþingis 1960 .....	2
67	27. sept.	Bréf handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1960 skuli koma saman til fundar mánu- daginn 10. október 1960 .....	235
81	20. des.	Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis .....	334
<b>Atvinnuleyfi.</b>			
32	14. júní	Bráðabirgðalög um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi .....	155
82	23. des.	Lög um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi .....	335
<b>Bankamál.</b>			
46	10. júní	Lög um Verzlunarbanka Íslands hf. ....	175—176
48	11. júní	Lög um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands .....	182—183
Búnaðarbanki Íslands, sjá bankamál.			
Byggingar í sveitum, sjá landbúnaður			
Dragnótaveiðar, sjá fiskveiðar.			
Dráttarvextir, sjá okur.			
Dýralæknar, sjá landbúnaður.			



## VIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Efnahagsmál.</b>			
4	20. febr.	Lög um efnahagsmál .....	2—10
53	14. júní	Lög um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál .....	205
84	20. des.	Lög um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál .....	336
<b>Eignarnámsheimild.</b>			
29	23. maí	Lög um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi .....	150
<b>Einkasölur.</b>			
8	11. marz	Lög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki .....	12
<b>Fiskveiðasjóður, fiskveiðar.</b>			
14	30. marz	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbæti .....	120—135
40	9. júní	Lög um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti .....	164—166
41	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands .....	166
42	S. d.	Lög um ferskfiskeftirlit .....	166—168
<b>Ferskfiskeftirlit, sjá fiskveiðar.</b>			
<b>Framleiðsluráð landbúnaðarins, sjá landbúnaður.</b>			
<b>Fjárlög, fjárukalög</b>			
5	29. febr.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960 .....	11
12	31. marz	Fjárlög fyrir árið 1960 .....	23—115
55	14. júní	Fjárukalög fyrir árið 1957 .....	208—209
76	22. des.	Fjárukalög fyrir árið 1958 .....	239—240
77	S. d.	Fjárukalög fyrir árið 1959 .....	240—241
80	23. des.	Fjárlög fyrir árið 1961 .....	245—334
<b>Fyrningarafskriftir.</b>			
33	27. maí	Lög um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir .....	155—156
<b>Happdrætti.</b>			
44	9. júní	Lög um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 1960 og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960 .....	173

## IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
74	3. des.	Lög um breyting á lögum nr. 26 24. apríl 1957, um breyting á lögum nr. 14 4. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland .....	238
<b>Háskóli Íslands.</b>			
51	11. júní	Lög um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands .....	184—185
<b>Heilbrigðis- og sjúkramál.</b>			
27	21. maí	Lög um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl. ....	148
31	25. maí	Lög um breyting á sjúkrahúsalögum nr. 93 31. des. 1953 .....	154
<b>Húsavíkurkaupstaður, sjá eignarnámsheimild.</b>			
<b>Innflutnings- og gjaldeyrismál.</b>			
30	25. maí	Lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.	151—153
<b>Jarðræktarmál, sjá landbúnaður.</b>			
<b>Jöfnunarsjóður, sjá sveitarstjórnarmál.</b>			
<b>Kirkjumál.</b>			
20	21. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla .....	143
<b>Lánasjóður námsmanna.</b>			
17	9. apríl	Lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis ....	139
<b>Landbúnaður.</b>			
15	6. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. ....	135—138
23	12. maí	Lög um breyting á lögum nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950 ....	146
38	7. júní	Lög um breyting á lögum nr. 7 1959, um breyting á lögum nr. 19 1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna .....	163
49	11. júní	Lög um breyting á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum .....	183
59	19. júlí	Lög um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. ....	213—224
<b>Landnám í sveitum, sjá landbúnaður.</b>			

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
<b>Lækningaleyfi, sjá heilbrigðis- og sjúkramál.</b>			
<b>Lífeyrissjóður</b>			
34	30. maí	Lög um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjóðmanna .....	156
<b>Lögheimili.</b>			
35	30. maí	Lög um lögheimili .....	156—159
<b>Okur, dráttarvextir.</b>			
58	28. júní	Lög um bann við okri, dráttarvexti o. fl. ....	212—213
<b>Orlof.</b>			
45	9. júní	Lög um orlof húsmæðra .....	173—174
<b>Póstmál.</b>			
66	20. sept.	Auglýsing um samning um norrænt póstsamband ....	227
<b>Prestaköll, sjá kirkjumál.</b>			
<b>Ríkisborgararéttur.</b>			
28	23. maí	Lög um veitingu ríkisborgararéttar .....	148—150
85	28. des.	Lög um veitingu ríkisborgararéttar .....	336—337
<b>Ríkisjarðir.</b>			
22	10. maí	Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum .....	145
39	7. júní	Lög um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu .....	163
<b>Ríkisreikningar.</b>			
56	14. júní	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957	209—210
78	22. des.	Lög um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1958	242—243
<b>Ríkisstjórn.</b>			
62	13. ágúst	Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands .....	225
68	5. okt.	Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum .....	235
<b>Ræktun í sveitum, sjá landbúnaður.</b>			
<b>Sjúkrahúsálög, sjá heilbrigðis- og sjúkramál.</b>			

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Skattar, tollar.</b>			
2	29. jan.	Lög um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu .....	1
10	22. marz	Lög um söluskatt .....	14—22
18	12. apríl	Lög um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekju- skatt og eignarskatt, lögum nr. 36 1958 og lögum nr. 40 1959, um breyting á þeim lögum .....	140—141
25	14. maí	Lög um breyting á lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráð- stöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila .....	147
47	11. júní	Lög um tollvörugeymslur o. fl. ....	176—182
75	13. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1961 .....	238—239
79	22. des.	Lög um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga .....	243—244
83	23. des.	Lög um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um sölu- skatt .....	335
<b>Sveitarstjórnarmál.</b>			
19	13. apríl	Lög um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga .....	141—143
<b>Umferðarlög.</b>			
26	14. maí	Lög um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958	147
<b>Utanríkismál.</b>			
16	22. jan.	Auglýsing um framlengingu viðskipta- og greiðslu- sammnings Íslands og Ungverjalands .....	138
11	19. febr.	Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna .....	22
21	25. apríl	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Sovétrík- janna um gagnkvæma niðurfellingu gjalda fyrir ræðis- mannsstörf .....	144
36	31. maí	Auglýsing um samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um reglur varðandi viðurkenningu á iðgjalda- og starfstíma fyrir þá menn, sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi og flytjast milli ríkja þessara .....	159—162
52	11. júní	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að stað- festa fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasig- lingamálastofnun (IMCO) .....	185
60	23. júní	Auglýsing um aðild Íslands að bókun um viðskipti og greiðslur milli Finnlands og nokkurra Evrópuríkja, dags. 29. desember 1959 .....	225
61	22. júlí	Auglýsing um fullgildingu nýs alþjóðafjarskiptasamn- nings .....	225
63	16. ágúst	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Ís- lands og Frakklands .....	226
64	29. ágúst	Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Ísrael .....	226

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðutal
65	5. sept.	Auglýsing um framlengingu greiðslusamnings milli Íslands og Tékkóslóvakíu .....	226
70	7. okt.	Auglýsing um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands .....	236—237
71	S. d.	Auglýsing um greiðslusamning milli Íslands og Póllands .....	237
72	24. okt.	Auglýsing um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Ísrael .....	237
73	24. nóv.	Auglýsing um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu .....	238
88	23. des.	Auglýsing um viðskiptasamning Íslands og Spánar ..	341
<b>Útsvör.</b>			
1	13. jan.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör .....	1
7	11. marz	Lög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör .....	12
24	14. maí	Lög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör .....	146
43	9. júní	Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör .....	168—172
<b>Veð.</b>			
87	28. des.	Lög um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð ..	340
<b>Verðlagsmál.</b>			
54	14. júní	Lög um verðlagsmál .....	205—208
<b>Verzlunarbanki Íslands, sjá bankamál.</b>			
<b>Verzlunarstaður.</b>			
37	7. júní	Lög um löggildingu á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu .....	162
<b>Vestmannaeyjar, sjá ríkisjarðir.</b>			
<b>Vinnustöðvun.</b>			
57	5. júlí	Bráðabirgðalög um bann gegn vinnustöðvun íslenzkra atvinnuflugmanna .....	211
<b>Vitamál.</b>			
50	11. júní	Lög um breyting á lögum nr. 43 19. júní 1933, um stjórn vitamála og um vitabyggingar .....	184
<b>Vörumerki.</b>			
9	26. febr.	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóvember 1903, skuli einnig ná til Monaco .....	13
69	6. okt.	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóvember 1903, skuli einnig ná til Ísrael .....	235—236

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

**1**

13. jan.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að útsvör hafi eigi verið álögd í Ólafsvíkurbreppi á árinu 1959, en hreppurinn geti eigi verið án þeirra tekna. Skýr ákvæði séu ekki í gildandi lögum, sem heimili ráðuneytinu, nú eftir árslok, að veita samþykki til álagningar útsvara fyrir árið 1959. Brýna nauðsyn beri því til að breyta ákvæðum 21. gr. útsvarslaga þannig, að heimild ráðuneytisins til þess að samþykkja niðurjöfnun útsvara, sem farizt hefur fyrir á lögmaetum tíma, nái einnig til útsvarsálagningar, þó að hún fari eigi fram fyrr en eftir árslok.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

**1. gr.**

Orðin „á árinu“ í 21. gr. laganna falli niður.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

Stjórnartíðindi 1960, A. 2.

**L Ö G**

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

**2**

29. jan.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að stöðva tollafgreiðslu á aðfluttum vörum þar til frumvarp það um aðgerðir í efnahagsmálum, er ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir Alþingi næstu daga, hefur hlotið fullnaðarafgreiðslu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 29. janúar 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

A 1

3

12. febr.

## L Ö G

## um samkomudag reglulegs Alþingis 1960.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Reglulegt Alþingi 1960 skal koma saman mánudaginn 10. október 1960, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 12. febrúar 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

Stjórnartíðindi 1960, A. 4.

4

20. febr.

## L Ö G

## um efnahagsmál.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## 1. gr.

Gengi íslenzkrar krónu miðað við erlendan gjaldeyri skal vera kr. 38.00 hver bandarískur dollar, og gengi hennar miðað við annan gjaldeyri í samræmi við það. Seðlabankinn skráir sölugengi og kaupgengi erlends gjaldeyris samkvæmt þessu gengi. Kaup- og sölugengi dollars má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir því gengi, sem ákveðið er í 1. málslíð þessarar gr., og sama gildir um gengi annars gjaldeyris.

## 2. gr.

Við gildistöku þessara laga hættir útflutningssjóður greiðslu hvers konar bóta samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í bráðabirgðaákvæðum laganna, staflíðum a—c. Frá sama tíma falla niður tekjur útflutningssjóðs samkvæmt lögum nr. 33/1958.

## 3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið fram að gildistöku þessara laga samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum, skulu fara

fram á því gengi, sem gildi áður en lög þessi tóku gildi. Sama gildir um hvers konar 4 kröfur innlendra aðila vegna sölu á vörum eða þjónustu til varnarliðsins áður en 20. febr. lög in tóku gildi.

#### 4. gr.

Nú er bankaábyrgð ekki greidd í íslenskum banka fyrir en eftir 28. janúar 1960 eða gjalddagi hennar er eftir þann tíma, og skal hún þá gerast upp á hinu nýja gengi.

#### 5. gr.

Stofna skal sérstakan vaxtalausn reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum og skal færa til gjalda á honum hækkun þá í krónum, sem verður á skuldum ríkissjóðs við Greiðslubandalag Evrópu vegna gengisbreytingarinnar. Á þennan reikning skal sömuleiðis færa þann gengismun, er fram kemur hjá einstökum bönkum, sem verza með erlendan gjaldeyri. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er gengisbreytingin kemur til framkvæmda. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, teljast erlendir gjaldeyri í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans.

Gengismunur, sem myndast þá er banki hefur fyrir gildistöku þessara laga innt af hendi greiðslu vegna bankaábyrgðar, sem gerð er upp á hinu nýja gengi (sbr. 4. gr.), skal færður á reikning þann, er um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.

Gengismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri frá varnarliðinu eftir gildistöku þessara laga vegna ákvæðis 3. gr., skal færður á reikning útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum.

#### 6. gr.

Eigi er heimilt að stofna til skuldar í íslenskum krónum með ákvæði þess efnis, að hún eða vextir af henni breytist í samræmi við gengi erlends gjaldeyris, nema um sé að ræða endurlánað erlent lánsfé. Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrir eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við herra gengi en gildi, þegar erlenda lánið var greitt.

Ákvæði í lánsamningum, gerðum fyrir gildistöku laganna, um, að endurgreiðsla eða vextir skuli háð gengi erlends gjaldeyris, skulu ekki gild, nema þau séu í samræmi við ákvæði 1. málsg. þessarar gr.

#### 7. gr.

Frá gildistöku laga þessara skal við ákvörðun verðtolls, söluskatts og innflutningsgjalds (sbr. 9. gr.) á innfluttum vörum reikna fob-verðmæti þeirra á hinu nýja gengi, og sama gildir um annan erlendan kostnað í cif-verði, þar á meðal flutningskostnað, ef hann hefur verið greiddur í erlendum gjaldeyri.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um öll önnur gjöld af innfluttum vörum, sem innheimt eru af tollyfirvöldum og ákveðin eru sem hundraðshluti af vöruverðmæti.

Nú hefur innflytjandi, áður en nýákvæðin bráðabirgðastöðvun tollafgreiðslu kom til framkvæmda, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá miða gjöld af henni við eldra gengi, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 daga frá gildistöku laganna.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda við tollafgreiðslu vara, sem hafa verið afhentar innflytjendum með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda (sbr. 15. gr. tollskrárlaga), nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laganna,



4

20. febr.

## II. KAFLI

## 8. gr.

Tollyfirvöld skulu, um leið og þau afgreiða útflutningsskjöl, innheimta 5% skatt af fob-verði allra vara, sem fluttar eru úr landi til sölu frá gildistöku laganna. Þetta tekur þó ekki til vara, sem samkv. vottorði hlutaðeigandi yfirvalds eru framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 og verðbættar skulu samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna, staflidum a—b.

Útflutningsskattur á ísfiskafla skipa, sem sjálf flytja hann á erlendan markað, miðast við söluverð hans að frádregnum sölukostnaði og áætluðu flutningsgjaldi samkvæmt reglum gjaldeyriseftirlitsins. Skattur þessi skal innheimtur um leið og greitt er útflutningsgjald af ísfiskafla hvers skips.

Andvirði útflutningsskatts samkvæmt þessari gr. skal varið til greiðslu á halla útflutningssjóðs.

## 9. gr.

Af vörum þeim, sem taldar eru í A—C-liðum 10. gr., skal greiða sérstakt innflutningsgjald til ríkissjóðs, þegar þær eru fluttar til landsins, svo sem segir í þeirri gr. Gjaldið miðast við tollverð vöru eins og það er ákveðið í samræmi við ákvæði 1. málgr. 7. gr., að viðbættum aðflutningsgjöldum og 10% áætlaðri álagningu.

Innheimtumenn ríkissjóðs heimta gjaldið um leið og aðflutningsgjöld. Skal gjald þetta njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá og sömu reglur gilda um innheimtu þess.

## 10. gr.

A. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 40% innflutningsgjald:

Nr. 8 í 6. kafla, nr. 5 og 7—8 í 7. kafla, nr. 36 í 8. kafla, nr. 4—16 og 17 í 9. kafla, nr. 2 í 16. kafla, nr. 7 í 17. kafla, nr. 3—6 í 19. kafla, nr. 1—4 og 11—12 í 20. kafla, nr. 3—5 í 21. kafla, nr. 3 í 42. kafla, nr. 6 í 46A. kafla, nr. 7 í 46B. kafla, nr. 7—9 í 47. kafla, nr. 9—11 í 48. kafla, nr. 12—15 í 49. kafla, nr. 8 í 51. kafla, nr. 22—26 í 72. kafla, nr. 37—45, 55—58, 59—62, innanhússljósatæki í nr. 64 og útvarpstæki í nr. 84 í 73. kafla, nr. 13—14 í 75. kafla og nr. 1, 2 og 4 í 78. kafla.

B. Af vörum þeim, sem taldar eru hér á eftir, greiðist 30% innflutningsgjald:

1. Vörum, sem taldar eru í 7. gr. reglugerðar nr. 15/1954, um innflutningsréttindi bátaútvægsins, og síðari breytingum á henni, þó ekki af eftirtöldum vörum: þeim, sem taldar eru í A-lið þessarar greinar, nýjum og þurrkuðum ávöxtum í nr. 1—35 í 8. kafla tollskrár og vélum í nr. 49 og 53 í 72. kafla tollskrár.

2. Vörum, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá:

Nr. 9 í 4. kafla, nr. 5 og 14 í 5. kafla, nr. 3 í 7. kafla, nr. 19 í 11. kafla, nr. 1 í 12. kafla, nr. 2 í 19. kafla, nr. 6—8 í 21. kafla, nr. 22, 28, 39—41 í 30. kafla, nr. 1—14 og 15a í 31. kafla, nr. 45 í 40. kafla, nr. 3 í 41. kafla, nr. 6 í 42. kafla, nr. 1, 3—6, 8, 8a, 10, 10a, 12, 13, 15, 20—22, 24, 26—29, 31—32, 34—36, 37—41 og 43 í 44. kafla, nr. 14, 16 og 20—22 í 45. kafla, nr. 26 í 52. kafla, nr. 1—5 í 56. kafla, nr. 1—3 í 57. kafla, nr. 18—19 í 60. kafla, nr. 48, 50 og 101 í 63. kafla, nr. 15 og 20 í 64. kafla, nr. 3—5, 9—10, 16—20, 22 og 24 í 71. kafla, nr. 2 og rjómaísgerðarvélar í nr. 63 í 72. kafla, nr. 67 og 69—72 í 73. kafla, nr. 1—8, 13 og 26—27 í 77. kafla, nr. 14 í 79. kafla og nr. 1 og 3 í 85. kafla.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja tiltekna vörur, sem taldar eru undir A- og B-liðum hér að framan, á sérstakan innflutningslista. Af vöru, sem á þennan lista er sett, skal greiða 30% innflutningsgjald, ef hún fellur undir A-lið, en 15% innflutningsgjald, ef hún telst til B-liðs.

C. Af vörum þeim, sem teljast til eftirfarandi kafla og nr. í tollskrá, skal greiða 15% innflutningsgjald: 4

20. febr.

1. Búsáhöldum, sem í tollskrá teljast til nr. 58 í 40. kafla, nr. 44 í 44. kafla, nr. 29 í 58. kafla, nr. 9 og 12 í 59. kafla, nr. 20 og 21 í 60. kafla, nr. 83 í 63. kafla, nr. 23 í 64. kafla, nr. 5 í 65. kafla, nr. 9 í 66. kafla, nr. 7 í 67. kafla, nr. 6 í 68. kafla, nr. 6 í 69. kafla, nr. 3 í 70. kafla, nr. 2, 2a og 7 í 71. kafla og nr. 6—7 í 72. kafla.

2. Smíðatólum og verkfærum, sem í tollskrá teljast til nr. 33 og 35 í 40. kafla, nr. 9—13 í 58. kafla, nr. 67 og 71—80 í 63. kafla, nr. 21—22 í 64. kafla, nr. 11 í 66. kafla og nr. 6 í 71. kafla.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald í þeim tilvikum, sem heimilt er að endurgreiða aðflutningsgjöld samkvæmt lögum um tollskrá. Enn fremur er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald að einhverju eða öllu leyti af pappa, er telst til nr. 8 og 10a í 44. kafla tollskrár, ef hann er notaður í umbúðir um nauðsynjavörur, sem og af umbúðum um slíkar vörur, sbr. nr. 28 og 29 í 44. kafla tollskrár. Einnig er heimilt að endurgreiða innflutningsgjald af saumavélum til iðnaðar, sem teljast til nr. 2 í 72. kafla tollskrár. Ríkisstjórninni er og heimilt að fella niður innflutningsgjald af ilmefnum til sápugetar, sem teljast til nr. 13b í 31. kafla tollskrár.

#### 11. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort vara sé gjaldskyld samkvæmt ákvæðum 10. gr. eða í hvern gjaldflokk hún skuli koma, og sker þá ríkisstjórnin úr. Er sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu.

#### 12. gr.

Bankar þeir, sem verzla með erlendan gjaldeyri, skulu greiða ríkissjóði 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% af þóknun (provision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur hverju nafni sem nefnast fyrir þjónustu þá, er hér um ræðir.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi, svo sem fyrir er mælt í 1. málsg. þessarar gr.

#### 13. gr.

Af sölu þeirri og veltu, sem skattskyld er samkvæmt 2. tölulið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. 4. gr. laga nr. 67/1959 eða önnur lög, er í þeirra stað koma, skal innheimta 6% gjald til viðbótar nügildandi 3% gjaldi til ríkissjóðs.

Undanþegnar gjaldi þessu eru vörur þær og velta, sem talið er í 23. gr. III. kafla laga nr. 100/1948. Skulu og ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 með síðari breytingum, sem í gildi eru, gilda um álagningu, innheimtu, greiðslu, viðurlög og öll önnur atriði gjalds þessa, þar með talin heimild til stöðvunar atvinnurekstrar vegna vanrækslu.

#### 14. gr.

Innheimta skal til ríkissjóðs sérstakt gjald af iðgjöldum váttryggingarsamninga þeirra, er lög nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga, taka til, og skal það nema 10% af iðgjaldsfjárhæðum.

Iðgjöld af eftirtöldum tryggingum eru undanþegin gjaldi því, er um ræðir í 1. málsg. þessarar gr.:

- a. líftryggingum, sbr. III. kafla laga nr. 20/1954,
- b. brunatryggingum á húsum,

4  
20. febr.

c. tryggingum skipa og flugvéla ásamt venjulegum búnaði, munum skipverja og afla fiskiskipa,  
d. búfjártryggingum.

Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu að öllu leyti gilda reglur 13. gr.

#### 15. gr.

Gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, eins og það er nú með viðaukum samkvæmt d-lið 1. gr. laga nr. 67/1959 eða öðrum lögum, sem í þeirra stað koma, skal innheimta með 200% álagi.

#### 16. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og má það nema allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Gjald þetta skal innheimt um leið og gefin eru út innflutningsleyfi fyrir bifreiðum.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat farartækjanna, að frádregnu flutningsgjaldi og váttryggingargjaldi.

Þá skal ríkisstjórninni heimilt að innheimta jafnhátt gjald og getur í 1. málsg. af bifreiðum, sem settar hafa verið saman innanlands, og skulu slíkar bifreiðar metnar eftir sömu reglum og innfluttar bifreiðar, og er óheimilt að skrásetja þær fyrir en gjald þetta hefur verið greitt.

Ríkisstjórnin úrskurðar, hvaða bifreiðar skulu gjaldskyldar.

#### 17. gr.

Innheimta skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni til viðbótar gjaldi því, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949. Skal gjald þetta nema kr. 1.16 af hverjum lítra, þar af skulu 14 aurar renna í brúarsjóð og 14 aurar í sérstakan sjóð, sem varið skal til þess að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.

Hækkun þessi tekur til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi. Undanþegnir hækkuninni skulu þó 300 litrar hjá hverjum eiganda.

Innheimtumenn ríkissjóðs innheimta gjald þetta ásamt innflutningsgjaldi því, er um ræðir í lögum nr. 68/1949, og skal um endurgreiðslu gjalds af því benzíni, sem sönnur eru færðar á að sé notað til annars en bifreiða, fylgt sömu reglum og á hverjum tíma er farið eftir um innflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 68/1949.

#### 18. gr.

Tekjur af útflutningsgjaldi á sjávarafurðum (sbr. 1. gr. laga nr. 66/1957 og e-lið bráðabirgðaákvæða þessara laga) skulu frá ársbyrjun 1960 skiptast þannig milli eftirtalinna aðila: Til Fiskveiðasjóðs Íslands 80%, til Fiskimálasjóðs 13%, til haf- og fiskirannsóknarskips, er ríkisstjórnin lætur byggja í samráði við fiskideild Atvinnudeildar Háskóla Íslands, 3%, til rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins 2,25%, til Landssambands ísl. útvegsmanna 1,75%.

#### 19. gr.

Vitagjald skipa, sem aðeins eru höfð til innanlandssiglinga eða gerð eru út til veiða af landsmönnum, samkvæmt lögum nr. 17/1911, skal á árinu 1960 innheimt með 100% viðauka. Frá ársbyrjun 1961 skal gjald þetta innheimt með 300% viðauka.

Vitagjald skipa í millilandasiglingum samkvæmt sömu lögum skal frá gildistöku laga þessara innheimt með 300% viðauka.

Vitagjald skemmtiferðaskipa samkvæmt sömu lögum skal frá gildistöku þessara laga innheimt með 200% viðauka.

Heimilt er að hækka taxa toll- og sóttvarnarfarartækja.

## 20. gr.

4

Lestagjald af skipum samkvæmt lögum nr. 10/1946 skal frá ársbyrjun 1961 innheimt með 500% viðauka. 20. febr.

## 21. gr.

Gjöld samkvæmt eftirtöldum ákvæðum laga nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs, skulu frá gildistökudegi þessara laga innheimt með 50% viðauka: I. og VII. kafla, 4. gr., 12. gr., 15.—19. gr., 22. gr., 24.—26. gr., nr. 1—11 í 32. gr. og 35.—37. gr. Afgreiðslugjald skipa, sem koma frá útlöndum, samkvæmt 33. og 34. gr. sömu laga, skal frá sama tíma innheimt með 100% viðauka.

## 22. gr.

Af vélum, sem settar eru í íslensk skip erlendis, skal greiða jafnhá aðflutningsgjöld og af sams konar innfluttum vélum, enda sé eigi um nýbyggingu skips að ræða.

## III. KAFLI

## 23. gr.

Óheimilt er að ákveða, að kaup, laun, þóknun, ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf skuli fylgja breytingum vísitölu á einn eða annan hátt. Tekur þetta til kjarasamninga stéttarféлага og til allra annarra ráðningar- og verksamninga, svo og til launareglugerða og launasamþykktu allra stofnana og fyrirtækja. Ákvæði í samningum um kaup og kjör, gerðum fyrir gildistöku laganna, um greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt vísitölu, verða ógild, er lög þessi taka gildi, og sama gildir um sams konar ákvæði í launareglugerðum og launasamþykktum stofnana og fyrirtækja.

Nú er þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. ákveðið í samningi stéttarféлага eftir gildistöku þessara laga, að greidd skuli verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, og er þá slíkt ákvæði ógilt og hlutaðeigandi vinnuveitendum er óheimilt að fylgja því.

## 24. gr.

Frá 1. apríl 1960 er heimilt að hækka mjólkurverð til framleiðenda í hlutfalli við hækkun þá á kostnaðarhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara 1959—60, sem leiðir af ákvæðum þessara laga. Við ákvörðun þess, hve mikil þessi hækkun sé og hvenær hún skuli koma til framkvæmda að því er snertir einstaka kostnaðarliði í verðlagsgrundvellingum, skal fylgja ákvæðum 2. og 3. málslíðs 1. málsgr. 6. gr. laga nr. 68/1959.

## 25. gr.

Þar til nýir samningar hafa verið gerðir milli bátasjómannanna annars vegar og útvegsmanna hins vegar um skiptaverð til bátasjómannanna á þorskveiðum, skal miða aflahluti við það skiptaverð, sem í gildi var í febrúarmánuði 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa. Jafnframt skal við útreikning á aflahlutum eftir gildistöku laga þessara reikna þá liði, sem greiðast af óskiptu samkvæmt gildandi samningum við upphaf yfirstandandi vetrarvertíðar, á því verðlagi, sem var fyrir gildistöku laganna.

## 26. gr.

Þar til nýir samningar hafa verið gerðir um aflaverðlaun togarasjómannanna milli þeirra annars vegar og togaraútgerðarmanna hins vegar, skal miða við það fiskverð, sem í gildi var í febrúarmánuði 1959, sbr. 9. gr. laga nr. 1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa.

4

20. febr.

## 27. gr.

Verðlagsyfirvöld skulu þegar eftir gildistöku þessara laga setja nýjar reglur um álagningu í heildsölu og smásölu á innfluttum vörum, er miðist við það, að álagning í krónum hækki ekki nema sem svarar beinni hækkun dreifingarkostnaðar vegna ákvæða þessara laga. Hækkun á verði innlendra iðnaðarvara og hvers konar þjónustu vegna ákvæða þessara laga má ekki eiga sér stað, nema með samþykki verðlagsyfirvalda, og hún má ekki vera meiri en svarar þeirri hækkun tilkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum laganna. Sama gildir um aksturstafta vörubifreiða, fólksbifreiða og sendiferðabifreiða og um flutningsgjöld skipa og flugvéla.

Bannað er að hækka verð á birgðum innfluttra vara, sem greiddar hafa verið á eldra gengi, og sama gildir um verð á birgðum iðnaðarvara, sem framleiddar eru úr efni, sem greitt hefur verið á eldra gengi. Til birgða teljast í þessu sambandi vörur greiddar á eldra gengi, sem ekki eru komnar í hendur innflytjenda.

## 28. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri verði á vöru og þjónustu.

## IV. KAFLI

## 29. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán úr Evrópusjóðnum, samkvæmt Gjaldeyris-samningi Evrópu, allt að 12 millj. dollara eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldeyri. Jafnóðum og notað er fé af slíku láni eða lánnum, skal krónuandvirði þess lagt á sérstakan reikning í Seðlabankanum. Eigi má nota fé á þessum reikningi til annars en til endurgreiðslu láns úr Evrópusjóðnum.

## 30. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 1.5 millj. dollara í 11.25 millj. dollara, og á kvóta Íslands hjá Alþjóðabankanum úr 2.0 millj. dollara í 15.0 millj. dollara. Til þess að standa straum af framlögum Íslands til þessara stofnana heimilast ríkisstjórninni að taka lán hjá Seðlabankanum, er jafngildi samtals allt að 11.05 millj. dollara.

## V. KAFLI

## 31. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lögum nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og skulu þau gefin út á ný með áorðnum breytingum, þegar þessi lög hafa öðlzt gildi.

## 1. gr. laganna orðist svo:

Þegar samið er um vexti af skuld, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera jafnháir vöxtum af almennum sparifjárreikningum hjá bönkum og sparisjóðum.

## 2. gr. laganna orðist svo:

Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða með handveði, er heimilt að taka af henni ársvexti, sem séu jafnháir þeim vöxtum, er stjórn Seðlabankans leyfir bönkum og sparisjóðum að taka hæsta fyrir þannig tryggð lán á þeim tíma, er til skuldar er stofnað, sbr. 16. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands, eða breytilegir í samræmi við þá vexti.

## 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að áskilja ársvexti af öðrum skuldum en þeim, er greinir í 2. gr., jafnháa og almennir útlánsvextir eru hæstir á þeim tíma, sem til skuldar er stofnað, hjá

bönkum og sparisjóðum, sbr. 16. gr. laga nr. 63/1957, eða breytilega í samræmi við 4  
þá vexti.

20. febr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75/1952, um breyting á lögum um  
bann við okri, dráttarvexti o. fl., nr. 73/1933.

### 32. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnu áliti stjórnar Seðlabankans og stjórnar  
viðkomandi sjóðs eða stofnunar, að kveða á um vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá  
eftirlifarandi aðilum: Fiskveiðasjóði, sbr. lög nr. 40/1955. Stofnlánadeild sjávarút-  
vegsins, sbr. lög nr. 41/1946. Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði, sbr. lög  
nr. 48/1957. Byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), sbr. lög nr. 42/1957.  
Byggingarsjóði verkamanna, sbr. lög nr. 36/1952. Raforkusjóði, sbr. lög nr. 12/1946  
og lög nr. 58/1949.

### 33. gr.

Ákvæði 2. málsg. 16. gr. laga nr. 63/1957 skulu ná til innlánsdeilda kaupfélaga  
og Söfnunarsjóðs Íslands á sama hátt og til banka og sparisjóða.

## VI. KAFLI

### 34. gr.

Ríkisstjórnin í heild fer með framkvæmd þessara laga.

### 35. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja, með reglugerðum eða á annan hátt, nánari  
fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

### 36. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og reglugerðum og öðrum fyrirmælum, sem sett  
kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 500000 kr., nema þyngri refs-  
ing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra  
hegningarlaga skal vera heimil.

### 37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 22/1950,  
um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og 3.  
gr. laga nr. 105/1951, um breyting á þeim lögum. Enn fremur 30. gr. laga nr. 100/1948,  
um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, eins og hún varð með breytingu í 5.  
gr. laga nr. 112/1950. Enn fremur falla úr gildi lög nr. 33/1958, um útflutningssjóð  
o. fl., þó ekki VIII. kafla laganna. Þá falla og úr gildi eftirtalin ákvæði í lögum nr.  
1/1959, um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.: 6. gr., fyrri málsg. 8. gr. og 3. máls-  
liður 1. málsg. 9. gr. Þá er og felld úr gildi 2. gr. laga nr. 66/1957, um útflutnings-  
gjald af sjávarafurðum, a-liður 1. gr. og a-liður 3. gr. laga nr. 67/1959, um bráðabirgða-  
breyting og framlenging nokkurra laga, 2. málsg. 2. gr. laga nr. 34/1959, um heimild  
handa ríkisstjórninni til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi  
Evrópu, og lög nr. 75/1952 (sbr. síðustu málsg. 31. gr.). Loks eru felld úr gildi öll  
önnur lagaákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

## VII. KAFLI

### Bráðabirgðaákvæði.

a. Útflutningssjóður skal starfa áfram fyrst um sinn vegna skuldbindinga sjóðsins  
samkvæmt lögum nr. 33/1958, en er meginhlutverki hans er lokið að dómi ríkis-

- 4  
20. febr. stjórnarinnar, skal stjórn sjóðsins og skrifstofa lögð niður og Seðlabankanum falið að annast endanleg reikningsskil útflutningssjóðs.
- b. Á útfluttar vörur framleiddar á tímabilinu frá 15. maí 1958 og til 15. febrúar 1960 að þeim degi meðtöldum skal greiða bætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Á útfluttar vörur framleiddar fyrir 15. maí 1958 skal greiða bætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum 12.—17. gr. sömu laga. Á útfluttar landbúnaðarvörur framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 skal þó greiða bætur samkvæmt 2. málsg. 9. laga laga nr. 68/1959, um viðauka við lög nr. 94/1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.
- c. Á erlendan gjaldeyri til greiðslu á þjónustu, sem innt var af hendi fyrir 16. febrúar 1960, skal greiða yfirfærslubætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl.
- d. Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar vörur, sem framleiddar voru fyrir 16. febrúar 1960, skal hann greiddur útflytjanda á því gengi, er gildi áður en hið nýja gengi samkvæmt 1. gr. kom til framkvæmda. Mismunur andvirðis skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirðis hans á nýju gengi skal færður til tekna á reikningi útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum. Sama hátt skal hafa á við kaup á gjaldeyri fyrir þjónustu, er um ræðir í c-lið þessara bráðabirgðaákvæða.
- e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 66/1957 á sjávarafurðum framleiddum fyrir 16. febrúar 1960 skal innheimt með 65% viðauka og miðað við fob-verð vara reiknað á eldra gengi, sbr. ákvæði 2. málslíðs 1. málsg. 8. gr. og ákvæði 18. gr. Eftirtalin gjöld á útfluttum vörum framleiddum fyrir 16. febrúar 1960 skulu miðuð við fob-verð reiknað á eldra gengi: 1% útflutningsleyfisgjald samkvæmt reglugerð nr. 109/1948, hlutatryggingssjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 48/1949, 2% gjald af saltsild til Sildarútvegsnefndar samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 132/1952.
- f. Við yfirfærslu á launum erlendra ríkisborgara fyrir störf unnin fyrir 16. febrúar 1960 skal skulda reikning útflutningssjóðs hjá Seðlabankanum fyrir þeim hluta krónuandvirðis hvernar yfirfærslu sem svarar hækkun erlends gjaldeyrisgengis samkvæmt þessum lögum umfram 55%. Umsóknir um yfirfærslu vinnulauna samkvæmt þessu skulu hafa borizt fyrir lok marz mánaðar 1960. Eftir þann tíma skal ekki veita nein gjaldeyrisleyfi fyrir yfirfærslu vinnulauna samkvæmt þessum ákvæðum.
- g. Á greiðslur fyrir annað en útfluttar vörur eða þjónustu, sem íslenskur banki hefur fengið tilkynningu um frá erlendum banka fyrir 16. febrúar 1960, skal greiða yfirfærslubætur úr útflutningssjóði samkvæmt ákvæðum 22. gr. laga nr. 33/1958, um útflutningssjóð o. fl. Við kaup á slíkum gjaldeyri gilda á hliðstæðan hátt ákvæði 1. og 2. málslíðs d-liðs þessara bráðabirgðaákvæða.
- Ákvæði þetta gildir þó ekki um greiðslur samkvæmt 3. gr. laganna.

*Gjört að Bessastöðum, 20. febrúar 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**L Ö G**

um framlenging á gildi laga nr. 66 1959, um bráðabirgðafjárgreiðslur  
úr ríkissjóði á árinu 1960.

**5**

29. febr.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 66 1959, um bráðabirgða-  
fjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1960, skal gilda til marzloka 1960.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 29. febrúar 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Gunnar Thoroddsen.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

**6**

3. marz

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygg-  
inganna á árinu 1960, samkvæmt 24. og 25. grein laganna, þar til fjárlög fyrir árið  
1960 hafa verið sett.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 3. marz 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*



7

11. marz

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist ný málsgrein, er orðist svo:  
 Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. laganna getur ráðherra heimilað Ólafsvikurhreppi að framkvæma fyrir febrúarlok 1960 aðalniðurjöfnun útsvara, sem fram átti að fara árið 1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. marz 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

8

11. marz

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

## FORSETI ÍSLANDS

Nú telur framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsg. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

Nú telur framleiðsluráð rétt að breyta söluverði landbúnaðarvöru til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til með-

ferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar **15** samkvæmt 3. málsg. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu 6. apríl þess.

#### 7. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 10. gr.), svo hljóðandi:

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. september, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim mun hærra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim auka-kostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garð-ávaxta, sem koma á markað fyrir 15. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti sem framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveða sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði, samkvæmt 1. og 2. málsg. þessarar gr., skal það án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsg. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

#### 8. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 11. gr.), svo hljóðandi:

Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

#### 9. gr.

Á eftir 8. gr. laganna komi ný gr. (verður 12. gr.), svo hljóðandi:

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsárs, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. málsg. þessarar gr.

#### 10. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa stráum af kostnaði við öflun gagna, sem það leggur fyrir sex manna nefnd.

#### 11. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella meginmál þeirra, ásamt 3. gr. laga nr. 116 27. nóv. 1947, 1.—2. og 4.—6. gr. laga nr. 40 4. apríl 1956, inn í lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og gefa þau út svo breytt.

#### 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1. og 2. gr. laga nr. 116 27. nóv. 1947 og 3. gr. laga nr. 40 4. apríl 1956.

15

## Ákvæði til bráðabirgða.

6. apríl Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara fyrir verðlagsárið 1. september 1959—31. ágúst 1960 skal ákveðinn eftir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði 1. og 3. málsg. 3. gr. þessara laga. Jafnframt skal ákveða söluverð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsg. 3. gr. þessara laga.

*Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Ingólfur Jónsson.*

16

22. jan.

## AUGLÝSING

um framlengingu viðskipta- og greiðslusamnings  
Íslands og Ungverjalands.

Hinn 31. desember 1959 var viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ungverjalands frá 6. marz 1953 (Stj.tíð. A. 53/1953) framlengdur óbreyttur til ársloka 1960. Samningurinn var framlengdur með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ungverjalands í Moskva.

*Utanríkisráðuneytið, 22. janúar 1960.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

---

*Páll Ásg. Tryggvason.*

## L Ö G

17

9. apríl

## um lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Stofnaður skal sjóður, er ber nafnið **lánasjóður íslenzkra námsmanna erlendis**. Skal sjóðnum varið til að veita námslán íslenzkum stúdentum og öðrum námsmönnum við nám erlendis skv. ákvæðum þessara laga.

Menntamálaráð Íslands fer með stjórn sjóðsins.

## 2. gr.

Lán úr sjóðnum skulu aðeins veitt íslenzkum stúdentum eða öðrum námsmönnum við nám erlendis skv. reglum, sem sjóðsstjórnin setur, en þurfa samþykki menntamálaráðherra. Þessar reglur skal endurskoða árlega.

Hver námsmaður skv. 1. mgr. þessarar gr. skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán einu sinni á ári meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Lántakandi skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% ársvöxtum á 10 árum. Vaxtagreiðslur og afborganir hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef stúdent hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Til tryggingar lánnum þessum skulu lánþegar samþykkja skuldabréf og setja frekari tryggingu, ef hægt er, skv. ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

Bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum skal sjóðsstjórnin fela opinberri stofnun, en sér að öðru leyti sjálf um daglegan rekstur sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð, þar sem frekar er kveðið á um starfsemi sjóðsins.

## 3. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til að minnsta kosti 3 250 þús. kr. Afborganir af námslánnum menntamálaráðs, sem veitt voru árin 1952—1959 og vextir af þeim renna einnig í sjóðinn.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 9. apríl 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*



18

12. apríl

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 36 1958 og lögum nr. 40 1959, um breyting á þeim lögum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

6. gr. laga nr. 46/1954 I. töluliður orðist svo:

I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., reiknast þannig:

Enginn skattur greiðist af hreinum tekjum einstaklinga undir 50 þús. kr., hjóna, sem skattlögð eru sameiginlega, undir 70 þús. kr., og hjóna, sem telja fram sitt í hvoru lagi, undir 35 þús. kr. hjá hvoru.

Af fyrstu 10 000 kr. skattgjaldstekna greiðist .....	5 %
— 10 000— 30 000 kr. greiðist	500 kr. af 10 000 kr. og 10 % af afgangi
— 30 000— 50 000 — —	2 500 — — 30 000 — — 15 % — —
— 50 000— 70 000 — —	5 500 — — 50 000 — — 20 % — —
— 70 000— 90 000 — —	9 500 — — 70 000 — — 25 % — —
— 90 000 kr. og þar yfir	14 500 — — 90 000 — — 30 % — —

Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

## 2. gr.

10. gr. laga nr. 46/1954 breytist þannig:

a-liður, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1959, fellur niður og breytast greinarliðir samkvæmt því.

k-liður (verður j-liður), síðasti málsliður 2. málsgr., sbr. lög nr. 36/1958, 4. gr. b., orðist þannig:

Aldrei kemur þó hærrí upphæð til frádráttar en 15 000 kr.

k-liður (sem verður j-liður) 3. mgr., sbr. lög nr. 36/1958, 4. gr. b., orðist þannig:

Ef einstæðir foreldrar eða aðrir einstaklingar halda heimili og framfæra þar skylduómaga sína, mega þeir draga frá skattskyldum tekjum upphæð, er nemur 10 þús. kr. að viðbættum kr. 2000.00 fyrir hvert barn.

l-liður (verður k-liður) orðist svo:

Kostnaður við stofnun heimilis skal dreginn frá tekjum hjóna á því ári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema kr. 20 000.00. Telji hjónin fram til skatts sitt í hvoru lagi, skiptist frádrátturinn jafnt milli þeirra.

## 3. gr.

11. gr. laga nr. 46/1954 breytist þannig:

2. másl. 2. málsgr. orðist svo:

Séu tekjurnar meiri en 10 þús. kr., er þó heimilt, að þau séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

4. málsgr., sbr. lög nr. 36/1958, 5. gr. b., orðist svo:

Nú aflar kona skattskyldra tekna með vinnu sinni utan fyrirtækis, er hjónin, annaðhvort eða bæði, eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti, og hagfelldara er fyrir hjónin, að þær tekjur séu sérstaklega skattlagðar en að frádrátturinn, sem j-liður 10. gr. heimilar, gildi um þær, og geta hjónin þá krafizt

þess, að skattgjald verði lagt á þau sitt í hvoru lagi samkvæmt 6. gr. Ómagafrá- 18  
dráttur allur skiptist þá til helminga milli hjónanna. Annar frádráttur en persónu- 12. apríl  
leg gjöld konunnar telst við útreikninginn hjá eiginmanninum.

#### 4. gr.

12. gr. laga nr. 46/1954 orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, má draga 10 þús. kr. fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpborn, kjörborn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skyldumaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn, en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

Frá tekjum þeirra, sem eru í foreldrahúsum á framfæri eða við nám og enga atvinnu hafa, skal draga það, sem útheimtis þeim til framfæris eða menningar.

Að loknum frádrætti samkvæmt þessari grein skal sleppa því, sem afgangsverður, þegar tekjuhæðinni er deilt með 50. Af þeirri tekjuupphæð, sem þá er eftir, greiðist skatturinn, og miðast hann við skattgjaldið samkvæmt 6. gr.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1959.

*Gjört í Reykjavík, 12. apríl 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

19

13. apríl

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkissjóður greiðir  $\frac{1}{2}$  hluta söluskatts, sem innheimtur er til ríkissjóðs, sbr. lög nr. 10 1960, um söluskatt, 1. gr. 1. tl., svo og bráðabirgðaákvæði sömu laga, a-lið, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þó eigi lægri fjárhæð en 56 millj. króna á ári.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum ársfjórðungslega eftir á.

#### 2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs samkv. 1. gr. skal úthlutað til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 50% af niðurfjöfnuðum útsvörum s. l. ár, sbr. þó 3. gr. d.

- 19 Fé því, sem ekki verður úthlutað, vegna ákvæða 1. mgr. þessarar greinar, um  
 13. apríl 50% hámarkið, skal varið til þess að greiða kostnað, sem fellur á Jöfnunarsjóð, samkv. ákvæðum 3. gr. laga þessara.

## 3. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs er:

- a. Úthlutun samkvæmt 2. gr.
- b. Að greiða fram úr fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga samkv. III. kafla laga nr. 90 14. maí 1940, um eftirlit með sveitarfélögum.
- c. Að leggja út greiðslur þær á milli sveitarfélaga, sem ríkissjóður ber ábyrgð á samkvæmt framfærslulögunum, þar til þær hafa verið endurgreiddar af því sveitarfélagi, sem þær hafa verið inntar af hendi fyrir.
- d. Að greiða aukaframlag til þeirra sveitarfélaga, sem ekki fá nægileg útsvör á lögð samkv. lögum um útsvör.
- e. Að styrkja, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarmálefna og samstarf sveitarfélaga.

## 4. gr.

Framlag Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, samkv. 2. gr., skal greitt þrisvar sinnum á ári, fyrir 15. júlí, 15. október og 15. janúar.

Nú kemst sveitarfélag eftir setningu laga þessara í vanskil með greiðslur vegna veittra ríkisábyrgða, og er ráðuneytinu þá heimilt að inna slíkar greiðslur af hendi af framlagi til sveitarfélagsins, eftir því sem til vinnst.

## 5. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal hlutast til um ýtarlega rannsókn á fjárreiðum sveitarfélags, sem þarfnast aukaframlags samkv. 3. gr. d.

Slíkt aukaframlag skal eigi veita fyrr en að lokinni rannsókn og eftir að teknar hafa verið til greina þær aðfinnslur, sem rannsóknin hefur gefið tilefni til.

Jafnan er ráðuneytinu heimilt að ákveða, að sveitarfélag, sem hlotið hefur aukaframlag samkv. 3. gr. d., skuli sett undir eftirlit, samkv. IV. kafla laga nr. 90/1940.

Um greiðslu aukaframlags gildir ákvæði 2. mgr. 4. gr.

## 6. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs, sem vera skal í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans, úthlutun framlaga samkv. 2. gr., allar greiðslur samkv. 3. gr. svo og allar afgreiðslur á vegum sjóðsins.

## 7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtað í tryggri lánsstofnun.

## 8. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

## 9. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins.

## 10. gr.

19

13. apríl

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin ákvæði II. kafla laga nr. 67 12. apríl 1945, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og VII. kafli framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, um jöfnun framfærslukostnaðar.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Við úthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði á árinu 1960, samkv. 2. gr. laganna, skal miða hámark framlagsins við niðurjöfnuð útsvör á árinu 1959, og má framlagið eigi vera meira en 35% af álögðum útsvörum 1959.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

20

21. apríl

um breyting á lögum nr. 18 21. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 1. efnismálsgr. 2. gr. laganna bætist:

Enn fremur er biskupi heimilt að ráða prestvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstarfsemi í söfnuðum landsins.

2. og 3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestar þessir skulu hafa sömu laun og sóknarprestar, en ferðakostnaður milli prestakalla skal greiddur úr rikissjóði, svo og húsaleiga ferðaprests þar, sem hann er settur til þjónustu, enda fái hann ekki afnot af embættisbústað prestakallsins. Kostnaður greiðist samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. apríl 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

21

25. apríl

## AUGLÝSING

**um samkomulag milli Íslands og Sovétríkjanna um gagnkvæma  
niðurfellingu gjalda fyrir ræðismannsstörf.**

Með erindaskiptum, dags. 14. marz 1960, milli utanríkisráðuneytisins og sendiráðs Sovétríkjanna í Reykjavík var gert samkomulag um að fella niður gjöld fyrir störf, sem unnin eru af ræðismönnum ríkjanna. Samkomulagið er ótímabundið, en hvor aðili getur sagt því upp einhliða með þriggja mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 25. apríl 1960.*

**Emil Jónsson.**

---

*Páll Ásg. Tryggvason.*

## L Ö G

22

10. maí

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum oddamann. Þó skal Vestmannaeyjakaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Andvirði landsins skal Vestmannaeyjakaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við því sama verði hlutfallslega og Vestmannaeyjakaupstað var gert að greiða fyrir landið.

## 2. gr.

Þeir, sem öðlzt hafa réttindi eða ítök í landi því, sem um getur í 1. gr., annaðhvort með samningi eða á annan löglegan hátt, skulu halda óskertum rétti sínum, þar til samningurinn er útrunninn eða rétturinn með öðru móti niður fallinn. Þó skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar heimilt að taka eignarnámi lóðar- eða erfðafesturéttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

23

12. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 29 frá 9. maí 1955, um breyting á jarðræktarlögum nr. 45 17. maí 1950.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Töluliður 2 í 3. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Fyrir orðin „til ársloka 1960“ í 3. málsg. 6. gr. laganna komi: til ársloka 1964.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar og koma til framkvæmda við úttekt jarðabóta vorið 1960.

*Gjört í Reykjavík, 12. maí 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

24

14. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir a-lið 2. mgr. 8. gr. laganna komi nýr stafliður, sem verði b-liður, svo hljóðandi (liðatalan breytist skv. því):

Ef hann hefur rekið síldarverkun og verzlun með síldarafurðir utan heimilisveitar, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

2. gr.

a. Í stað „8. gr., a—c-liðir“ í a-lið 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laganna komi: 8. gr., a—d-liðir.

b. Orðin „síldar kaup, síldarsala, síldarverkun“ í c-lið 1. tölul. 9. gr. falli niður.

*Gjört að Bessastöðum, 14. maí 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

25

14. maí

um breyting á lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef fjárhagur sjóðsins leyfir, er enn fremur heimilt að veita framangreindum aðilum lán úr sjóðnum með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 14. maí 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

26

14. maí

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. mgr. 63. gr. orðist svo:

Á vegum skulu ríðandi menn halda sig á vinstri hluta vegarins. Þeim ber að víkja greiðlega til vinstri fyrir þeim, sem á móti koma, en hleypa fram fyrir sig á hægri hönd þeim, sem fram fyrir vilja fara.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 14. maí 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*

A 19<sup>a</sup>



27

21. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað 1. málsg. 2. gr. laganna komi fjórar nýjar málsgreinar, svo hljóðandi: Þeir eiga rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og að heita lækna, er lokið hafa prófi við Háskóla Íslands og framhaldsnámi í sjúkrahúsi í fæðingarhjálp og öðru, eftir reglum, sem læknaeild háskólans setur og ráðherra staðfestir.

Framhaldsnámi þessu skal lokið hér á landi eða erlendis við sjúkrahús, sem fullnægir skilyrðum til þess að dómi heilbrigðisstjórnar, að fengnum tillögum læknaeildar háskólans.

Kandidatar skulu við framhaldsnámið hafa almenn lögkjör opinberra starfsmanna. Þeir skulu taka hámarkslaun samkvæmt 8. fl. launalaga.

Þeir einir geta hlotið lækningaleyfi, sem eru íslenzkir ríkisborgarar og hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, hafa ekki verið sviptir lækningaleyfi samkvæmt lögum þessum, enda mæli læknaeildin og landlæknir með leyfisveitingunni.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. maí 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

28

23. maí

## L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Villum Aage, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 20. júlí 1924.
2. Anna Pálína Jónsdóttir, húsmóðir, Sauðhúsum í Dalasýslu, f. í Færeyjum 14. okt. 1929.
3. Berg, Malena Eline, húsmóðir á Fáskrúðsfirði, f. 30. sept. 1921 í Færeyjum.
4. Boeskov, Johanne Cecilie, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd á Íslandi 12. júlí 1932.
5. Buhl, Kristian, fjósameistari á Akureyri, f. í Danmörku 13. júní 1930.

6. Carlsen, Emma Guðrún, húsmóðir á Selfossi, fædd á Íslandi 16. okt. 1922. **28**
7. Christensen, Henning, mjólkurfræðingur í Reykjavík, f. í Danmörku 22. apríl 23. maí 1926.
8. Ferrua, Walter Teresio Ernesto, iðnverkamaður í Reykjavík, f. á Ítalíu 19. ágúst 1933.
9. Gill, Frieda Emma, f. Ullrich, starfsstúlka á Þorsteinsstöðum í Skagafjarðarsýslu, f. 31. maí 1927 í Þýzkalandi.
10. Grünwald, Liesbeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 24. okt. 1913.
11. Guðni Erlendsson, barn í Reykjavík, fæddur í Svíþjóð 29. ágúst 1950.
12. Hansen, Verner Jakob, blikksmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 30. júní 1921.
13. Hautopp, Jörgen Rosleff, járnsmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 26. marz 1934.
14. Henschel, Jutta Wilhelmine, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Þýzkalandi 4. des. 1929.
15. Herrmann, Maria Erdmuthe, barnakennari í Selvogi, f. í Þýzkalandi 23. des. 1937.
16. v. Hoof, Allegunda, karmelnunna í Hafnarfirði, f. í Hollandi 27. febr. 1912.
17. Högnaberg, Peder Jakob, sjómaður í Keflavík, f. í Færeyjum 24. des. 1930.
18. Jacobsen, Sonja Johanna, húsmóðir, Þingholti, Búðum, Fáskrúðsfirði, f. í Færeyjum 3. okt. 1933.
19. Jensen, Christian Frederik, garðyrkjumaður í Hveragerði, f. í Danmörku 2. maí 1920.
20. Koepen, Erwin, hljóðfæraleikari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 12. febr. 1925.
21. Kudrawzew, Alvine, ekkja í Reykjavík, f. í Lettlandi 26. marz 1890. (Fær réttinn 21. ágúst 1960).
22. Kummer, Erling Reinhold, verkamaður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 18. júní 1937.
23. Langfeldt, Hedwig Ella Adelheid, húsmóðir að Nesi í Selvogi, fædd í Þýzkalandi 23. sept. 1923.
24. Lervik, Magnar Kristoffer, matreiðslumaður, Galtafelli, Hrunamannahreppi, Árnessýslu, f. í Noregi 10. jan. 1916.
25. Lindner, Friedrich Franz, húsgagnabólstrari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 14. sept. 1919.
26. Linke, Anni Karoline Wilhelmine, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 25. des. 1923.
27. Nielsen, Svend Erik Christian, málari í Reykjavík, f. í Danmörku 21. júlí 1915.
28. Pedersen, Hans Peter, iðnverkamaður á Akureyri, f. í Danmörku 12. des. 1908.
29. Schulz, Elisabeth Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. nóv. 1914.
30. Schwüchow, Werner Eric Hans, verkamaður á Seltjarnarnesi, f. í Þýzkalandi 25. jan. 1932.
31. Schöttke, Hedwig Erna, starfsstúlka í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. marz 1915.
32. Simmers, Johannes Arnoldus, garðyrkjumaður í Sandgerði, f. í Hollandi 11. marz 1898.
33. Sólveig María Björnsdóttir, Borgarnesi, fædd á Íslandi 9. des. 1927.
34. Spitta, Jörg, sútari á Akureyri, fæddur í Þýzkalandi 30. nóv. 1936.
35. Splidt, Jens Albert, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 22. júlí 1922.
36. Splidt, Olna Maria Ketty, f. Hentze, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 3. okt. 1929.
37. Vågenes, Sigrid Haldis Áneland, húsmóðir í Hafnarfirði, fædd í Noregi 25. jan. 1931. (Fær réttinn 25. maí 1960).
38. Vigö, Sigrid Dagmar, skrifstofustúlka í Reykjavík, fædd í Danmörku 27. júlí 1936.
39. Wagner, Ilse Inge, húsmóðir, Írafossi í Árnessýslu, f. í Þýzkalandi 24. marz 1930.
40. Walker, Donald Nutter, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Englandi 22. maí 1933.

- 28** 41. Whiles, Margaret Lilja, barn í Reykjavík, fædd í Bandaríkjum Norður-  
 23. maí Ameríku 28. ágúst 1954.  
 42. Wirkner, Christa Ingeburg, húsmóðir í Keflavík, f. í Þýzkalandi 22. des. 1929.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgara-  
 rétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um  
 mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*

**29**

23. maí

## L Ö G

**um eignarnámsheild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu  
 Preststúni í Húsavíkurlandi.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
 þykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að taka eignarnámi svokallað Preststún í  
 Húsavíkurlandi. Andvirði túnsins verði óskilorðsbundin eign Húsavíkurkirkju.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

30

25. maí

## um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## 1. gr.

Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls, nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða í reglugerð, sem ríkisstjórninni er heimilt að gefa út samkvæmt þessum lögum, að höfðu samráði við Landsbanka Íslands, Seðlabankann. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrisölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

## 2. gr.

Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjaldeyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Skulu bankarnir gefa ríkisstjórninni skýrslur um þessa úthlutun, eftir því sem hún ákveður. Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.

## 3. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi.

Bankarnir mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af höndum aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.

## 4. gr.

Allur erlendur gjaldeyrir, sem hérlendir aðilar eiga eða eignast fyrir vörur, þjónustu eða á annan hátt, skal seldur Landsbanka Íslands, Seðlabankanum, eða öðrum bönkum, sem hafa heimild til að verzla með erlendan gjaldeyri, án óeðlilegs dráttar, samkvæmt nánari reglum, sem settar verða með reglugerð. Þó geta þeir aðilar, sem um getur í 2. gr., veitt undanþágu frá þessari reglu.

## 5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð takmarkanir á útflutning og innflutning íslenskra peningaseðla, skiptimyntar, skuldabréfa og hvers konar skuldbindinga, sem hljóða um greiðslu í íslenskum gjaldeyri. Sama máli gildir um erlenda seðla og skiptimynt.

## 6. gr.

Landsbanki Íslands, Seðlabankinn, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til gjaldeyrisbankanna og að erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlazt. Einnig ber honum að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka.

**30** Hlutaðeigandi aðilum er skylt að gera Seðlabankanum fullnægjandi grein fyrir  
25. maí gjaldeyrisviðskiptum sínum og veita honum nauðsynlegar upplýsingar í því sam-  
bandi.

#### 7. gr.

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Til lána telst í þessu sambandi einnig hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu til lengri tíma en eins árs. Erlend lán til skemmri tíma en eins árs, þar með talinn hvers konar greiðslufrestur á vörum og þjónustu, skulu háð reglum, sem ríkisstjórnin setur.

### II. KAFLI

#### 8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar.

Samráð skal hafa við Landsbanka Íslands, Seðlabankann, um veitingu leyfa til útflutnings, er greiðist í jafnkeypsigjaldeyri, ef sá útflutningur er umfram þær upphæðir, sem gildandi viðskiptasamningar við hlutaðeigandi jafnkeypsilönd gera ráð fyrir.

Útflutningsleyfi getur ríkisstjórnin bundið skilyrðum, sem nauðsynleg þykja, þar á meðal um verðjöfnun innbyrðis við sölu vöru sömu tegundar og gæða á aðgreindum mörkuðum, og að hver framleiðandi skuli bera fjárhagslega ábyrgð á vöru sinni vegna galla.

Útflytjendur eru skyldir að veita ríkisstjórninni þær upplýsingar, sem hún óskar, um allt, er varðar sölu og útflutning vara, sem seljast eiga til útlanda.

### III. KAFLI

#### 9. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Þá skal bankinn semja skýrslur um fjárfestingu í landinu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast í þessu sambandi.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Framkvæmdabanka Íslands eða öðrum aðila, sem ríkisstjórnin ákveður, skýrslu, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingarframkvæmdir í umdæmi þeirra. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

### IV. KAFLI

#### 10. gr.

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu skal allt að helmingur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti skal því varið til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið.

#### 11. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga, um opinbera starfsmenn, að skýra

óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. **30**

25. maí

## 12. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þús. krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

## 13. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem reglugerð sú, sem um getur í 1. gr., er gefin út. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42 5. apríl 1948, um útflutning og innflutning á íslenskum og erlendum gjaldeyri, lög nr. 33 8. marz 1951, um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla, lög nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., lög nr. 10 18. febr. 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, lög nr. 20 13. apríl 1957, um sölu og útflutning sjávarafurða o. fl., og 4. gr. laga nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrisjóðs og alþjóðabanka samkvæmt tillögu Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldeyris- og innflutningsleyfi, svo og útflutningsleyfi, sem í gildi eru, þegar lög þessi taka gildi, skulu haldast. Þó skal heimilt að ákveða, að þau skuli afhendast til skrásetningar.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, þar til endurskoðun tollskrár er lokið, að lækka aðflutningsgjöld af efnivörum til skógerðar, ef viðtakandi vörunnar rekur skógerð og staðfestir í aðflutningsskýrslu, að efnivaran verði einungis notuð til framleiðslunnar.

Á árunum 1960 og 1961 skal hámarkstala þeirra bifreiða, sem lækka má aðflutningsgjöld af samkvæmt v-lið 3. gr. laga nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl., vera 150 hvort árið (sbr. 2. gr. laga nr. 27 29. maí 1957).

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Gylfi Þ. Gíslason.*

## L Ö G

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 1. másl. 2. mgr. 10. gr. laganna bætist nýr másl.:

Ráðherra getur þó ákveðið, að sama skuli gilda um sjúkrahús, sem er sérstaklega vel búið að tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hefur fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá.

## 2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almenn sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag. Sé slíkt sjúkrahús sérstaklega vel búið tækjum til sjúkdómsgreiningar og meðferðar og hafi fastráðið eða ákveðið að ráða til starfa nægilega marga lækna til þess að leysa af hendi þau störf, sem eru við hæfi þess, þó ekki færri en þrjá, getur ráðherra veitt því viðurkenningu til þess að njóta sama rekstrarstyrks og fjórðungssjúkrahús.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 25 kr. á legudag.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggji rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almenn daggjöld af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

Setja má í reglugerð nánari ákvæði um læknaskipan viðurkenndra sjúkrahúsa.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 52 12. júní 1958, um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

32

14. júní

um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi gjört samninga við Friedrich Karl Lüder verkfræðing, Kiel, Þýzka-landi, um vinnslu hraunefnis í landi kaupstaðarins, en slík vinnsla hefur í för með sér atvinnurekstur hér á landi. Eigi er heimild í lögum til þess að veita útlendingum leyfi til atvinnurekstrar í landinu, nema að þeir séu þar heimilisfastir. Þar eð umræddur Friedrich Karl Lüder á ekki lögheimili hér á landi, ber brýna nauðsyn til þess, að heimild sé gefin í þessu sérstaka tilfelli, til þess að veita atvinnurekstrarleyfi, þó að atvinnurekandi sé ekki heimilisfastur hér á landi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnar-skrárinnar, á þessa leið.

## 1. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að veita Friedrich Karl Lüder verkfræðing, Kiel, Þýzka-landi, leyfi til þess að reka atvinnu í Hafnarfirði, sem nauðsynleg er í sambandi við vinnslu hraunefnis.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## LÖG

33

27. maí

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-þykki mínu:

## 1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1960, 1961 og 1962. Enn fremur skal heimildin gilda um farþega- og vöruflytninga-flugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1960—1962. Öll önnur ákvæði framangreindra laga gilda einnig um þessar eignir.



1960

156

33

27. maí

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

*Gjört í Reykjavík, 27. maí 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

34

30. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 12. júní 1958, um lífeyrissjóð togarasjómannanna.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. málsgr. 9. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:  
lögjöld sjóðfélaga og launagreiðanda skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi togara og ganga fyrir öllum öðrum veðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. maí 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

35

30. maí

## L Ö G

um lögheimili.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sérhver maður, sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi lengur en 6 mánuði, skal eiga lögheimili samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sama gildir um útlendinga, sem stunda hér atvinnu, þó að dvöl þeirra sé skemmri en 6 mánuðir. Enginn getur átt lögheimili hér á landi á fleiri stöðum en einum í senn.

2. gr.

Þar er lögheimili manns, sem hann á heimili.

Heimili manns er sá staður, þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði

í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl. **35**

30. maí

Það telst eigi heimili, þó að maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsubótar. Sama gildir um dvalarstað vegna árstíðabundinnar atvinnu, svo sem vertíðarvinnu, kaupamennsku og vetrarvistar eða annarrar vetrardvalar vegna atvinnu, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

Dvalarstaður manns á athafnasvæði varnarliðsins, meðan hann stundar vinnu á vegum þess, telst eigi heimili, nema hann tilkynni dvalarstaðinn sem lögheimili.

### 3. gr.

Nú á maður samtímis heimili í fleiri sveitarfélögum en einu, og skal hann þá eiga þar lögheimili, sem aðalatvinna hans er og hefur verið 2 síðastliðin ár eða lengur. Það telst aðalatvinna í þessu sambandi, sem varir lengur en 6 mánuði á ári eða hefur gefið í tekjur meira en  $\frac{2}{3}$  af hreinum árstekjum mannsins. Verði eigi þannig greint á milli um atvinnu í ýmsum sveitarfélögum, skal maðurinn sjálfur ákveða, hvert heimila hans skuli vera lögheimili, en þjóðskráin ákveður, hvert heimilanna skuli vera lögheimili hans, hafi hann sjálfur ekki tilkynnt það.

### 4. gr.

Nú á maður hvergi heimili, og á hann þá lögheimili í sveitarfélagi, þar sem hann stundar atvinnu að staðaldri.

Það telst atvinna að staðaldri í sama sveitarfélagi, ef maður hefur stundað þar atvinnu samtals 6 mánuði eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

### 5. gr.

Maður, sem stundar farmennsku, fiskveiðar eða flutningastarfsemi og hefur hvergi heimili, á lögheimili þar, sem skip það, flugfar eða annað farartæki, sem hann starfar á, hefur aðalbækistöð sína.

### 6. gr.

Nú verður eigi skorið úr um lögheimili manns samkvæmt ákvæðum 2.—5. gr. laga þessara, og skal hann þá eiga lögheimili í því sveitarfélagi, þar sem hann hefur síðast haft þriggja mánaða samfellda dvöl, sem fellur ekki undir 3. og 4. mgr. 2. gr.

### 7. gr.

Hjón eiga sama lögheimili. Hafi þau sitt heimilið hvort samkvæmt 2. gr., skal lögheimili þeirra vera hjá því hjónanna, sem hefur börn þeirra hjá sér. Ef börn þeirra eru hjá báðum hjónanna eða þau eru barnlaus, skulu þau sjálf ákveða, á hvorum staðnum lögheimili þeirra skuli vera, ella ákveður þjóðskráin, á hvoru heimilinu telja skuli lögheimili þeirra. Sama gildir, eftir því sem við getur átt, um fólk í óvígðri sambúð, sem á barn eða börn saman.

Um lögheimili hjóna, sem slitið hafa samvistum að lögum eða ekki búið saman síðastliðin 2 ár eða lengur eftir vígslu, fer sem um lögheimili einstaklinga.

### 8. gr.

Börn innan 16 ára eiga sama lögheimili og foreldrar þeirra, ef þeir búa saman. Ef foreldrar eru ekki samvistum, eiga börn þeirra lögheimili hjá því foreldranna, sem foreldraráðin hefur. Nú hefur foreldraráðum ekki verið skipt á milli foreldranna, og á þá barn sama lögheimili og það foreldri, sem það dvelst hjá, eða á dvalarheimili sínu, ef það dvelst hjá hvorugu foreldranna.

**35** Sama gildir um kjörbörn og kjörforeldra og fósturbörn og fósturforeldra, sem 30. maí annast framfærslu fósturbarna sinna án meðgjafar.

Munaðarlaus börn, sem ekki eiga fósturforeldra samkvæmt 2. mgr., eiga lögheimili í sveit þeirri, þar sem þau urðu munaðarlaus. Ef þau hafa verið munaðarlaus frá fæðingu, eiga þau lögheimili þar, sem móðir þeirra átti lögheimili, er þau fæddust.

#### 9. gr.

Nú á maður, sem yngri er en 21 árs, lögheimili hjá foreldri sínu eða foreldrum, og heldur hann þá því lögheimili, unz hann verður 21 árs, nema hann eignist sjálfstætt heimili samkvæmt 2. gr., enda hafi hann þá ekki dvalizt á heimili foreldris síns eða foreldra einn mánuð eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

Sama gildir um mann, þótt eldri sé en 21 árs, sem stundar nám sem aðalviðfangsefni, unz náminu lýkur.

#### 10. gr.

Rétt er þeim, sem dveljast erlendis við nám, að telja lögheimili sitt í sveitarfélagi, þar sem þeir áttu lögheimili, er þeir fóru af landi brott. Sama gildir um sjúklinga, sem dveljast erlendis vegna veikinda, svo og þá, sem eru erlendis í heimsókn hjá venzlafólki sínu um lengri eða skemmri tíma.

Svo skulu og íslenzkir ríkisborgarar, sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands og taka laun úr ríkissjóði, eiga lögheimili á Íslandi, þar sem lögheimilið var, þegar þeir fóru af landi brott.

Þeim, sem 1. og 2. mgr. tekur til, er þó rétt að telja lögheimili sitt hjá foreldrum sínum eða öðru venzlafólki hérlendis.

#### 11. gr.

Þingseta alþingismanns breytir engu um lögheimili hans og ekki heldur dvöl hans vegna annarra tímabundinna trúnaðarstarfa, svo sem nefndarstarfa í þágu ríkisins. Sama gildir um ráðherra.

#### 12. gr.

Ákvæði laga nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta, skulu gilda um breytingu á lögheimili samkvæmt þessum lögum, eftir því sem við á.

Tilkynning um, að lögheimili sé að heimili annars manns, verður ekki tekin til greina, ef hann mótmælir því, að lögheimilið sé talið hjá honum.

#### 13. gr.

Samkvæmt tilkynningum þeim, sem berast samkv. 12. gr., og öðrum þeim gögnum, sem um er rætt í 7. gr. laga nr. 31 27. marz 1956, um þjóðskrá og almanna-skráningu, skal þjóðskráin árlega gera íbúaskrá fyrir hvert sveitarfélag eftir því, hvar hver einstaklingur á lögheimili, sbr. 13. gr. laga nr. 31/1956.

#### 14. gr.

Nú leikur vafi á um lögheimili manns samkvæmt lögum þessum, og skal þá leita úrskurðar dómara.

Rétt er þjóðskránni, aðila sjálfum svo og sveitarfélögum, er málið varðar, að beiðast rannsóknar og úrskurðar um lögheimili, en dómari fer með málið að hætti opinberra mála. Hann skal að jafnaði leita umsagnar og upplýsinga hjá öllum framangreindum aðilum, áður en úrskurður gengur.

Nú velta úrslit einkamáls á því, hvar maður á lögheimili samkvæmt lögum þessum, og er þá aðilum þess máls heimilt að leita í samræmi við 2. málsg. úrskurðar um lögheimilið.

Þeim aðilum öllum er og heimilt að áfrýja úrskurði dómara til hæstaréttar.

15. gr.

35

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 95 23. júní 1936, um heimilisfang. 30. maí

*Gjört í Reykjavík, 30. maí 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**  
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## AUGLÝSING

36

31. maí

um samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um reglur varðandi viðurkenningu á iðgjalda- og starfstíma fyrir þá menn, sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi og flytjast milli ríkja þessara.

Hinn 8. september 1959 var undirritaður í Fevik í Noregi samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um reglur varðandi viðurkenningu á iðgjalda- og starfstíma fyrir þá menn, sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi og flytjast milli ríkja þessara.

Samningur þessi var gerður samkvæmt ákvæðum 15. gr. samnings milli sömu ríkja um félagslegt öryggi frá 15. september 1955 (Stj.tið. A 53/1956) og gengur hann í gildi 1. janúar 1961.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 31. maí 1960.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

### Fylgiskjal.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um reglur varðandi viðurkenningu á iðgjalda- og starfstíma fyrir þá menn, sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi og flytjast milli ríkja þessara.

Overenskomst mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige om regler for godskrivning af kontingent og arbejdsperioder for arbejdsløshedsforsikrede, som flytter mellem de respektive lande.

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa samkvæmt 15. gr. samnings milli sömu landa um félagslegt öryggi frá 15. sept. 1955 ákveðið að gera með sér eftirfarandi samning:

Regeringerne i Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige har i tilslutning til artikel 15 i konventionen af 15. september 1955 om social tryghed mellem de samme lande besluttet at indgå følgende overenskomst.

1. gr.

Samningur þessi gildir um skyldu-atvinnuleysistryggingarnar á Íslandi og

Artikel 1.

Denne overenskomst gælder for de obligatoriske arbejdsløshedsforsikringer

36 í Noregi og hina viðurkenndu atvinnuleysistryggingasjóði (sem eiga rétt á ríkisstyrk) í Danmörk, Finnlandi og Svíþjóð, sem hafa gerzt aðilar að samningnum. Um slíkar tryggingar og sjóði er hér á eftir notað samheitið „atvinnuleysistryggingin“.

### 2. gr.

Maður, sem á iðgjalda- og starfstíma í einhverju samningsríkjanna, á rétt á að ganga inn í atvinnuleysistryggingu í sérhverju hinna ríkjanna um leið og hann fær þar launað starf, sem tryggingin tekur til. Með iðgjalda og starfstíma er í þessum samningi átt við starfstíma við launað starf, sem greiða skal iðgjald fyrir, og gildur er gagnvart atvinnuleysistryggingunni.

Til slíkrar inngöngu verður hlutað-eigandi að leggja fram vottorð frá atvinnuleysistryggingunni, þar sem hann síðast var tryggður, með þeim upplýsingum, sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að ákveða réttindi hans samkvæmt samningi þessum.

Við flutning greiðist ekki inntökgjald.

Hvert ríkjanna um sig getur gert undanþágu frá ákvæðum 1. málslíðs 1. mgr. þessarar greinar, að því er varðar þess eigin ríkisborgara, sem ekki voru meðlimir í atvinnuleysistryggingunni, þegar þeir fóru síðast úr landinu. Ákvörðun um þetta taka stjórnarvöld þau, er um getur í 7. gr.

### 3. gr.

Um bótarétt manns, sem flutzt hefur, fer eftir reglum þeim, sem gilda í dvalarlandinu, þó með hliðsjón af ákvæðum 4. og 5. greinar.

Við flutning úr skyldutryggingu í atvinnuleysistryggingasjóð gildir ekki krafan um óslitna sjóðsaðild.

í Island og Norge og de anerkendte (tilskudsberettigede) arbejdsløsheds-kasser i Danmark, Finland og Sverige, som har tiltrådt overenskomsten. For sådanne forsikringer og kasser benyttes i det følgende fællesbetegnelsen „arbejdsløshedsforsikringen“.

### Artikel 2.

Den, der har kontingent- og arbejdsperioder i et af de kontraherende lande, har ret til ved overflytning at blive medlem af arbejdsløshedsforsikringen i hvilket som helst af de øvrige lande, så snart han i vedkommende land får lønarbejde indenfor forsikringens område. Ved kontingent- og arbejdsperioder forstås i denne overenskomst perioder, hvor vedkommende har haft lønarbejde, når der skal betales kontingent for disse perioder, og de er gyldige i forhold til arbejdsløshedsforsikringen.

For at opnå sådant medlemskab i det tilflyttede land må vedkommende fremlægge bevis fra arbejdsløshedsforsikringen i det land, hvor han sidst har været forsikret, i forbindelse med de oplysninger, som måtte være nødvendige for at fastslå hans rettigheder efter denne overenskomst.

Ved overflytning betales intet indmeldelsesgebyr,

Hvert enkelt land kan gøre undtagelse fra bestemmelserne i denne artikel, første stk., første punktum, for så vidt angår egne statsborgere, som ikke var medlemmer af arbejdsløshedsforsikringen på det tidspunkt, da de sidst forlod landet. Bestemmelse herom træffes af de myndigheder, som er nævnt i artikel 7.

### Artikel 3.

Et overflyttet medlems ret til understøttelse afgøres efter de regler som gælder i opholdslandet, dog under hensyntagen til bestemmelserne i artikel 4 og 5.

Ved overgang fra en obligatorisk forsikring til en arbejdsløshedskasse bortses der fra kravet om uafbrudt medlemskab.

## 4. gr.

Þegar sótt er um bætur reiknast iðgjalda- og starfstími, sem gildur er í hinum samningsríkjunum, eins og hann væri unninn í dvalarlandinu.

Ákvæði 1. mgr. gilda aðeins um tryggðan mann, sem dvelst í einhverju samningsríkjanna og hefur aflað sér iðgjalda- og starfstíma, er nemur samtals 4 vikum, eftir að hann kom síðast til landsins.

Sérhvert ríkjanna getur ákveðið, að hve miklu leyti skilyrði 2. mgr. skuli gilda um þess eigin ríkisborgara eða menn, sem hafa áður verið aðilar að atvinnuleysistryggingunni í landinu. Ákvörðun um þetta taka þau stjórnarvöld, sem um getur í 7. gr.

## 5. gr.

Við mat á réttindum samkvæmt 3. gr. skulu dagpeningar ásamt fjölskyldubótum, sem hinn tryggði kann að hafa fengið í öðrum samningsríkjum, reiknast sem greiddir í dvalarlandinu. Sama gildir um hliðstæða hjálp, sem jafna má við þetta, en þó ekki styrk úr styrktar sjóði.

## 6. gr.

Stjórnarvöld, sem hafa eftirlit með atvinnuleysistryggingasjóðunum, skulu jafnan láta hver öðrum og stjórnnum skylduatvinnuleysistrygginganna í té upplýsingar um til hvaða atvinnuleysistryggingasjóða samningur þessi tekur á hverjum tíma.

Framangreind stjórnarvöld skulu enn fremur gefa hvort öðru upplýsingar um breytingar á lögum og öðrum ákvæðum um atvinnuleysistrygginguna.

## 7. gr.

Stjórnir skylduatvinnuleysistrygginganna og stjórnarvöld þau, sem hafa eftirlit með atvinnuleysistryggingasjóðunum, gefa nánari fyrirmæli, sem nauðsynleg kunna að vera vegna framkvæmdar á samningi þessum.

## Artikel 4.

36

31. maí

Ved ansøgning om understøttelse regnes kontingent- og arbejdsperioder, som er gyldige i de øvrige kontraherende lande, som tilbagelagt i opholdslandet.

Bestemmelsen i første stk. finder kun anvendelse på en forsikret, som opholder sig i et af de kontraherende lande, og som, efter at han sidst kom til landet, har tilbagelagt kontingent- og arbejdsperioder på ialt 4 uger.

Hvert enkelt land kan bestemme, i hvilken udstrækning vilkårene i andet stk. skal gælde for egne statsborgere eller for personer, som tidligere har tilhørt landets arbejdsløshedsforsikring. Bestemmelse herom træffes af de myndigheder, som er nævnt i artikel 7.

## Artikel 5.

Ved afgørelse efter artikel 3 om ret til understøttelse, skal dagpenge samt familietillæg, som den forsikrede måtte have modtaget i de andre kontraherende lande, anses for udbetalt i opholdslandet. Det samme gælder tilsvarende understøttelse, som ligestilles hermed, dog ikke understøttelse fra hjælpekasse.

## Artikel 6.

Tilsynsmyndighederne for arbejdsløsheds-kasserne skal holde hverandre og styrelserne for de obligatoriske arbejdsløshedsforsikringer underrettet om, hvilke arbejdsløsheds-kasser, der til enhver tid er tilsluttet denne overenskomst.

Ovennævnte myndigheder skal endvidere holde hverandre underrettet om vedtagne ændringer i love og andre bestemmelser vedrørende arbejdsløshedsforsikringen.

## Artikel 7.

Styrelserne for de obligatoriske arbejdsløshedsforsikringer og tilsynsmyndighederne for arbejdsløsheds-kasserne fastsætter de nærmere forskrifter, som måtte være nødvendige for gennemførelsen af denne overenskomst i praksis.

36

31. maí

8. gr.

Samningur þessi gengur í gildi hinn 1. janúar 1961. Samtímis falla úr gildi gagnkvæmissamningar um atvinnuleysisstryggingu, sem áður hafa verið gerðir milli samningsríkjanna.

Samningnum má segja upp með sex mánaða fyrirvara hið minnsta, miðað við 1. janúar næst á eftir. Sami frestur gildir um atvinnuleysisstryggingasjóð, sem vill hætta við aðild að samningnum.

Samningur þessi skal varðveittur í skjalasafni norska utanríkisráðuneytisins og skal það senda ríkisstjórnnum allra samningsríkjanna staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað samning þenna.

Gert í Fevik hinn 8. september 1959 í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir, í tveim textum, öðrum fyrir Finnland en hinum fyrir Svíþjóð.

(s.) H. Guðmundsson (L.S.)

Artikel 8.

Denne overenskomst træder i kraft den 1. januar 1961. Fra samme tid ophæves de gensidighedsoverenskomster vedrørende arbejdsløshedsforsikringen, som tidligere er indgået mellem de kontraherende lande.

Overenskomsten kan med mindst 6 måneders varsel opsiges til den følgende 1. januar. Samme frist gælder for en arbejdsløhedskasse, som vil trække sin tilslutning til overenskomsten tilbage.

Overenskomsten skal være deponeret i det norske udenrigsministeriums arkiv, og bekræftede afskrifter skal af det norske udenrigsministerium tilstilles hver af de kontraherende landes regeringer.

Til bekræftelse heraf har de respektive befuldmægtigede undertegnet denne overenskomst.

Udfærdiget i Fevik den 8. september 1959 i et eksemplar på dansk, finsk, islandsk, norsk og svensk således, at der på svensk er udfærdiget to tekster, en for Finnland og en for Sverige.

(s.) Jul. Bomholt (L.S.)

37

7. júní

## L Ö G

um löggildingu á verzlunarstað við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við Arnarnesvog í Garðahreppi í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þá er atvinnuáráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar skv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905 og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

*Gjört að Bessastöðum, 7. júní 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

38

7. júní

um breyting á lögum nr. 7 1959, um breyting á lögum nr. 19 1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

a. 2. tölul. orðist svo:

*Borgarfjarðarumdæmi*: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.

b. Á eftir 2. tölulið komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

1. *Mýrasýsluumdæmi*: Mýrasýsla.

2. *Snæfellsnesumdæmi*: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.

c. 3. töluliður orðist svo:

*Dalaumdæmi*: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 7. júní 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

39

7. júní

um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sýslunefndum Austur-Húnavatnssýslu og Vestur-Húnavatnssýslu heimilast með lögum þessum að selja ábúendum jarðirnar Meðalheim í Torfalækjarhreppi og Hamar í Svinavatnshreppi. Jarðirnar skulu seldar því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð þeirra. Andvirði jarðanna og þess, er þeim fylgir, er eign Afgjalda-sjóðs kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 7. júní 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

A 21



## L Ö G

um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands  
undir vísindalegu eftirliti.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi skulu fiskveiðar með dragnótum óheimilar öðrum en þeim, sem til veiðanna hafa leyfi sjávarútvegsmálaráðherra.

Ráðherra getur, samkvæmt tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, ákveðið fyrir eitt ár í senn, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. október eða skemmri tíma, eftir því sem nánar er ákveðið samkvæmt lögum þessum.

Áður en gerðar eru tillögur um opnun einstakra veiðisvæða, skal Fiskifélag Íslands leita álits sveitarstjórna og annarra aðila, sem hagsmuna hafa að gæta á viðkomandi veiðisvæði. Berist álitsgerðir, skal ráðherra óheimilt að opna veiðisvæði eða hluta þess, nema álitsgerðirnar styðji almennt þá framkvæmd.

Ef sveitarstjórnir, samtök útvegsmanna, sjómanna eða verkamanna leiða rök að því, að hagkvæmara sé að stunda aðrar veiðar en dragnótaveiðar á tilteknum hlutum veiðisvæðis, og bera fram óskir um, að þeir hlutar svæðanna verði friðaðir sérstaklega fyrir dragnótaveiði, þá skal ráðherra í samráði við Fiskifélag Íslands verða við þeirri ósk.

## 2. gr.

Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt 1. gr. má veita íslenzkum fiskiskipum, sem eru 35 rúmlestir brúttó eða minni, og gilda leyfin fyrir eitt veiðitímabil í senn.

Heimilt skal þó ráðherra að veita veiðileyfi fyrir allt að 45 brúttó-rúmlesta skip. Einnig getur hann, ef þörf þykir, takmarkað veiðileyfin við 25 brúttó-rúmlesta skip.

Veiðileyfi til einstakra skipa skulu afgreidd eigi síðar en 1. maí það ár, sem dragnótaveiði er leyfð.

Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingu, sem nauðsynleg teljast, og varða brot gegn þeim sviptingu leyfis.

## 3. gr.

Dragnótaveiðar skulu með öllu bannaðar innan afmarkaðra, löggiltra hafnar-svæða, svo sem þau eru tiltekin í hafnarreglugerðum.

## 4. gr.

Skipum, sem stunda vísindalegar rannsóknir á vegum fiskideildar atvinnudeildar háskólans, skal heimilt að nota dragnót til veiða innan fiskveiðilandhelginnar, hvenær ársins sem er og án sérstaks leyfis. Ráðherra getur veitt erlendum skipum, sem stunda vísindalegar rannsóknir, leyfi til að nota dragnót til veiða innan fiskveiðilandhelginnar um takmarkaðan tíma í einu.

## 5. gr.

Fiskideild atvinnudeildar háskólans skal fylgjast stöðugt með veiðum þeim, er um ræðir í lögum þessum, og gera ráðuneytinu þegar viðvart, ef deildin telur

hættu á, að veiðarnar gangi of nærri stofni nytjafiska eða spilli á einhvern hátt 40  
framtið íslenzkra fiskveiða.

9. júní

Að fengnum samhljóða tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og Fiskifélags Íslands, er ráðuneytinu skylt að takmarka veiðiskipafjölda á ákveðnum tilteknum veiðisvæðum. Einnig skal ráðuneytið samkv. tillögum sömu aðila banna dragnótaveiðar á tilteknum svæðum eða í allri fiskveiðilandhelginni hluta af hinu leyfða veiðitímabili eða alveg fyrir eitt ár í senn, ef líklegt þykir, að fiskistofnar séu í hættu fyrir ofveiði.

#### 6. gr.

Ráðherra getur sett fyrirmæli um hvað eina, sem snertir framkvæmd laga þessara, þ. á m. um möskvastærð dragnóta, lengd dragstrengja, lágmarksstærð þess fisks, sem fluttur er í land eða haldið um borð í skipi, um meðferð aflans um borð í veiðiskipi, veiðiskýrslur og bann við að hnýta eða selja net með minni möskvastærð en ákveðin hefur verið.

#### 7. gr.

Utan þess tímabils, sem dragnótaveiðar eru leyfðar samkvæmt 1. gr. laga þessara, er íslenzkum skipum óheimilt að hafa dragnætur og dragstrengi um borð.

#### 8. gr.

Skipstjóri, sem uppvís verður að ólöglegum dragnótaveiðum eða tilraun til þeirra samkvæmt lögum þessum eða fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, skal sæta sektum, 500—5000 gullkrónum. Skulu þá öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs upptæk.

Hlutdeild í broti skipstjóra, samkvæmt 1. málgr. þessarar greinar, varðar sömu refsingu.

Lögskráðir skipverjar skulu ekki teljast hlutdeildarmenn í broti skipstjóra síns.

Sé um ítrekað brot að ræða eða þegar miklar sakir eru, skal heimilt að dæma sökunaut samkvæmt 1. og 2. málgr. þessarar greinar í varðhald allt að 3 mánuði auk sekta, varði brot ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

Óheimilt skal skipstjóra, sem framið hefur ítrekað brot á lögum þessum, að hafa á hendi skipstjórn við dragnótaveiðar.

#### 9. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, sem eigi eru lagðar refsingar við í 8. gr. laganna, varða sektum, 1000—25000 krónum.

#### 10. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið að hætti opinberra mála.

#### 11. gr.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Sektarfé eftir lögum þessum svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra rennur í Fiskveiðasjóð Íslands.

#### 12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, lögum nr. 26 12. febr. 1940, nr. 65 7. maí 1940, nr. 83 22. okt. 1945, nr. 2 24. jan. 1951 og nr. 31 7. marz 1951.

9. júní Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árinu 1960 kemur ekki til framkvæmda ákvæði 3. málsgr. 2. gr. laga þessara, heldur skal ráðuneytið afgreiða veiðileyfi svo fljótt sem verða má.

*Gjört í Reykjavík, 9. júní 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. málsgr. 5. gr. laganna komi nýr másl., svo hljóðandi:

Þó má veita eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn þeim tryggingum, er stjórn sjóðsins metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júní 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

**L Ö G**

um ferskfiskeftirlit.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofnun skal komið á fót, er annist eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, sem landað er til vinnslu, frá því að fiskurinn kemur í skip og þar til hann er tekinn til vinnslu.

Stofnun þessi nefnist Ferskfiskeftirlitið.

Eftirlit þetta tekur enn fremur til búnaðar og þrifa fiskiskipa, að því er varðar 42  
geymslu fisks í veiðiför, svo og útbúnaðar og þrifa fiskmóttökuhúsa í landi. 9. júní

Á því sviði, sem að framan er lýst, fer Ferskfiskeftirlitið með þau störf, er fisk-  
matsstjóra eru falin í lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat o. fl.

### 2. gr.

Ferskfiskeftirlitið skal framkvæma gæðaflokkun á fiski, sem ætlaður er til  
vinnslu, þegar tímabært þykir.

### 3. gr.

Yfirstjórn Ferskfiskeftirlitsins skal vera í höndum nefndar, er nefnist Fisk-  
matsráð.

Í ráðinu eiga sæti 7 menn, og skipar ráðherra fimm þeirra eftir tilnefningu  
eftirgreindra aðila:

1. Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
2. Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Samlags skreiðarframleiðenda, Sölusambands  
íslenzkra fiskframleiðenda og Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sameiginlega.
3. Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Al-  
þýðusambands Íslands, sameiginlega.
4. Framkvæmdastjórnar Landsbanka Íslands, viðskiptabankans, og Útvegsbanka  
Íslands, sameiginlega.
5. Heilbrigðismálaráðherra.

Sjötti maður ráðsins skal vera fiskmatsstjóri og hinn sjöundi forstöðumaður  
rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, sem jafnframt er formaður ráðsins.

Takist ekki aðilum þeim, sem samkvæmt tölulíðum 2—4 hér að framan ber að  
tilnefna fulltrúa sameiginlega, að koma sér saman um val fulltrúa, þá skipar ráðherra  
hann án tilnefningar.

Ráðherra ákveður stjórnarlaun.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, varamenn fiskmatsstjóra og forstöðu-  
manns rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands án tilnefningar.

Ráðherra skipar Fiskmatsráði framkvæmdastjóra, eftir tilnefningu þess, og  
ákveður laun hans.

### 4. gr.

Verkefni Fiskmatsráðs, auk þess, sem um getur í 3. gr. laga þessara, eru:

1. að endurskoða á næstu tveimur árum lög og reglugerðir um fiskmat.
2. að úrskurða um ágreining, er rísa kann vegna framkvæmdar ferskfiskmats,  
meðan fyrrnefnd lagaendurskoðun stendur yfir.
3. að hlutast til um, að upp verði tekin hagnýt kennsla í stýrimannaskólanum  
og öðrum framhaldsskólum landsins, þar sem það á við, um hvers konar  
fiskverkun, enn fremur að beita sér fyrir almennri fræðslu um fiskverkun og  
meðferð afla og skipuleggja og framkvæma hvers kyns áróður til þess að  
auka skilning á og tilfinningu fyrir vöruvöndun.
4. að skipuleggja í samvinnu við rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands og láta  
framkvæma tilraunir og rannsóknir, er miða að bættri meðferð sjávaraflla.

### 5. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari fyrirmæli um allt, er varðar framkvæmd laga  
þessara.

### 6. gr.

Brot gegn lögum þessum og fyrirmælum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða  
sektum.

42

9. júní

Til að standa straum af kostnaði af framkvæmd laga þessara skal stofnaður sjóður, er sé í vörzlu og undir stjórn Fiskmatsráðs. Tekjur sjóðsins skulu vera útlutningsgjald af sjávarafurðum, er nemi  $1\frac{1}{2}\%$  af fob-andvirði þeirra.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júní 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

43

9. júní

## L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað ákvæða 3., 4. og 6. gr. A — II — 2, 1.—2. mgr. útsvarslaga, nr. 66/1945, skal útsvörum jafnað niður samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Upphæð útsvara í hverju sveitarfélagi skal þannig ákveðin í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, að þau ásamt öðrum tekjum sveitarfélagsins hrökkvi fyrir útgjöldum þess á árinu, þegar gert hefur verið ráð fyrir 5—10% vanhöldum við innheimtu þeirra.

Nú reynast útsvör þannig ákveðin hærri en vera skal samkvæmt 11. gr. 2. mgr., og koma þá til framkvæmda ákvæði 3. gr. d. laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

3. gr.

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign samkvæmt skattskrá með þeim frávikum, sem hér greinir:

a. Heimilt er að véfengja skattframtal og áætla tekjur og eignir, þó að skattayfirvald hafi metið framtalið gilt.

b. Vikja má frá ákvæðum skattalaga

um sérstakan frádrátt frá tekjum, samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1958,

um tapsfrádrátt á milli ára og

um fyrningarfrádrátt og afskriftir eigna hjá atvinnufyrirtækjum og félögum.

Frávik samkv. þessum staflið gjaldanda í óhag má þó eigi meira vera en það var í hlutaðeigandi sveitarfélagi á árinu 1959.

c. Útsvör síðastliðins árs skulu dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd sveitarsjóði að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun. Sama gildir um útsvör, sem greidd eru að fullu skv. b-lið 28. gr. útsvarslaganna.

d. Heimilt er að leggja útsvör á veltu samkvæmt ákvæðum 5.—8. gr. laga þessara.

## 4. gr.

43

Að loknum leiðréttingum niðurjöfnunarnefndar samkv. 3. gr., skal útsvörum 9. júní jafnað niður samkv. reglum þeim, sem um getur í 5.—13. gr. laga þessara.

## 5. gr.

Í Reykjavík skulu útsvör vera sem hér segir:

a. Af hreinum tekjum greiða:

## 1. Einstaklingar.

Af 25— 35 þús. kr.	greiðast	940.00 kr.	af 25 þús. kr. og 19 % af afg.
— 35— 45 — —	—	2 840.00 — —	35 — — — 21 % — —
— 45— 60 — —	—	4 940.00 — —	45 — — — 23 % — —
— 60—100 — —	—	8 390.00 — —	60 — — — 25 % — —
— 100 þús. kr. og þar yfir	—	18 390.00 — —	100 — — — 30 % — —

Frá útsvari, eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldu-frádráttur, kr. 800.00 fyrir konu, en fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Fyrir 1. barn kr. 1000.00, fyrir 2. barn kr. 1100.00, fyrir 3. barn kr. 1200.00 og þannig áfram, að frádrátturinn hækkar um kr. 100.00 fyrir hvert barn.

## 2. Félög.

Af 1—75 þús. kr.	greiðast	200 kr.	af 1 þús. kr. og 20 % af afg.
— 75 þús. kr. og þar yfir	—	15 000 — —	75 — — — 30 % — —

b. Af hreinum eignum greiðast:

Af 40— 70 þús. kr.	greiðast	100 kr.	af 40 þús. kr. og 5 % af afg.
— 70—100 — —	—	250 — —	70 — — — 6 % — —
— 100—150 — —	—	430 — —	100 — — — 7 % — —
— 150—200 — —	—	760 — —	150 — — — 8 % — —
— 200—250 — —	—	1 180 — —	200 — — — 9 % — —
— 250 þús. kr. og þar yfir	—	1 630 — —	250 — — — 10 % — —

c. Um útsvör af veltu fer samkvæmt því, sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:

Gjaldendum, þar með talin samvinnufélög, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu, jafnt hjá félagsmönnum sem utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar, þar með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, er nú greinir:

1. Söluskattur samkv. b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 82/1957.
2. Gjald til útflutningssjóðs samkv. 20. gr. laga nr. 86/1956, sbr. nú 40. gr. laga nr. 33/1958.
3. Gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60/1939.
4. Skemmtanaskattur samkv. 1. tölulið 2. gr. laga nr. 56/1927.
5. Gjald af kvikmyndasýningum samkv. lögum nr. 28/1952.

Upphæð útsvarsins skal ákveðin í hundraðshlutum af veltu, allt að 3%.

Í öðrum kaupstöðum skulu útsvör vera sem hér segir, sbr. þó 9. gr.:  
a. Af hreinum tekjum greiða:

## 1. Einstaklingar:

Af 15—20 þús. kr.	greiðast	200 kr. af 15 þús. kr. og 16 % af afg.
— 20—30 — —	—	1 000 — — 20 — — — 23 % — —
— 30—40 — —	—	3 300 — — 30 — — — 24 % — —
— 40—50 — —	—	5 700 — — 40 — — — 25 % — —
— 50—60 — —	—	8 200 — — 50 — — — 26 % — —
— 60—70 — —	—	10 800 — — 60 — — — 27 % — —
— 70—80 — —	—	13 500 — — 70 — — — 28 % — —
— 80—90 — —	—	16 300 — — 80 — — — 29 % — —
90 þús. kr. og þar yfir	—	19 200 — — 90 — — — 30 % — —

Fjölskyldufrádráttur skal vera hinn sami og samkvæmt 5. gr. a. 1.

## 2. Félög:

Af 1—75 þús. kr.	greiðast	200 kr. af 1 þús. kr. og 20 % af afg.
— 75 þús. kr. og þar yfir	—	15 000 — — 75 — — — 30 % — —

## b. Af hreinum eignum greiðist:

Af 25— 50 þús. kr.	greiðast	100 kr. af 25 þús. kr. og 5 % af afg.
— 50—100 — —	—	225 — — 50 — — — 8 % — —
— 100—200 — —	—	625 — — 100 — — — 12 % — —
— 200 þús. kr. og þar yfir	—	1 825 — — 200 — — — 15 % — —

c. Um útsvör af veltu fer samkvæmt eftirfarandi reglum, sbr. þó 8. gr.:

Gjaldendum, þar með talin samvinnufélög, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu, jafnt hjá félagsmönnum sem utanfélagsmönnum, ef um samvinnufélög eða önnur félög er að ræða, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar.

Upphæð útsvarsins skal ákveðin í hundraðshlutum af veltu, mismunandi eftir tegund, starfsemi og aðstöðu og má eigi hærri vera en hér segir:

Allt að 3%: Lyfjaverzlun, olíuverzlun, kvikmyndahús, barar, billiardstofur, söluturnar, verzlanir og veitingastaðir opnir til kl. 23.30, skartgripaverzlanir, gleraugnaverzlanir, hljóðfæraverzlanir, tóbaks- og sælgætisverzlanir, sælgætis- og efna-gerðir.

Allt að 2%: Iðnaður alls konar, þar með talin vinnsla sjávarafurða, nýlendu-vöruverzlun og önnur smásöluverzlun, sem ekki er áður talin, matsala, gistihúshald, farm- og fargjöld, umboðs- og heildverzlun og annað ótalið.

## 7. gr.

Í öðrum sveitarfélögum en þeim, sem talin eru í 5.—6. gr., skulu útsvör vera sem hér segir, sbr. 9. gr. 2. mgr.

a. Útsvar af hreinum tekjum greiða:

## 1. Einstaklingar.

43

9. júní

Af 7—10 þús. kr.	greiðast	530 kr. af 7 þús. kr. og 10 % af afg.
— 10—15 — —	—	830 — — 10 — — — 11 % — —
— 15—20 — —	—	1 380 — — 15 — — — 12 % — —
— 20—25 — —	—	1 980 — — 20 — — — 13 % — —
— 25—30 — —	—	2 630 — — 25 — — — 14 % — —
— 30—35 — —	—	3 330 — — 30 — — — 15 % — —
— 35—40 — —	—	4 080 — — 35 — — — 16 % — —
— 40—50 — —	—	4 880 — — 40 — — — 18 % — —
— 50—60 — —	—	6 680 — — 50 — — — 20 % — —
— 60—70 — —	—	8 680 — — 60 — — — 22 % — —
70 þús. kr. og þar yfir	—	10 880 — — 70 — — — 25 % — —

Frá útsvari, eins og það reiknast samkvæmt þessum stiga, er veittur fjölskyldu-frádráttur kr. 500.00 fyrir konu og sama upphæð fyrir hvert barn innan 16 ára aldrs, sem er á framfæri gjaldanda.

## 2. Félög.

Af 1—75 þús. kr.	greiðast	200 kr. af 1 þús. kr. og 20 % af afg.
— 75 þús. kr. og þar yfir	—	15 000 — — 75 — — — 30 % — —

## b. Útsvar af hreinum eignum greiðist:

Af 10— 40 þús. kr.	greiðast	10 kr. af 10 þús. kr. og 2 % af afg.
— 40— 70 — —	—	70 — — 40 — — — 3 % — —
— 70—100 — —	—	160 — — 70 — — — 4 % — —
— 100—150 — —	—	280 — — 100 — — — 5 % — —
— 150—200 — —	—	530 — — 150 — — — 6 % — —
— 200 þús. kr. og þar yfir	—	830 — — 200 — — — 8 % — —

c. Leggja má útsvar á veltu samkvæmt ákvæðum 5. gr. c. eða 6. gr. c., enn fremur er heimilt að leggja veltuútsvar á andvirði seldra búsafurða hjá bændum.

## 8. gr.

Undanþegin veltuútsvari eru sláturhús og mjólkurbú.

Útsvar af landbúnaðarafurðum framleiddum innanlands og seldum í umboðs-eða heildsölu má eigi meiru nema en 2½% af heildarveltu.

Útsvar á veltu má ekki nema hærri hundradshluta, miðað við tegund gjaldstofns, en hann var á hverjum stað árið 1959. Heimilt skal þó þeim sveitarfélögum, sem lögðu á lægri veltuútsvör á árinu 1959, miðað við tegund gjaldstofns, en lögð voru á í Reykjavík á árinu 1959, að hækka útsvör á veltu í allt að þeim hundradshluta, sem þar var þá á lagður.

## 9. gr.

Í kaupstöðum, sbr. 6. gr., er heimilt að jafna niður útsvörum samkv. 5. gr. a—b, enda skerðist þá ekki heildarfjárhæð útsvaranna svo, að þess vegna komi til greina aukaframlag, samkv. 2. gr. 2. mgr.

Sama gildir um önnur sveitarfélög, sbr. 7. gr. Þeim er og heimilt að jafna niður útsvörum samkv. reglum 6. gr., ef fullnægt er ákvæði 1. mgr., um heildarfjárhæð útsvaranna.

Með sama skilyrði er kaupstöðum, sbr. 6. gr., og öðrum sveitarfélögum, sbr. 7. gr., heimilt að fella niður útsvarsálagningu á tekjur, sem lægri eru en svo, að útsvar af þeim nemi 1000 krónum.



43

9. júní

## 10. gr.

Lækka skal útsvar gjaldenda frá því, sem ákveðið er í 5.—8. gr. laga þessara, þegar eftirtaldar ástæður eru fyrir hendi:

- a. Sjúkrakostnaður, sem á þá fellur, ef verulegan má telja.
- b. Slys, dauðsföll, eignatjón, mikil tekjurýrnun, eða önnur óhöpp, sem skerða gjaldgetu þeirra verulega.
- c. Uppeldis- og menningarkostnaður barna þeirra, sem eldri eru en 16 ára, sem þeir annast greiðslu á.

Heimilt er að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

## 11. gr.

Nú kemur í ljós, að útsvör samkvæmt 5.—10. gr. laga þessara reynast hærri eða lægri en fjárhagsáætlun segir til um, og skal þá niðurjöfnunarnefnd lækka eða hækka hvert útsvar að rétttri tiltölu, unz hinni áætluðu upphæð, að viðbættum 5—10%, er náð.

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 30 hundraðshlutum.

## 12. gr.

Útsvar skal ákveðið í heilum hundruðum króna þannig, að 50 krónum eða lægri upphæð skal sleppt, en hærri upphæð hækkuð.

Útsvari, sem eigi nær 200 krónum, skal sleppt.

## 13. gr.

Samvinnufélög greiða útsvar af skiptum sínum, jafnt við félagsmenn sem utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar, þó ekki af arði af viðskiptum félagsmanna.

Félögin láta niðurjöfnunarnefndum (skattayfirvöldum) í té glögga skýrslu um viðskiptin við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annars kostar áætla niðurjöfnunarnefnd viðskiptin og arð af þeim. Áætlanir nefndarinnar og útsvarsálagningu má kæra eftir almennum reglum, þar á meðal áfrýja úrskurðum til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru felld úr gildi ákvæði laga nr. 46 13. júní 1937, 41. gr. 1. mgr. 2.—3. tl.

## Ákvæði til bráðabirgða.

A. Hvergi mega heildarútsvör á árinu 1960 vera hærri en þau voru á árinu 1959 að viðbættum fimmtungi af meðaltalsfjárhæð útsvara síðustu þrjú árin, en að frádrægnu framlagi Jöfnunarsjóðs á árinu 1960, nema til komi samþykki ráðuneytisins, ef um kaupstað er að ræða, og sýslunefndar, að því er hreppa snertir.

B. Við álagningu útsvara 1960 skal leyfa til frádráttar tekjum útsvör, sem voru álögd 1959 og greidd sveitarsjóði að fullu fyrir 1. maí 1960.

*Gjört í Reykjavík, 9. júní 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

44

9. júní

um skattfrelsi vinninga í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra  
1960 og happdrætti Styrktarfélags vangefinna 1960.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Vinningar í símahappdrætti Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og vinningar í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, sem félög þessi efna til á árinu 1960, skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júní 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

45

9. júní

um orlof húsmæðra.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Komið skal á fót orlofsnefndum, einni eða fleiri, á starfssvæði hvers héraðs-sambands kvenfélaga, er hafi það hlutverk að sjá um veitingu orlofsfjár til húsmæðra, skipulagningu hvíldarstaða þeirra og ferðalaga svo og önnur verkefni í því sambandi. Þar sem mæðrastyrksnefndir eru starfandi á orlofssvæðinu, skulu orlofsnefndir leita samstarfs við þær.

## 2. gr.

Í hverri orlofsnefnd skulu vera þrjár konur, kosnar á aðalfundi hlutaðeigandi héraðssambands, og þrjár til vara. Kosið skal til þriggja ára í senn. Orlofsnefndir skipta sjálfar með sér verkum. Þær skulu vera ólaunaðar.

## 3. gr.

Fé orlofssjóðs skal fengið með þessum hætti:

1. Ríkissjóður greiðir árlega upphæð, sem svarar til minnst 10 kr. fyrir hverja húsmóður á landinu.
2. Með framlögum bæjar- og hreppsfélaga.

- 45 3. Með framlögum kvenfélaga og kvenfélagasambanda.  
 9. júní 4. Með gjöfum, áheimum og öðrum þeim hætti, sem orlofsnefndum og kvenfélögum þykir henta.

Framlögum samkvæmt 1. lið skiptir félagsmálaráðuneytið milli orlofssvæða með hliðsjón af mótfamlögum samkvæmt 2., 3. og 4. lið.

4. gr.

Rétt til orlofsfjár eiga allar konur, sem veita heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf. Enn fremur má veita orlofsfé vegna barna allt að 10 ára aldri, helming á móti konu, ef sérstaklega stendur á. Orlof skal að jafnaði ekki vera styttra en 10—14 dagar.

5. gr.

Við úthlutun orlofsfjár, er getur numið öllum kostnaði við fullt orlof, skulu orlofsnefndir hafa til hliðsjónar efnahag fjölskyldunnar, barnafjölda og aldur þeirra, húsnæði og heilsufar svo og aðrar þær ástæður, sem að áliti orlofsnefndar ber sérstaklega að taka tillit til.

Geyma má fé orlofssjóðs milli ára, ef ástæða þykir til.

6. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal láta prenta umsóknareyðublöð fyrir umsóknir um orlofsfé til húsmæðra og senda orlofsnefndum.

7. gr.

Á meðan ekki hafa verið reist sérstök orlofsheimili, skulu orlofsnefndir hafa samvinnu við félagsmálaráðuneytið og menntamálaráðuneytið og aðra hlutaðeigendur um afnot skóla og annarra opinberra bygginga til orlofsdvalar, eftir því sem við verður komið.

8. gr.

Skýlt er orlofsnefndum að senda félagsmálaráðuneytinu árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningskilum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 9. júní 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.  
(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

## um Verzlunarbanka Íslands h.f.

46

10. júní

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heiti Verzlunarbanks Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að starfrækja banka, er hafi það sérstaklega að markmiði að styðja verzlun landsmanna.

## 2. gr.

Hlutafé félagsins skal nema eigi minna en 10 millj. kr. Verzlunarráð Íslands og Félag ísl. stórkaupmanna skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram sem hlutafé 5 millj. kr. og Kaupmannasamtök Íslands skulu safna innan sinna vébanda og leggja fram með sama hætti 5 millj. kr. sem hlutafé, en ábyrgðarmenn Verzlunarsparisjóðsins skulu hafa forgangsrétt til þess að skrifa sig fyrir hlutum í félaginu að tiltölu við núverandi hlut þeirra í heildarábyrgðarfé Verzlunarsparisjóðsins. Forgangsrétturinn gildir í sex mánuði frá því að ábyrgðarmenn hafa með fundarsamþykkt ákveðið að leggja niður sparisjóðinn með þeim hætti, er segir í 4. gr. Innan níu mánaða frá því að lög þessi taka gildi, skal boðað til stofnfundar hlutafélagsins, en hafi ofangreind samtök þá eigi safnað tilskildu hlutafé, skal stjórn sjóðsins bjóða út innanlands það, sem á vantar.

## 3. gr.

Heimili og varnarþing Verzlunarbanks Íslands h.f. er í Reykjavík. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða, að bankinn hafi útibú.

## 4. gr.

Verzlunarbanks Íslands h.f. skal taka við öllum eignum, skuldum og ábyrgðum Verzlunarsparisjóðsins og starfsemi hans og koma að öllu leyti í hans stað, enda samþykki meiri hluti ábyrgðarmanna Verzlunarsparisjóðsins eignayfirfærsluna.

## 5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin með hlutfallskosningu á árlegum aðalfundi. Skal hún skipuð að minnsta kosti 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, er kosnir skulu á sama hátt.

## 6. gr.

Stjórn félagsins ræður bankastjóra, ákveður ráðningarkjör hans og setur honum erindisbréf.

## 7. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir. Þá skal og setja reglugerð um starfsemi bankans. Í samþykktum og reglugerð skal setja nánari ákvæði um félagið og bankann. Skulu þar á meðal vera ákvæði um aukningu hlutafjár, aðiljaskipti að hlutabréfum og endurskoðun á reikningum bankans. Samþykktir og reglugerð bankans (félagsins) skulu vera háð staðfestingu viðskiptamálaráðherra.

## 8. gr.

Arð af hlutafé má því aðeins greiða, að innborgað hlutafé, ásamt varasjóði, nemi samtals 5% af samanlögðu innlánsfé í bankanum, bæði í hlaupareikningi og

46 sparisjóði. Þegar því marki er náð, skal eigi heimilt að greiða hærri arð en sem 10. júní nemur almennum innlánsvöxtum af sparifé, unz innborgað hlutfé ásamt varasjóði nemur 10% af innlánsfénu.

## 9. gr.

Bankanum skal heimilt í samræmi við tilgang sinn, sbr. 1. gr.:

1. Að taka við innlögum með sparisjóðskjörum og í hlaupareikning.
2. Að kaupa og selja vixla, tékka og aðrar ávisanir.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga, að áskildu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga eða önnur trygg og auðseljanleg verðbréf. Hlutabréf má bankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annarra.
6. Að annast öll önnur venjuleg bankastörf.

## 10. gr.

Bankinn skal eiga að minnsta kosti sem svarar 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum Landsbanka Íslands eða öðrum jafntryggum verðbréfum. Verðbréfaeign þessa skal hækka upp í allt að 20%, ef viðskiptamálaráðherra, að fengnum tillögum stjórnar bankans, telur þess þörf. Í stað verðbréfa má koma inneign í Seðlabankanum.

## 11. gr.

Bankinn skal njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 46., 48. og 50.—54. gr. laga nr. 63 21. júní 1957.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Bankinn tekur þó ekki til starfa fyrr en samþykktir hans og reglugerð hafa verið staðfestar af ráðherra og helmingur lofaðs hlutfjár hefur verið greiddur.

*Gjört að Bessastöðum, 10. júní 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

47

11. júní

## L Ö G

## um tollvörugeymslur o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## Almennar tollvörugeymslur.

## 1. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að tollgæzlan stofni og reki almennar tollvörugeymslur á höfnum, þar sem þess þykir þörf og húsakynni og aðrar aðstæður eru

til að reka slíkar geymslur. Í geymslum þessum lætur tollgæzlan þeim aðilum, er í 3. gr. getur, í té aðstöðu til að koma aðfluttum vörum í tollgeymslu. 47

11. júní

Ef sérstaklega stendur á, getur ráðherra heimilað sveitarfélögum, félögum eða einstaklingum að koma á fót og reka almenna tollvörugeymslu. Leyfi skal binda því skilyrði, að þeir aðilar, sem í 3. gr. getur, eigi þess kost að fá leigð afnot af geymslum með kjörum, sem ráðuneytið samþykkir. Ákvæði 9. og 10. greinar gilda um geymslur þessar.

#### 2. gr.

Óheimilt er að setja í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla vörur, sem innflutningur er bannaður á vegna sóttvarna, varna gegn alidýra- eða jurtasjúkdómum eða af öðrum öryggisástæðum.

Í tollvörugeymslur, sem tollgæzlan rekur, er ennfremur óheimilt að setja efni, sem eru eldfim eða sprengihætta stafar af, eða vörur sem annars getur stafað hættu af fyrir tollvörugeymsluna eða vörur, sem þar eru geymdar.

Að öðru leyti en því, er í 1. og 2. málsgrein getur, ákveður fjármálaráðherra með auglýsingu, hverjar vörur megi setja í tollgeymslu.

#### 3. gr.

Með þeim takmörkunum, sem í 2. gr. segir, geta innflutningsverzlanir, iðnrekendur, útgerðarfyrirtæki og aðrir, sem svipaðra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við innflutning, komið vörum í tollvörugeymslur þær, sem í þessum kafla greinir, án undanfarandi greiðslu tolla eða annarra aðflutningsgjalda. Vörur, sem settar eru í slíkar geymslur, hljóta endanlega tollafgreiðslu, þegar þær eru fluttar úr geymslunni. Þó má senda vörur úr tollvörugeymslu til annarra tollhafna samkvæmt þeim reglum, sem gilda um flutning á ótollafgreiddum vörum innanlands. Einnig er heimilt að flytja vörur milli almennra tollvörugeymslna, eða úr slíkri geymslu í forðageymslu samkvæmt II. kafla, og í tollfrjálsar birgðageymslur samkvæmt 1. málsgrein 15. gr.

Nú er innlent tollvörugjald, eða aðflutningsgjöld af erlendu hráefni, endurgreitt af innlendri iðnaðarvöru við útflutning hennar, og er þá heimilt að setja slíkar útflutningsvörur í tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla. Heimilt er að endurgreiða framangreind gjöld, þegar varan er komin í tollvörugeymsluna.

Vöru, sem sett hefur verið í almenna tollvörugeymslu, skal tollafgreiða endanlega innan eins árs frá því hún kom til landsins, nema fjármálaráðherra samþykki lengri frest.

Ef um er að ræða vörur þær, er um getur í 2. mgr. þessarar gr., skal flytja þær úr landi innan eins árs frá því, er þær voru settar í tollvörugeymslu, að öðrum kosti ber að greiða af þeim þau gjöld, sem endurgreidd voru, þegar varan var flutt í geymslu.

#### 4. gr.

Hver sá, er setur vörur í tollvörugeymslu, skal setja ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu opinberra skuldbindinga sinna, þar með talið geymslugjald eða leiga, ef tollgæzlan rekur geymsluna. Ráðherra ákveður fjárhæð og form slíkrar tryggingar.

#### 5. gr.

Sá, sem óskar að koma vöru í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla, skal afhenda tollstjóra innflutningsskýrslu um vöruna. Í skýrslunni skal greina: Eiganda vöru eða umráðamann, innflutningsfarartæki, farmskráarnúmer, tölu og tegund stykkja og merkingu þeirra. Ennfremur öll þau atriði, sem krafizt er í venjulegri tollinnflutningsskýrslu um vörumagn, verðmæti vöru og annað, sem máli skiptir um tollflokkun hennar og útreikning aðflutningsgjalda af henni. Skýrslunni skulu fylgja þau gögn til staðfestingar verðmæti, vörutegund og vörumagni, sem krafizt

47 er að fylgi venjulegum tollinnflutningsskýrslum. Í skýrslunni eða gögnum þeim, 11. júní sem henni fylgja, skal koma greinilega fram, hvert er innihald hvers einstaks stykkis, sem sett er í tollgeymslu.

Skýrslur og gögn samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar skulu lögð fram í tvíriti. Annað eintakið geymir tollstjóri í því undæmi, þar sem varan er í geymslu. Hitt eintak skjalanna varðveita tolleftirlitsmenn þeir, sem hafa umsjón með vörzlu vörunnar. Sé varan flutt ótollafrageidd í annað tollumdæmi, skulu skjöl þessi send tollstjóra þar.

#### 6. gr.

Ákveða má í reglugerð lágmark þess vörumagns, sem hverju sinni má setja í tollvörugeymslu eða taka úr henni. Ekki má þó leyfa, að vörur séu teknar úr venjulegum heildsöluumbúðum í tollvörugeymslu til að skipta þeim í smærri einingar til tollafrageiðslu. Heimilt skal þó að taka úr geymslu sýnishorn af vöru, þótt í smærri stíl sé en hér var greint, samkvæmt reglum, sem um það verða settar.

#### 7. gr.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um birgðabókhald og aðra bókfærslu í sambandi við tollvörugeymslur. Á sama hátt skal setja reglur um tollafrageiðslu vara í tollgeymslu og færslu vara milli tollvörugeymslna.

## II. KAFLI

### Um tollfrjálsar forðageymslur.

#### 8. gr.

Ráðherra getur leyft skipaútgerðum og flugfélögum, sem eiga farartæki að staðaldrí í förum milli Íslands og annarra landa, að geyma vistir, útbúnað og annan forða fyrir þau farartæki í sérstökum geymslum án greiðslu aðflutningsgjalda.

Ákvæði 1. mgr. taka ekki til veiðiskipa, sem sigla með eigin afla á erlendan markað.

#### 9. gr.

Ekki má reka tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla í öðrum húsum en þeim, sem tollyfirvöld hafa samþykkt til þeirra nota. Slíkt samþykki verður því aðeins veitt, að hús séu traust og vel búin til geymslu á vörum. Gluggar og dyraumbúnaður skal vera öruggt og þannig sett, að auðvelt sé að hafa eftirlit með allri umferð í geymslurnar og úr þeim. Úr tollvörugeymslu má aldrei vera innangengt til húsakynna, sem höfð eru til annarra nota.

Skýlt er þeim, sem tollvörugeymslu rekur, að leggja tollgæzlunni til endurgjalds-laust nægilegt og hæfilega búið athafnapláss til vöruskoðunar og annars eftirlits í hverri vörugeymslu og ennfremur þau áhöld og tæki, sem nauðsynleg eru til slíks eftirlits.

Tollyfirvöld geta fyrirskipað, að vörur, sem eru í hæstu gjaldaflokkum eða eru að einhverju leyti vandgeymdar, megi aðeins geyma í sérstaklega lokuðum rúmum innan tollvörugeymslnanna.

Aldrei má geyma samtímis í sömu húsakynnum tollgeymslurvörur og annan varning.

#### 10. gr.

Engar breytingar má gera á húsakynnum tollvörugeymslu né umbúnaði hennar nema að fengnu samþykki tollyfirvalda.

Gangi húsakynni tollvörugeymslu svo úr sér, vegna skorts á viðhaldi eða annars, að þau fullnægja ekki lengur kröfum tollyfirvalda, geta þau bannað afnot þeirra,

unz úr hefur verið bætt. Verði geymsluhafi ekki við áskorun um að bæta úr því, 47  
sem aflaga hefur farið, innan hæfilegs tíma, má svipta hann leyfi til að reka toll- 11. júní  
vörugeymslu.

#### 11. gr.

Í geymslur þær, er um ræðir í þessum kafla laganna, má setja vörur: a) sem fluttar eru inn í því skyni, b) sem keyptar eru hérlendis ótollafgreiddar og fluttar eru í geymsluna úr almennri tollvörugeymslu samkvæmt I. kafla eða úr vörugeymslu skipa- eða flugfélags, sem hefur heimild til að geyma ótollafgreiddar vörur, c) úr birgðum skipa eða flugvéla geymsluhafa, d) innlendar framleiðsluvörur.

Þegar heimilt er að endurgreiða innlent tollvörugjald eða aðflutningsgjöld af hráefni í iðnaðarvöru við útflutning, má einnig endurgreiða þessi gjöld, þegar vöru hefur verið komið í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla.

#### 12. gr.

Úr tollvörugeymslum samkvæmt þessum kafla má aðeins flytja vörur sem birgðaförða beint í farartæki, sem er í utanlandsferðum, enda séu vörurnar einungis notaðar í því farartæki. Þó getur ráðuneytið leyft endurútflutning eða endursendingu á þessum vörum. Ennfremur má, ef sérstaklega stendur á, svo sem að vörur liggi undir skemmdum, heimila tollafgreiðslu á þeim til neyzlu eða sölu innanlands, að fullnægðum lögboðnum innflutningsskilyrðum.

#### 13. gr.

Vörur úr tollvörugeymslum samkvæmt þessum kafla má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til annarra tollhafna, ef fylgt er þeim skilyrðum, sem tollýfirvöld setja hverju sinni um eftirlit og trygglegan umbúnað við flutninginn. Undanskilja má vissa vöruflokkka slíkum flutningi.

#### 14. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 2. gr., 4., 5. og 7. gr. laga þessara gilda og um tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við á. Ákvæði 5. gr. um innflutningsskýrslur og fylgiskjöl þeirra gilda þó ekki um skipsförða eða förða flugvéla, sem settur kann að verða í tollvörugeymslu. Ákvæði um innflutningsskjöl og tollmeðferð slíks förða skulu sett í reglugerð.

Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasala ríkisins geta, ef sérstaklega stendur á, heimilað, að vörur, sem einkasala þeirra nær til, séu settar í tollvörugeymslu samkvæmt þessum kafla.

### III. KAFLI

#### Um tollfrjálsar verzlanir.

#### 15. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reka verzlanir með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurlflugvelli og Keflavíkurlflugvelli. Birgðir þeirra verzlana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum, sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla, sem eru að leggja af stað til útlanda, þannig að varan sé flutt undir toleftirliti um borð í flugvélinu. Fyrirskipa skal, að vörur þessar séu afhentar kaupanda í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum, sem kaupandi ber ábyrgð á, að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrr en komið er út úr íslenskri tolllandhelgi. Ennfremur er verzlunum þeim, sem hér um ræðir,



47 heimilt að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt 11. júní reglum, er ráðherra setur.

Verzlanir og vörugeymslur samkvæmt þessari grein eru háðar tolleftirliti, og gilda um vörugeymslurnar ákvæði 5., 7., 9., 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

Verzlanir og vörugeymslur á Keflavíkurflugvelli skulu lúta yfirstjórn ráðherra þess, er fer með utanríkismál.

Ráðherra getur heimilað einkasölum ríkisins að selja skipum og flugvélum í utanlandsferðum vörur sínar sem neytluförða tollfrjálst og samkvæmt sérstökum reglum um álagningu. Einkasölum skulu endurgreidd aðflutningsgjöld af þeim vörum, sem þannig eru seldar.

#### IV. KAFLI

##### Um flutningageymslur (transit-geymslur).

###### 16. gr.

Heimila má skipaútgerðum og flugfélögum, sem reka millilandaferðir, að leggja hér á land vörur og geyma í sérstökum vörugeymslum án greiðslu aðflutningsgjalda, meðan þær bíða hér endurútlutnings. Ákvæði 4., 7., 9. og 10. gr. laga þessara eiga við um tollvörugeymslur samkvæmt þessum kafla. Ráðherra getur undanþegið útgerðarfélög og flugfélög því að setja tryggingu skv. 4. gr. í sambandi við rekstur geymslu samkvæmt þessum kafla.

###### 17. gr.

Þegar vara er sett í geymslu samkvæmt þessum kafla, skal gerð um hana innflutningsskýrsla, er greini innflutningsfarartæki, farmskrárnúmer, tölu, tegund og merkingu stykkja og ákvörðunarhöfn vörunnar. Skýrslan skal lögð fram í tvíriti til þeirra aðila, sem í 2. mgr. 5. gr. segir.

Ef ástæða þykir til, getur tollstjóri eða tollgæzlumenn krafizt nánari skýrslna eða gagna um tegund, magn og verðmæti vöru, sem lögð er í geymslu samkvæmt þessum kafla.

#### V. KAFLI

##### Ýmis ákvæði.

###### 18. gr.

Tollvörugeymslur þær, er um ræðir í I.—IV. kafla, skulu að jafnaði vera bæði undir lás geymsluhafa og lás og innsigli tollgæzlunnar.

Tolleftirlitsmenn skulu hafa óhindraðan aðgang að vörugeymslum til rannsóknar og eftirlits. Þeir rannsaka vörur, sem fluttar eru í tollvörugeymslur og úr þeim, eftir því sem þurfa þykir til að staðreyna, að rétt sé frá skýrt um vörutegund og vörumagn. Þeim ber að gæta þess, að óviðkomandi mönnum sé ekki leyfð umferð um tollvörugeymslur, og hafa vald til að rannsaka allar vörur og muni, sem þar eru eða fluttir eru í geymslurnar eða úr þeim. Rannsóknarheimild þessi nær til leitar í hvers konar farartækjum, sem um geymslurnar fara eða flytja menn eða muni að þeim eða frá, svo og til leitar á mönnum, sem starfa við slíka flutninga, eru staddir í geymslunum eða eru á leið úr þeim.

###### 19. gr.

Tollgæzlumenn geta, hvenær sem er, gert birgðatalningu í tollvörugeymslum og krafizt þess, að geymsluhafi leggi til þá aðstoð, sem þarf til að talning verði framkvæmd.

Geymsluhafi er skyldur til að sýna tolefftirlitsmönnum birgðabókhald sitt, hvernær sem krafizt er. Hann og starfsmenn hans eru skyldir til að gefa tolefftirlitsmönnum hverjar þær upplýsingar, sem þeir óska varðandi geymsluvörur, og veita þeim hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf þeirra. 47 11. júní

#### 20. gr.

Óheimilt er að flytja vörur í tollvörugeymslu, nema fyrir liggja skriflegt leyfi tollstjóra í því umdæmi, þar sem tollvörugeymsla er. Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vörur, sem fluttar eru í tollfrjálsa forðageymslu úr birgðaforða skips eða flugvélar, sbr. c-lið 11. gr., né um vörur, sem settar eru í flutningageymslur, samkvæmt ákvæðum IV. kafla.

#### 21. gr.

Vörur má ekki flytja úr tollvörugeymslu, nema fyrir liggja skriflegt leyfi tollstjóra í því umdæmi, þar sem tollvörugeymslan er. Ákvæði þetta gildir hvorki um vörur í forðageymslum samkvæmt II. kafla, né um vörur, sem seldar eru úr verzlunum þeim, er um ræðir í III. kafla.

#### 22. gr.

Óheimilt er að neyta varnings, sem er í tollgeymslu, eða nota hann á annan hátt innan tollvörugeymslunnar.

52 þykki breytinguna ekki. Með  $\frac{2}{3}$  hluta 11. júní atkvæða getur þingið ákveðið, að samþykkt sé þess eðlis, að sérhver aðili sem gefið hefur slíka yfirlýsingu og samþykkir breytinguna ekki innan tólf mánuða eftir gildistöku, hætti þá aðild að samþykktinni.

#### 53. gr.

Sérhverja breytingu, sem samþykkt er skv. 52. gr., skal afhenda framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem þegar sendir öllum aðildarríkjum afrit.

#### 54. gr.

Yfirlýsingu eða samþykki skv. 52. gr. skal senda framkvæmdastjóranum, sem afhendir framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skjalið. Framkvæmdastjórinn tilkynnir aðilum um móttöku slíkra skjala og hvaða dag breytingin gangi í gildi.

### XV. KAFLI

#### Túlkun.

#### 55. gr.

Sérhverri spurningu eða deilu varðandi túlkun eða beitingu samþykktarinnar ber að vísa til þingsins eða jafna á annan hátt, er deiluaðilar koma sér saman um. Ekkert, sem í grein þessari segir, fyrirbyggir þó að ráðið eða öryggismálanefndin jafni þau vanda- eða deilumál, sem upp kunna að koma í sambandi við starfsemi þeirra.

#### 56. gr.

Lögfræðilegum vandamálum, sem eigi fást leyst skv. ákvæðum 55. gr., ber stofnuninni að vísa til alþjóðadómstóls-

those which, before it comes into force, make a declaration that they do not accept the amendment. The Assembly may by a two-thirds majority vote determine at the time of its adoption that an amendment is of such a nature that any member which has made such a declaration and which does not accept the amendment within a period of twelve months after the amendment comes into force shall, upon the expiration of this period, cease to be a party to the Convention.

#### Article 53

Any amendment adopted under article 52 shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who will immediately forward a copy of the amendment to all members.

#### Article 54

A declaration or acceptance under article 52 shall be made by the communication of an instrument to the Secretary-General for deposit with the Secretary-General of the United Nations. The Secretary-General will notify members of the receipt of any such instrument and of the date when the amendment enters into force.

### PART XV.

#### Interpretation.

#### Article 55

Any question or dispute concerning the interpretation or application of the Convention shall be referred for settlement to the Assembly, or shall be settled in such other manner as the parties to the dispute agree. Nothing in this article shall preclude the Council or the Maritime Safety Committee from settling any such question or dispute that may arise during the exercise of their functions.

#### Article 56

Any legal question which cannot be settled as provided in article 55 shall be referred by the Organization to the Inter-

ins til ráðgefandi álits, skv. 96. gr. stofnskrár Sameinuðu þjóðanna.

national Court of Justice for an advisory opinion in accordance with Article 96 of the Charter of the United Nations. **52** 11. júní

## XVI. KAFLI Ýmis ákvæði.

### 57. gr.

#### *Undirskrift og samþykkt.*

Með tilvísun til ákvæða III. kafla liggur samþykktin fyrir til undirritunar eða samþykktar og ríki geta gerzt aðilar að henni með því að: —

- a. Undirrita án fyrirvara um samþykki;
- b. Undirrita að tilskildu samþykki síðar;  
eða
- c. Samþykkja.

Samþykki er tjáð með því að afhenda framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna skjal.

### 58. gr.

#### *Landssvæði.*

- a. Aðilar geta hvenær sem er gefið yfirlýsingu þess efnis, að aðild þeirra að samningnum nái til eins eða fleiri landssvæða, sem þeir fari með utanríkismál fyrir.
- b. Samningurinn nær ekki til landssvæða, sem aðilar fara með utanríkismál fyrir, nema yfirlýsing þess efnis hafi verið gefin fyrir þeirra hönd, skv. ákvæðum stafliðs a. í þessari grein.
- c. Yfirlýsingu skv. staflið a. þessarar greinar ber að tilkynna framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og sendir hann afrit öllum ríkjum, sem boðið var á siglingamálaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og þeim ríkjum öðrum, sem gerzt hafa aðilar.
- d. Þar sem Sameinuðu þjóðirnar hafa stjórn á hendi samkvæmt gæzluverndarsamningi, geta S. þ. samþykkt samninginn fyrir hönd eins eða fleiri

## PART XVI Miscellaneous Provisions.

### Article 57

#### *Signature and Acceptance.*

Subject to the provisions of Part III the present Convention shall remain open for signature or acceptance and States may become parties to the Convention by:

- a. Signature without reservation as to acceptance.
- b. Signature subject to acceptance followed by acceptance; or
- c. Acceptance.

Acceptance shall be effected by the deposit of an instrument with the Secretary-General of the United Nations.

### Article 58

#### *Territories.*

- a. Members may make a declaration at any time that their participation in the Convention includes all or a group or a single one of the Territories for whose international relations they are responsible.
- b. The Convention does not apply to Territories for whose international relations members are responsible unless a declaration to that effect has been made on their behalf under the provisions of paragraph a. of this article.
- c. A declaration made under paragraph a. of this article shall be communicated to the Secretary-General of the United Nations and a copy of it will be forwarded by him to all States invited to the United Nations Maritime Conference and to such other States as may have become members.
- d. In cases where under a Trusteeship Agreement the United Nations is the administering authority, the United Nations may accept the Convention on

**52** gæzluverndarsvæða, á þann hátt, sem  
11. júní í 57. gr. segir.

59. gr.  
*Úrsögn.*

- a. Sérhver aðili getur sagt sig úr stofnuninni með skriflegri tilkynningu til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem lætur þegar aðra aðila og framkvæmdastjóra stofnunarinnar vita um tilkynninguna. Úrsögn má tilkynna hvenær sem er, að tólf mánuðum liðnum frá þeim degi, er samþykktin gekk í gildi. Úrsögnin tekur gildi að tólf mánuðum liðnum frá þeim degi, er framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna barst hin skriflega tilkynning.
- b. Aðili, sem fer með utanríkismál fyrir landssvæði, sem samþykktin nær til skv. 58. gr., getur hvenær sem er tilkynnt framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að því sé lokið, en Sameinuðu þjóðirnar tilkynna um það fyrir gæzluverndarsvæði sem þær stjórna. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna birtir þegar öllum aðilunum og framkvæmdastjóra stofnunarinnar tilkynninguna. Tekur hún gildi að tólf mánuðum liðnum, frá því hún barst framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í hendur.

XVII. KAFLI  
Gildistaka.

60. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi þann dag, sem 21 ríki (en skipastóll sjö þeirra sé ekki minni en 1.000.000 brúttó-rúmllestir hvers um sig) hafa gerzt aðilar að honum, skv. 57. gr.

behalf of one, several, or all of the Trust Territories in accordance with the procedure set forth in Article 57.

Article 59

*Withdrawal.*

- a. Any member may withdraw from the Organization by written notification given to the Secretary-General of the United Nations, who will immediately inform the other members and the Secretary-General of the Organization of such notification. Notification of withdrawal may be given at any time after the expiration of twelve months from the date on which the Convention has come into force. The withdrawal shall take effect upon the expiration of twelve months from the date on which such written notification is received by the Secretary-General of the United Nations.
- b. The application of the Convention to a Territory or group of Territories under article 58 may at any time be terminated by written notification given to the Secretary-General of the United Nations by the member responsible for its international relations or, in the case of a Trust Territory of which the United Nations is the administering authority, by the United Nations. The Secretary-General of the United Nations will immediately inform all members and the Secretary-General of the Organization of such notification. The notification shall take effect upon the expiration of twelve months from the date on which it is received by the Secretary-General of the United Nations.

PART XVII  
Entry into Force.

Article 60

The present Convention shall enter into force on the date when 21 States of which seven shall each have a total tonnage of not less than 1 000 000 gross tons of shipping, have become parties to the Convention in accordance with article 57.

## 61. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tilkynnir öllum þeim ríkjum, sem boðið var á siglingamálaráðstefnu S. þ., og öðrum ríkjum, sem gerzt hafa aðilar, hvaða dag hvert ríki gerist aðili að samþykktinni og einnig hvaða dag hún tekur gildi.

## 62. gr.

Samþykkt þessa, sem gerð er á ensku, frönsku og spænsku og textar á þeim tungumálum öllum jafngildir, skal geyma hjá framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem sendir staðfest endurrit af henni sérhverju ríki, sem boðið var á siglingamálaráðstefnu S. þ. svo og öðrum ríkjum, sem gerzt hafa aðilar.

## 63. gr.

Sameinuðu þjóðunum heimilast að skrásetja samþykktina jafnskjótt og hún tekur gildi.

Þessu til staðfestu hafa viðkomandi ríkisstjórnir fullgilt undirritaða til að skrifa undir samninginn.\*

Viðauki I

(Skv. tilvísun í 17. gr.)

## Skipun fyrsta ráðsins.

Samkvæmt þeim meginreglum, sem um getur í 17. gr., ber að skipa fyrsta ráðið eins og hér segir: —

a. Aðilarnir sex skv. 17. gr. a. eru:

Grikkland	Svíþjóð
Holland	Bretland
Noregur	Bandaríkin

b. Aðilarnir sex skv. 17. gr. b. eru:

Argentína	Kanada
Ástralía	Frakkland
Belgía	Indland.

\* Sendimennirnir á ráðstefnunni undirrituðu aðeins enska textann, en áskilið var að allir textarnir þrír væru jafngildir.

## Article 61

The Secretary-General of the United Nations will inform all States invited to the United Nations Maritime Conference and such other States as may have become Members, of the date when each State becomes party to the Convention, and also of the date on which the Convention enters into force.

52

11. júní

## Article 62

The present Convention, of which the English, French and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who will transmit certified copies thereof to each of the States invited to the United Nations Maritime Conference and to such other States as may have become Members.

## Article 63

The United Nations is authorized to effect registration of the Convention as soon as it comes into force.

In witness whereof the undersigned being duly authorized by their respective Governments for that purpose have signed the present Convention.\*

Appendix I.

(Referred to in Article 17).

## Composition of the first Council.

In accordance with the principles set forth in article 17 the first Council shall be constituted as follows: —

a. The six members under article 17 a. being:

Greece	Sweden
Netherlands	United Kingdom
Norway	United States

b. The six members under article 17 b. being:

Argentina	Canada
Australia	France
Belgium	India

\* The delegates at the Conference placed their signatures after the English text only although it was understood that all three texts were equally authentic.



52 c. Þingið kýs tvo aðila, skv. 17. gr. c.,  
11. júní úr hópi ríkja, sem aðilarnir sex skv.  
staflíð a. í fylgiskjali þessu, tilnefna.

d. Þingið kýs tvo aðila skv. 17. gr. d.  
úr hópi þeirra ríkja er verulegra  
hagsmuna hafa að gæta vegna sjó-  
flutninga í viðskiptaskyni.

c. Two members to be elected by the  
Assembly under article 17 c. from a  
panel nominated by the six members  
named in paragraph a. of this Appen-  
dix.

d. Two members elected by the Assembly  
under article 17 d. from among the  
members having a substantial interest  
in international seaborne trade.

## Viðauki II

(Skv. tilvísun í 51. gr.)

### Réttarstaða, forréttindi og undanþágur.

Eftirfarandi ákvæði varðandi réttar-  
stöðu, forréttindi og undanþágur skulu  
gilda hjá aðilum gagnvart stofnuninni,  
unz þeir hafa fallizt á aðalsamþykktina  
um forréttindi og undanþágur sérstofn-  
ana, að því er siglingamálastofnunina  
varðar.

1. kafli. Á landssvæðum aðildarríkja-  
anna skal stofnunin njóta þeirrar rétt-  
arstöðu, sem nauðsynleg er til að hún  
ná tilgangi sínum og geti rækt störf sín.

2. kafli. a. Á landssvæðum aðildarríkja-  
anna skal stofnunin njóta þeirra forrétt-  
inda og undanþága, sem nauðsynlegar  
eru til að hún ná tilgangi sínum og  
geti rækt störf sín.

b. Fulltrúar aðila, þar á meðal varafull-  
trúar og ráðgjafar, svo og embættismenn  
og starfsmenn stofnunarinnar skulu á  
sama hátt njóta þeirra forréttinda og  
undanþága, sem nauðsynlegar eru til að  
þeir geti rækt störf sín sjálfstætt, í sam-  
bandi við stofnunina.

3. kafli. Við framkvæmd ákvæða 1.  
og 2. kafla fylgiskjals þessa ber aðilum  
að taka eins og framast er unnt tillit  
til hinna venjulegu ákvæða aðalsam-  
þykktarinnar, um forréttindi og undan-  
þágur sérstofnananna.

## Appendix II.

(Referred to in Article 51).

### Legal Capacity, Privileges and Immunities.

The following provisions on legal  
capacity, privileges and immunities shall  
be applied by members to, or in connexion  
with, the Organization pending their  
accession to the General Convention on  
Privileges and Immunities of Specialized  
Agencies in respect of the Organization.

Section 1. The Organization shall enjoy  
in the territory of each of its members  
such legal capacity as is necessary for  
the fulfilment of its purposes and the  
exercise of its functions.

Section 2. a. The Organization shall  
enjoy in the territory of each of its mem-  
bers such privileges and immunities as  
are necessary for the fulfilment of its  
purposes and the exercise of its functions.

b. Representatives of members includ-  
ing alternates and advisers, and officials  
and employees of the Organization shall  
similarly enjoy such privileges and im-  
munities as are necessary for the inde-  
pendent exercise of their functions in  
connexion with the Organization.

Section 3. In applying the provisions of  
sections 1 and 2 of this Appendix, the  
members shall take into account as far  
as possible the standard clauses of the  
General Convention on the Privileges and  
Immunities of the Specialized Agencies.

## L Ö G

53

14. júní

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „5%“ í 1. mgr. 8. gr. laganna komi: 2½%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

54

14. júní

um verðlagsmál.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með verðlagsákvarðanir fer sex manna nefnd, verðlagsnefnd. Formaður hennar skal vera ráðuneytisstjórinn í viðskiptamálaráðuneytinu. Hinir fimm nefndarmennirnir skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, þegar þessi lög taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið. Hver nefndarmaður skal tilnefna varamann, er taki sæti hans í forföllum.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar. Verði atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

2. gr.

Ráðherra sá, sem fer með verðlagsmál, skipar verðlagsstjóra. Verðlagsstjóri skal hafa eftirlit með því, að ákvörðunum verðlagsnefndar sé hlýtt. Hann gerir tillögur til verðlagsnefndar um verðlagsmál, auglýsir ákvarðanir hennar og annast allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið.

Verðlagsstjóri skal fylgjast með verðlagi í landinu. Heimild hans til öflunar upplýsinga í því skyni samkvæmt 10. gr. þessara laga skal einnig gilda um þær vörur, sem ekki eru háðar ákvæðum um hámarksálagningu eða hámarksverð.

Skal verðlagsstjóri leita samvinnu við verkalyðsfélög og önnur hagsmunasamtök neytenda víðs vegar um landið til að tryggja sem raunhæfast verðlagseftirlit.

54

14. júní

Verðlagsnefnd getur ákveðið hámarksverð á vöru og verðmæti, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu.

Verðlagsákvarðanir allar skulu miðaðar við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur.

Verðlagsnefnd getur úrskurðað um hverja þá kostnaðarliði, er máli skipta um verðlagningu á vörum.

Þá getur verðlagsnefnd og ákveðið gjöld fyrir flutning á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verkstæða og annarra verktaka fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagnir, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Enn fremur getur verðlagsnefnd ákveðið hámarksverð á greiðasölu, veitingum, fæði, snyrtingu, fatapressun, aðgöngumiðum að almennum skemmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

## 4. gr.

Verðlagsnefnd getur að meira eða minna leyti falið verðlagsstjóra að taka í sínu umboði þær verðlagsákvarðanir, sem ræðir um í 3. gr.

## 5. gr.

Sala á milli heildverzlana innbyrðis og smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð eru. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

## 6. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd, skulu birtar þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið. Ákvarðanir skulu birtar þannig, að þær verði kunnar almenningi á því verðlags-svæði, er þær ná til.

## 7. gr.

Verðlagsstjóri skal mánaðarlega birta skýrslu, er sýni hæsta og lægsta verð á helztu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitala byggist á, og á 3 mánaða fresti skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð á aðaltegundum byggingarefnis í Reykjavík og Hafnarfirði. Jafnframt skal verðlagsstjóri afla upplýsinga um útsöluverð sömu vörutegunda á helztu verzlunarstöðum annars staðar á landinu og birta tvisvar á ári skýrslu, er sýni hæsta og lægsta útsöluverð þar á þessum vörum. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

## 8. gr.

Ef tollverð vöru miðast við lægra verð en í innkaupsreikningi greinir, svo sem vegna galla eða skemmda, skal útsöluverð vörunnar miðast við það innkaupsverð, sem lagt er til grundvallar við greiðslu aðflutningsgjalda.

## 9. gr.

Verðlagsstjóri getur fyrirskipað að verðmerkja vörur, festa upp verðskrár í verzlunum og verkstæðum og annað slíkt, sem hann telur auðveldla viðskipti og eftirlit með verðlagi.

## 10. gr.

Verðlagsstjóri og þeir, sem með verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit fara samkvæmt lögum þessum, geta krafist hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsyn í starfi sínu.

54

14. júní

## 11. gr.

Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á ákvæðum þessara laga.

## 12. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti tveir menn: Hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómandi skipaður af dómsmálaráðherra að fengnum tillögum þriggja manna, tilnefndra af stjórnunum Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til þriggja ára. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

## 13. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómenda dæmi héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til Hæstaréttar eftir reglum um kæru.

## 14. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

## 15. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómurinn ákveði annað.

## 16. gr.

Ef ágreiningur verður á milli dómara, sker atkvæði formanns úr. Formaður gefur út dómargerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

## 17. gr.

Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjóðómi.

## 18. gr.

Áfrýjun mála til Hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.

## 19. gr.

Þeim, sem annast framkvæmd þessara laga, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atvöldum, sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

54

14. júní

20. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 50—500 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum, og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 35 27. apríl 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, með áorðnum breytingum og viðaukum og VIII. kafla laga nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

55

14. júní

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1957.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1957, eru veittar kr. 106 674 897.03 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstmál .....	kr.	2 604 352.20
en tekjur fóru kr. 1 956 271.08 fram úr fjárlagaáætlun.		
2. Síminn .....	—	4 998 413.10
en tekjur fóru kr. 2 931 904.55 fram úr fjárlagaáætlun.		
3. Áfengisverzlun ríkisins .....	—	3 337 750.26
en brúttótekjur urðu kr. 23 039 030.81 umfram fjárlagaáætlun.		
4. Tóbakseinkasala ríkisins .....	—	682 415.81
en brúttótekjur urðu kr. 10 281 715.60 umfram fjárlagaáætlun.		
5. Ríkisútvarpið .....	—	2 132 997.69
en tekjur fóru kr. 1 224 473.71 umfram fjárlagaáætlun.		
6. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg .....	—	622 274.37
af kr. 677 928.92 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7. Innkaupastofnun ríkisins .....	—	184 818.61
af kr. 429 782.34 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		

8. Bessastaðabú .....	kr.	100 510.03	<b>55</b>
af kr. 157 323.43 tekjum umfram fjárlagaáætlun.			14. júní
9. Kópavogsbú .....	—	31 056.01	
af kr. 35 434.53 tekjum umfram fjárlagaáætlun.			
10. Skólábúið á Hólum .....	—	354 330.34	
en tekjur fóru kr. 338 262.04 umfram fjárlagaáætlun.			
11. Skólábúið á Hvanneyri .....	—	220 187.47	
af kr. 226 195.08 tekjum umfram fjárlagaáætlun.			

---

Kr. 15 269 105.89

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. eru veittar .....	kr.	899 261.95
— — — — - 8. — — .....	—	530 974.11
— — — — - 10. — — .....	—	2 018 264.77
— — — — - 11. — A. — .....	—	4 956 514.41
— — — — - 11. — C. — .....	—	1 969 813.92
— — — — - 11. — D. — .....	—	30 508.53
— — — — - 13. — A. — .....	—	4 518 010.80
— — — — - 13. — B. — .....	—	1 200 788.23
— — — — - 13. — C. — .....	—	919 926.87
— — — — - 13. — D. — .....	—	5 102 725.85
— — — — - 14. — B. — .....	—	3 694 196.18
— — — — - 15. — A. — .....	—	499 594.79
— — — — - 16. — A. — .....	—	1 416 881.99
— — — — - 16. — B. — .....	—	1 648 963.74
— — — — - 16. — D. — .....	—	879 734.34
— — — — - 17. — — .....	—	4 073 005.51
— — — — - 18. — — .....	—	3 106 634.42
— — — — - 19. — 1. — .....	—	17 369 464.91
— — — — - 19. — 3. — .....	—	8 143 515.59

---

Kr. 78 247 886.80

Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar .....

---

Inn fóru kr. 3 183 392.59 fram úr fjárlagaáætlun.

Samtals kr. 106 674 897.03

---

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**  
(L. S.)

---

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1957.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1957 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

56		Innborganir:				Áætlun:	Reikningur:
14. júní	1.	Tekjur samkvæmt 2. gr.	fjárlaga	..	kr. 648 800 000.00	kr. 655 130 878.61	
	2.	— — — 3. — A.	—	..	— 152 609 000.00	— 179 987 025.53	
	3.	— — — 3. — B.	—	..	— 10 000.00	— 19 206.64	
	4.	— — — 4. —	—	..	— 1 983 000.00	— 2 817 429.70	
	5.	— — — 5. —	—	..	— 5 750 000.00	— 10 667 476.89	
	6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga			— 2 450 000.00	— 62 480 076.21	
		Greiðslujöfnuður .....			— „	— 6 991 524.59	
					Kr. 811 602 000.00	Kr. 918 093 618.17	

		Útborganir:				Áætlun:	Reikningur:
	1.	Gjöld samkvæmt 7. gr.	fjárlaga	..	kr. 2 537 073.00	kr. 3 436 334.95	
	2.	— — — 8. —	—	..	— 940 060.00	— 1 471 034.11	
	3.	— — — 9. —	—	..	— 6 652 797.00	— 8 287 831.31	
	4.	— — — 10. — I.	—	..	— 11 580 433.00	— 13 217 494.64	
	5.	— — — 10. — II.	—	..	— 1 934 669.00	— 1 844 000.79	
	6.	— — — 10. — III.	—	..	— 9 452 892.00	— 9 924 763.34	
	7.	— — — 11. — A.	—	..	— 42 587 437.00	— 47 543 951.41	
	8.	— — — 11. — B.	—	..	— 3 295 062.00	— 2 461 563.64	
	9.	— — — 11. — C.	—	..	— 17 596 685.00	— 19 566 498.92	
	10.	— — — 11. — D.	—	..	— 900 000.00	— 930 508.53	
	11.	— — — 12. —	—	..	— 53 397 936.00	— 52 713 889.87	
	12.	— — — 13. — A.	—	..	— 70 148 407.00	— 74 666 417.80	
	13.	— — — 13. — B.	—	..	— 18 371 600.00	— 19 572 388.23	
	14.	— — — 13. — C.	—	..	— 18 208 887.00	— 19 128 813.87	
	15.	— — — 13. — D.	—	..	— 4 963 843.00	— 10 066 568.85	
	16.	— — — 14. — A.	—	..	— 13 266 230.00	— 13 245 129.01	
	17.	— — — 14. — B.	—	..	— 106 827 022.00	— 110 521 218.18	
	18.	— — — 15. — A.	—	..	— 9 796 497.00	— 10 296 091.79	
	19.	— — — 15. — B.	—	..	— 11 431 824.00	— 11 179 633.56	
	20.	— — — 16. — A.	—	..	— 67 045 536.00	— 68 462 417.99	
	21.	— — — 16. — B.	—	..	— 11 435 683.00	— 13 084 646.74	
	22.	— — — 16. — C.	—	..	— 3 830 000.00	— 3 830 000.00	
	23.	— — — 16. — D.	—	..	— 30 059 935.00	— 30 939 669.34	
	24.	— — — 17. —	—	..	— 100 764 721.00	— 104 837 726.51	
	25.	— — — 18. —	—	..	— 18 621 725.00	— 21 728 359.42	
	26.	— — — 19. — 1.	—	..	— 84 100 000.00	— 101 469 464.91	
	27.	— — — 19. — 2.	—	..	— 1 350 000.00	— 1 350 000.00	
	28.	— — — 19. — 3.	—	..	— 2 500 000.00	— 10 643 515.59	
	29.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga			— 86 723 786.00	— 131 673 684.87	
		Greiðslujöfnuður .....			— 1 281 260.00	— „	
					Kr. 811 602 000.00	Kr. 918 093 618.17	

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.  
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

57

5. júlí

um bann gegn vinnustöðvun íslenzkra atvinnuflugmanna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að Félag íslenzkra atvinnuflugmanna hafi boðað til vinnustöðvunar hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum frá og með 6. þ. m. að telja.

Komi slík vinnustöðvun til framkvæmda, myndi hún valda algerri stöðvun á flugi þeirra tveggja íslenzkra flugfélaga, sem halda uppi reglubundnu áætlunarflugi, en rekstursafkoma félaga þessara mun ekki þola slíka stöðvun nú og væri framtíð þeirra teflt í mikla hættu, ef starfsemi þeirra væri þannig stöðvuð.

Slík stöðvun myndi nú, er þúsundir erlendra ferðamanna hafa pantað far hjá félögum þessum, verða flugfélögunum og þjóðinni allri álitshnekkir og stórspilla samkeppnisaðstöðu íslenzkra flugfélaga á alþjóðavettvangi.

Loks myndi stöðvun á starfsemi flugfélaganna, þar með á flugi á innlendum flugleiðum, valda innlendum aðilum tilfinnanlegum óþægindum og tjóni.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir framangreinda stöðvun á starfsemi íslenzkra flugfélaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

## 1. gr.

Óheimilt skal að hefja verkfall það, sem Félag íslenzkra atvinnuflugmanna hefur boðað til hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum 6. júlí 1960, svo og aðrar slíkar vinnustöðvanir hjá íslenzkum atvinnuflugmönnum, fyrir 1. nóvember 1960.

## 2. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. júlí 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.



## L Ö G

## um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 31. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál, hef látið fella efni þessarar 31. gr. inn í meginmál laga nr. 73/1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og gef þau út á ný með áorðnum breytingum:

## 1. gr.

Þegar samið er um vexti af skuld, en ekki tiltekin upphæð þeirra, skulu þeir vera jafnháir vöxtum af almennum sparisfjárreikningum hjá bönkum og sparisjóðum.

## 2. gr.

Ef skuld er tryggð með veði í fasteign eða með handveði, er heimilt að taka af henni ársvexti, sem séu jafnháir þeim vöxtum, er stjórn Seðlabankans leyfir bönkum og sparisjóðum að taka hæsta fyrir þannig tryggð lán á þeim tíma, er til skuldar er stofnað, sbr. 16. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands, eða breytilegir í samræmi við þá vexti.

## 3. gr.

Heimilt er að áskilja ársvexti af öðrum skuldum en þeim, er greinir í 2. gr., jafnháa og almennir útlánsvextir eru hæstir á þeim tíma, sem til skuldar er stofnað, hjá bönkum og sparisjóðum, sbr. 16. gr. laga nr. 63/1957, eða breytilega í samræmi við þá vexti.

## 4. gr.

Nú er áskilið annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar en vextir af henni, og má það aldrei vera herra en svo, að endurgjaldið alls svari til þeirrar vaxtahæðar af höfuðstól skuldarinnar, er getur um í 2. og 3. gr.

## 5. gr.

Þegar skuldari greiðir eigi skuld sína á réttum tíma, er hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar unz hann greiðir hana að greiða skuldareiganda í dráttarvexti af henni einum meira af hundraði en heimilað er í 1. gr. eða um hefur verið samið milli aðilja, þó svo, að dráttarvextir fari aldrei meira en 1% fram úr vaxtahæð þeirri, sem getur um í 2. og 3. gr.

## 6. gr.

Ef samið er um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkv. lögum þessum, eru þeir samningar ógildir, og hafi slíkt verið greitt, ber skuldareiganda að endurgreiða skuldara þá fjárhæð, sem hann hefur þannig ranglega af honum haft.

Sá, sem áskilur sér vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umliðun skuldar, eða dráttarvexti fram yfir það, sem leyfilegt er samkv. lögum þessum, svo og sá, sem er milligöngumaður við slíka samninga, skal sæta sektum, er eigi séu lægri en fjórfaldur og eigi hærri en tuttugu og fimmfaldur ágóði sá, er ólöglega var áskilinn eða tekinn. Nú verður eigi sannað, hve mikill sá ágóði var, og skal þá ákveða sektina eftir málavöxtum.

## 7. gr.

Hafi nokkur maður notað sér bágindi annars manns, einfeldni hans, fákunnáttu eða léttúð eða það, að hann var honum háður, til þess að afla sér hagsmuna eða

áskilja sér þá, þannig, að bersýnilegur mismunur sé á hagsmunum þessum og endurgjaldi því, er fyrir þá kom eða skyldi koma, eða hagsmunir þessir skyldu veittir án endurgjalds, skal gerningur sá, er þannig er til kominn, ógildur gagnvart þeim aðila, er á var hallað með honum. 58 28. júní

Sama gildir, þótt annar maður en sá, sem gerningurinn var gerður við, eigi sök á misferli því, sem getið er í 1. málsg. þessarar greinar, enda sé þeim, er haginn átti að hafa af gerningnum, það kunnugt eða megi vera það kunnugt.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og frá sama tíma er úr gildi numin tilskipun frá 27. maí 1859, um leiguburð af peningum, og lög frá 7. febr. 1890. um vexti, Önnur lagaákvæði um vexti og dráttarvexti, svo og 232. gr. siglingalaga, nr. 56 30. nóv. 1914, skulu halda gildi sínu.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75/1952, um breyting á lögum um bann við okri, dráttarvexti o. fl., nr. 73/1933.

*Gjört í Reykjavík, 28. júní 1960.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Gylfi Þ. Gíslason.*

## L Ö G

um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

59

19. júlí

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég hef látið fella meginmál laga nr. 15 6. apríl 1960, um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., ásamt 3. gr. laga nr. 116 27. nóv. 1947, 1.—2. og 4.—6 gr. laga nr. 40 4. apríl 1956, inn í lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### Um skipan og verkefni framleiðsluráðs.

#### 1. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi aðalframkvæmd laga þessara, og skal það skipað þannig: 5 mönnum kosnum af Stéttarsambandi bænda á fulltrúaráðsfundi þess, og sé einn þeirra formaður framleiðsluráðs, og 4 mönnum, er stjórn Stéttarsambandsins skipar samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila, einn frá hverjum: þeirri deild Sambands isl. samvinnufélaga, er fer með sölu landbúnaðarafurða, Mjólkursamsölunni í Reykjavík, Sláturfélagi Suðurlands og mjólkurbúunum utan mjólkursölusvæðis Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, allir til tveggja ára í senn. Framleiðsluráð kýs sér formann til sama tíma.

Þegar rætt er um málefni, er varða Sölufélag garðyrkjumanna eða Samband eggjaframleiðenda, ber að gefa fulltrúum þeirra félaga, einum frá hvoru, kost á að sitja fund framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.

59 Sama rétt getur framleiðsluráð veitt Sambandi smásöluverzlana, ef rétt er um 19. júlí málefni, sem það varða sérstaklega.

Framleiðsluráð kýs úr sínum flokki 3 menn í framkvæmdanefnd og jafnmarga til vara. Verkefni nefndarinnar er að taka ákvörðun um og afgreiða mál, sem ekki þykir fært að fresta til fundar framleiðsluráðs.

Framleiðsluráð ræður sér fulltrúa, ef annast dagleg störf, það getur einnig valið sér trúnaðarmenn til eftirlits, eftir því sem þörf krefur.

#### 2. gr.

Aðalverkefni framleiðsluráðs (auk þess sem um ræðir í 1. gr.) eru:

1. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara;
2. að stuðla að eflingu landbúnaðarframleiðslunnar í samstarfi við Búnaðarfélag Íslands, svo að hún fullnægi, eftir því sem kostur er á, þörfum þjóðarinnar;
3. að stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð varanna;
4. að vinna að aukinni hagnýtingu markaða fyrir þessar vörur utan lands og innan;
5. að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum eru hagfelldastar og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma;
6. að ákveða verðmiðlun á kindakjöti, mjólk og mjólkurvörum samkvæmt fyrir-mælum laga þessara;
7. að ákveða mjólkursölusvæði samkvæmt lögum þessum;
8. að verðskrá landbúnaðarvörur í samræmi við vísitölu hagstofunnar, sbr. 2. málsg. 6. gr. og 7. gr.

#### 3. gr.

Framleiðsluráð lætur safna og gefa út ár hvert skýrslu um framleiðslu landbúnaðarvara, vinnslu þeirra og sölu, markaði, markaðshorfur og afkomu landbúnaðarins á hverjum tíma.

Skylt er öllum þeim fyrirtækjum og stofnunum, er hafa með höndum vinnslu eða sölu landbúnaðarafurða, að láta ráðinu í té allar upplýsingar, er því geta að gagni komið við störf þess og þær geta veitt.

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna framleiðsluráðs. Skal þess jafnan gætt, að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram, að innlend framleiðsla fullnægi ekki neytluþörfinni, og útflutningur því aðeins, að nægilegt sé eftir í landinu til nota fyrir almenning af þeirri vöru, sem út er flutt.

## II. KAFLI

### Um verðskráningu.

#### 4. gr.

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

#### 5. gr.

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda landbúnaðarvara og neytenda, skal, á grundvelli ákvæðis 4. gr., ákveða afurðaverð til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga. Tveir nefndarmanna skulu tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af framleiðsluráði landbúnaðarins, en þrír af stjórnnum eftirtalinna samtaka neyt-

enda: Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna og Sjómannafélags 59  
Reykjavíkur.

19. júlí

Hagstofustjóri skal vera nefndinni til aðstoðar.

#### 6. gr.

Sex manna nefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til framleiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Verði samkomulag með öllum nefndarmönnum um slíkan verðlagsgrundvöll, þá skal verð það til framleiðenda, sem í honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.

Samhliða því að sex manna nefnd fjallar um ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsg. þessarar gr., skal framleiðsluráð landbúnaðarins láta í té rökstuddar tillögur um raunverulegan vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara og um smásöluálagningu, til verðlagningar á söluvörum landbúnaðarins frá byrjun viðkomandi verðlagsárs. Jafnframt skal framleiðsluráð leggja fyrir nefndina tillögu um hækkanir á söluverði kindakjöts og garðávaxta vegna geymslukostnaðar á verðlagsárinu. Sex manna nefnd skal, með hliðsjón af þessum tillögum framleiðsluráðs, leitast við að ná samkomulagi um vinnslu- og dreifingarkostnað landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu og um geymslukostnað kindakjöts og garðávaxta.

Nú næst ekki samkomulag í sex manna nefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsg. þessarar gr., eða varðandi verðlagningu söluvara samkvæmt 2. málsg. þessarar gr., og skal þá vísa ágreiningsatriðum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af fulltrúum framleiðenda í sex manna nefnd, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni. Yfirnefnd fellir fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriðin.

Ákvæðin um yfirnefnd gilda meðan verð landbúnaðarvara er greitt niður með opinberu fé eða greiddar eru útflutningsuppbætur á þær.

#### 7. gr.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda samkv. 3. gr. gildir fyrir eitt ár í senn frá byrjun hvers verðlagsárs 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, nema annað sé ákveðið með samkomulagi í sex manna nefnd. Verðlagsgrundvöllur hvers ár framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða fulltrúum neytenda fyrir 1. marz á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp, færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af sex manna nefnd.

#### 8. gr.

Hagstofa Íslands skal fyrir 15. ágúst ár hvert afla fullnægjandi gagna handa sex manna nefnd um framleiðslukostnað landbúnaðarvara og um afurðamagn, svo og um tekjur vinnandi stétta á undangengnu ári, sbr. ákvæði 4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal á ári hverju afla fullnægjanda gagna um dreifingar- og vinnslukostnað landbúnaðarvara og leggja þau fyrir sex manna nefnd svo tímanlega, að verðlagningu samkvæmt 6. gr. geti verið lokið á tilsettum tíma, sbr. ákvæði 7. gr.

#### 9. gr.

Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvara — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. marz og 1. júní vegna

59 hækknar á kaupum, svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlags-  
19. júlí grundvelli landbúnaðarvара séu færð til samræmis við þá hækknun, sem kann að hafa orðið á kaupum í almennri verkamannavinnu í Reykjavík á undangengnu þriggja mánaða tímabili.

Nú telur framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

Nú telur framleiðsluráð rétt að breyta söluverði landbúnaðarvöru til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

#### 10. gr.

Reynist nauðsynlegt til að fullnægja eftirspurn neytenda að slátra sauðfé fyrir 15. september, skal ákveða verð á kjöti af því fé þeim mun herra en hið ákveðna haustverð, sem nemur væntanlegum þyngdarauka kindanna, að viðbættum þeim aukakostnaði, sem fylgir því að slátra að sumrinu samanborið við að slátra í sláturtíð að haustinu.

Ákvæði 1. málsgr. þessarar gr. gilda á hliðstæðan hátt um verðlagningu garðávaxta, sem koma á markað fyrir 15. september. Skal verð þeirra við það miðað, að tryggð verði framleiðsla snemmvaxinna garðávaxta.

Í hvert skipti sem framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveða sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði, samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar gr., skal það án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

#### 11. gr.

Enginn má kaupa eða selja búfjárafurðir eða garðávexti á öðru verði en ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

#### 12. gr.

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvара á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvара, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Hagstofa Íslands reiknar fjárupphæð þá, er ber að greiða framleiðendum vegna ákvæðis 2. málsgr. þessarar gr.

#### 13. gr.

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun gagna, sem það leggur fyrir sex manna nefnd.

### III. KAFLI

#### Um sauðfjárafurðir.

59

19. júlí

#### 14. gr.

Framleiðsluráð úthlutar slátrunarleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs. Heimilt skal þó sauðfjáreigendum, er verka hangikjöt á heimilum sínum, að selja það beint til neytenda, en fá skulu þeir leyfi til þess og greiða af því verðjöfnunargjald. Leyfi til slátrunar skal veitt fyrir eitt ár í senn. Leyfi skal veita lögskráðum samvinnufélögum, sem starfandi eru við gildistöku laga þessara, svo og þeim samvinnufélögum, sem stofnuð kunna að verða á viðskiptasvæðum féлага, sem hæfta störfum án þess að bændur á viðskiptasvæðinu gerist meðlimir annarra féлага. Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðlima sinni. Enn fremur getur nefndin veitt leyfi samvinnufélögum bænda, er stofnuð kunna að verða eftir að lög þessi öðlast gildi, á svæði, þar sem ekki eru samvinnufélög fyrir, og ekki falla undir ákvæði 4. málsl. þessarar greinar, sömuleiðis þeim verzlunum öðrum, sem uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um sláturhús og verzlun kjöts samkvæmt ákvæðum laga um kjötmat o. fl. nr. 5 22. febr. 1949. Einnig er heimilt að veita slátrunarleyfi þeim einstaklingum, er vegna sérstakra staðhátta eiga svo örðugt um rekstur eða flutning fjárins til sláturhúss, að illfært sé að dómi framleiðsluráðs.

Í leyfi getur framleiðsluráð ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

#### 15. gr.

Þeir, sem slátra fé til sölu, gefa ráðinu skýrslu um daglega slátrun, staðfesta af kjötmatismönnum, og standa skil á verðmiðlunargjaldinu til framleiðsluráðs. Stjórn neytendafélags, er fengið hefur slátrunarleyfi, skal einnig senda slíka skýrslu og standa skil á verðmiðlunargjaldinu. Gjaldalagi er, þegar slátrun fer fram, nema framleiðsluráð heimili annað.

#### 16. gr.

Framleiðsluráð ákveður um leið og það veitir slátrunarleyfi ár hvert, hversu miklu hverjum leyfishafa ber að halda eftir af verði kjötsins til verðmiðlunar.

#### 17. gr.

Skýlt er öllum, sem verzla með sauðfjárafurðir, að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar og skýrslur, er það óskar eftir og þeir geta veitt, viðvíkjandi sölu og söluhorfum á sláturfjárafurðum bæði innan lands og utan.

#### 18. gr.

Framleiðsluráð gerir þær ráðstafanir, er það telur þurfa, til þess að innlendi markaðurinn fyrir kjöt og slátur notist sem allra bezt og fullnægt verði sanngjörnum óskum neytenda. Það hefur eftirlit með allri meðferð sláturfjárafurða, stuðlar að notkun beztu aðferða við geymslu kjötsins og leiðbeinir eða hlutast til um, að gætt sé hagsýni og sparnaðar við slátrun og alla meðferð þessara vara og verzlun með þær. Það getur enn fremur takmarkað flutning á kjöti og öðrum sláturfjárafurðum milli markaðsstaða, ef það telur það hagkvæmara fyrir söluna.

#### 19. gr.

Framleiðsluráði er heimilt, ef það telur þess þörf, að láta ákvæði þessara laga um sölu og verðmiðlun gilda um aðrar sauðfjárafurðir.

## IV. KAFLI

## Um sölu stórgripakjöts.

## 20. gr.

Framleiðsluráð hefur eftirlit með sölu nautgripakjöts og vinnur að því, að það verði flokkað og metið eftir tegundum og gæðum, enda verði verðskráning á kjötinu í heildsölu og smásölu miðuð við þá flokkun. Það getur enn fremur ákveðið, að því aðeins sé heimilt að selja nautgripakjöt á opinberum markaði, að gripunum hafi verið slátrað á sláturstöðum, sem framleiðsluráð eða umboðsmaður þess hefur viðurkennt.

## 21. gr.

Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, ef Búnaðarfélag Íslands eða félag framleiðenda, sem framleiðsluráð viðurkennir, óskar þess.

Nú hafa framleiðendur sláturhrossa myndað með sér félag, sem framleiðsluráð viðurkennir, og skal þá framleiðsluráð setja reglugerð um sölu og meðferð sláturhrossa og hrossakjöts, ef félagið, er að framan greinir, óskar þess.

Í reglugerð þessari skal tekið fram meðal annars:

1. Um skiptingu landsins í sölusvæði.
2. Bann gegn sölu afsláttarhrossa og hrossakjöts milli sölusvæða nema með samþykki framleiðsluráðs.
3. Að framleiðsluráð ákveði kjötverð í heildsölu og smásölu eftir árstíðum og gæðum.
4. Um mat og flokkun hrossakjöts.
5. Um skipun söluráðs hvers sölusvæðis, er starfi undir yfirumsjón framleiðsluráðs.
6. Um úthlutun söluleyfa, er miðist við markaðshorfur á hverjum tíma og hrossaeign manna á hverju sölusvæði samkv. síðasta skattframtali, eftir því sem við verður komið.

## V. KAFLI

## Um sölu mjólkur og mjólkurafurða.

## 22. gr.

Framleiðsluráð ákveður skipun mjólkursölusvæða. Að jafnaði markar sú aðstaða mjólkursölusvæði, að hægt sé að selja daglega til kaupstaða eða kauptúna innan mjólkursölusvæðisins óskemmda mjólk af öllu svæðinu, annað hvort frá einstaklingum eða viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á því mjólkursölusvæði.

Nú getur sveit eða hérað ekki flutt mjólk daglega til sölustaðar, og er framleiðsluráði þó engu að síður heimilt, ef svæði þetta hentar sérstaklega til mjólkurframleiðslu eða ef þar er sérstök þörf á aukningu mjólkurframleiðslu, að færa þær byggðir undir það mjólkursölusvæði, er bezt hentar vegna samgangna og annarrar aðstöðu, enda sé þá jafnframt tekið tillit til þess, hvar mjólkurinnar er mest þörf.

Við skiptingu í mjólkursölusvæði skal framleiðsluráð enn fremur taka tillit til þess, hvar einstaklingar eða mjólkurbú hafa selt neytlumjók sína. Óheimilt er öllum mjólkurframleiðendum að selja mjólk eða rjóma og nýtt skyr (ófryst) utan þess mjólkursölusvæðis, sem þeir eru búsettir á, nema með leyfi framleiðsluráðs.

## 23. gr.

Framleiðendur solumjólkur á hverju mjólkursölusvæði, velja sér stjórn, er hefur á hendi stjórn mjólkurmálanna, þar á meðal mjólkursöluna á því sölusvæði. Hún annast enn fremur innheimtu verðmiðlunargjalds af neytlumjók og afhendingu

Þess til framleiðsluráðs. Þar, sem starfandi eru fleiri en eitt mjólkurbú, sem viðurkennd eru af ríkisstjórninni og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn. Þau kjósa á aðalfundi mjólkurbúanna fulltrúa á sameiginlegan fulltrúafund fyrir mjólkursölusvæðið, sem svo kýs stjórn samsölnnar á því svæði.

Nú er ekkert mjólkurbú starfandi á mjólkursölusvæði, og getur þá framleiðsluráð hlutast til um og fyrirskipað, að bændur þeir, er mjólk selja í kaupstað eða kaup-tún innan þess svæðis, myndi með sér félagsskap og kjósi stjórn, er sjái um mjólkursölna og annað, er hana snertir.

#### 24. gr.

Á mjólkursölusvæðum, þar sem starfandi er samsölustjórn samkv. 23. gr., skal greiða sérstakt gjald af allri neytlumjólk og rjóma, sem samsalan selur frá mjólkurbúunum, félögum eða einstökum mönnum á svæðinu. Gjald þetta nefnist verðjöfnunargjald mjólkursvæða og ákveðst fyrirfram af stjórn hlutaðeigandi mjólkursamsölu, og má breyta því eftir því, sem þurfa þykir.

Tekjuafgangur mjólkursamsölu skal renna í verðjöfnunarsjóð hlutaðeigandi mjólkursölusvæðis eftir að nauðsynlegar afskriftir hafa farið fram og aðrar greiðslur, er stjórn samsölnnar telur nauðsynlegt að inna af hendi, enda hafi það þá áhrif á ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

Verðjöfnunargjaldið skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu á viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á mjólkursölusvæðinu. Verðjöfnun innan hvers mjólkursölusvæðis skal jafnan miðuð við það, eftir því sem við verður komið, að allir mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á sölustað. Þeir, sem ekki senda mjólk sína á sölustað, heldur í mjólkurbú til vinnslu, skulu því fá þeim mun minna verð fyrir mjólk sína, er svarar til flutningskostnaðar hennar frá því búi til sölustaðar, enda sé þá flutningskostnaður vinnsluvaranna til sölustaðar innifalinn í stöðvargjaldi bú síns. Flutningskostnaður þessi, bæði á mjólk og mjólkurafurðum, skal ákveðinn fyrir fram af stjórn samsölnnar, svo oft sem hún telur ástæðu til, þannig að hann sé sem næst raunverulegum kostnaði á hverjum tíma, og með hæfilegri hliðsjón af reynslu undanfarandi ára. Stöðvar- og vinnslukostnaður skal talinn jafn hjá öllum mjólkurbúum á sama mjólkursölusvæði fyrir hverja vörutegund, sem þau framleiða. Kostnað þennan ákveður samsölustjórnin eftir því, sem hún telur hæfilegt að fengnum upplýsingum um kostnað við rekstur mjólkurbúa af líkri stærð og skýrslum um starfrækslukostnað mjólkurbúanna á mjólkursölusvæðinu.

Verði ágreiningur milli mjólkurbúanna um flutningskostnað eða stöðvar- og vinnslukostnað, sker framleiðsluráð úr.

Skylt er að greiða framleiðendum mjólkur hæst verð fyrir 1. flokks mjólk, en stíglækkandi fyrir aðra flokka.

#### 25. gr.

Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 23. gr., skal öll sala og dreifing á neytlumjólk, rjóma og nýju skyri fara fram undir yfirstjórn hennar. Heimilt er þó stjórn samsölnnar með samþykki framleiðsluráðs að leyfa þeim, er framleiða mjólk innan lögsagnarumdæma kaupstaða eða kaupsána, að velja um, hvort þeir afhenda samsölnni sölumjólk sína og njóta undanþágu verðjöfnunargjalds samkv. 26. gr., eða selja hana beint til neytenda innan lögsagnarumdæmisins og greiða af henni verðjöfnunargjald, svo sem samsölustjórnin ákveður á hverjum tíma. Skal þá verðjöfnunargjaldið miðað við 2800 lítra ársnytt úr hverri kú, nema meðalársnytt hafi reynzt önnur samkv. skýrslu nautgriparéktarféлага á mjólkursölusvæðinu, og skal gjaldið þá miðað við það. Skylt er að veita bæjarfélagi slíka undanþágu samkv. tillögu heilbrigðisstjórnarinnar fyrir barnamjólk, sem framleidd er



59 á búi, sem það rekur innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, og er eign þess. 19. júl Sama gildir um almenna neyzlumjólk, ef bæjarfélagið framleiðir svo mikla mjólk, að það fullnægi algerlega mjólkurbörf bæjarbúa.

Heimilt er hverjum framleiðanda, er nýtur framangreindrar undanþágu, að undanskilja til heimilisþarfa 1 lítra mjólkur á dag á hvern heimilismann hans. Heimilismenn teljast hér auk framleiðanda þeir, sem hann hefur á framfæri, og hjú hans. Framleiðandi tilkynnir tölu heimilismanna og færir sönnur á hana, ef samsölustjórnin óskar þess.

Skýlt er þeim, er heimild hafa til að selja mjólk, að hlíta þeim fyrirmælum um hreinlæti og hollustuhætti, sem tilskilin eru í lögum, heilbrigðissamþykktum og mjólkurreglugerðum á hverjum tíma.

#### 26. gr.

Nú hefur mjólkurframleiðandi, sem búsettur er í þeim kaupstað eða kauptúni þar sem mjólkinn er seld, ræktað land til fóðuröflunar innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, og skal hann þá undanþeginn verðjöfnunargjaldi af þeirri mjólk, sem hann framleiðir af því fóðri, er fæst af hinu ræktaða landi, og telst þá, að hektari gefi af sér kýrfóður. Fyrir það mjólkurmagn, sem þeir framleiðendur selja allt árið, jafnt sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem mjólkinn er seld, og ekki selja beint til neytenda, skal þeim greiddur einn eyrir á lítra umfram verðjöfnunarverð. Greiðist upphæð þessi eftir á fyrir næstliðið ár, og skal taka tillit til þess, þegar verðjöfnunargjaldið er ákveðið.

#### 27. gr.

Þar sem aðeins eitt mjólkurbú er starfandi á mjólkursölusvæði, skal stjórn þess annast alla sölu og dreifingu mjólkur, rjóma og nýs skyrts í kaupstöðum eða kauptúnum innan mjólkursölusvæðisins, samanber þó 26. gr.

#### 28. gr.

Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis, sbr. þó 26. gr.

Enn fremur er stjórn mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði heimilt að veita leyfi til að afhenda mjólk að gjöf og heimila framleiðanda að taka mjólk til eigin neyzlu utan heimilis síns, ef henni þykir sérstök ástæða til. Heimilt er samsölustjórnnum að taka í sínar hendur sölu og dreifingu annarra mjólkurafurða, sem mjólkurbúin framleiða.

#### 29. gr.

Skýlt er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, að sjá um, að ætíð sé nóg neyzlumjólk til sölu á þeim stöðum, svo sem framast er unnt. Öll mjólk og rjómi, sem selt er frá sölumíðstöð mjólkurbúa samkvæmt lögum þessum, skal vera gerilsneydd.

Um framleiðslu og meðferð á mjólk handa ungbörnum og sjúklingum skulu sett ákvæði í reglugerð, í samráði við yfirstjórn heilbrigðismálanna. Sala á þeirri mjólk skal fara fram á sama hátt og sala á annarri neyzlumjólk.

Nafnið barnamjólk má ekki viðhafa um aðra mjólk en þá, sem framleidd er samkvæmt þeim reglum og undir því eftirliti, sem ákveðið verður af framleiðsluráði, í samráði við stjórn heilbrigðismálanna, um framleiðslu barnamjólkur.

Nú telur héraðslæknir eða mjólkureftirlitsmaður, að solumjólk sé óhæf til neyzlu, og getur hann þá með rökstuddum úrskurði, er lagður sé fyrir framkvæmdastjóra hlutaðeigandi mjólkurbús eða mjólkursamsölu stöðvað sölu á þeirri mjólk. Sama gildir og um solumjólk einstakra framleiðenda.

## 30. gr.

59

Framleiðsluráð hefur á hendi yfirstjórn mjólkursölumála landsins. Skal það stuðla að því, að ávallt sé næg neytlumjólk og mjólkurvörur til sölu í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, þar sem stöðugur markaður fyrir þessar vörur er fyrir hendi og líkur benda til, að markaður vinnist með skipulegri sölu.

Framleiðsluráð skal fylgjast með sölu mjólkur og mjólkurvara um land allt, ásamt þörfum neytenda fyrir þessar vörur. Það aflar sér nauðsynlegra skýrslna og upplýsinga, er að þessu líta, og er mjólkurbúum og öðrum félögum eða fyrir-tækjum, er að þessum málum starfa, skylt að láta framleiðsluráði í té allar upplýsingar um þessi efni, er þau geta.

## 31. gr.

Nú kemur í ljós, að vöntun er á mjólk og mjólkurvörum. Skal þá framleiðsluráð hlutast til um í samráði við Búnaðarfélag Íslands, mjólkurframleiðendur á hlutaðeigandi mjólkursölusvæðum og forráðamenn viðkomandi kaupstaða og kauptúna, að bót fái á mjólkurskortinum, t. d. með bættum samgöngum, félagsbundinni sölu o. s. frv. Enn fremur er framleiðsluráði heimilt, ef mjólk vantar á vissum tíma árs, að fyrirskipa misjafnt mjólkurverð til framleiðenda eftir árstíðum og aðrar þær verðlagsbreytingar á mjólk, er líklegar þykja til að tryggja jafnari mjólkurframleiðslu á mjólkursölusvæðinu. Nú kemur í ljós, að mjólkurþörf kauptúna eða kaupstaða verður aðeins fullnægt með sérstaklega kostnaðarsömum flutningum, og er framleiðsluráði þá heimilt, ef bæjarstjórn hlutaðeigandi kaupstaðar eða kaups-túns óskar þess, að vika frá gildandi mjólkurverði á staðnum og láta niður falla verðjöfnunargjald af þeirri mjólk, sem að er flutt. Aldrei skal greiða verðjöfnunargjald af sömu mjólk nema á einum stað. Verði ágreiningur um heildsöluverð einherrar vöru, sem seld er milli verðjöfnunarsvæða, sker framleiðsluráð úr.

## 32. gr.

Framleiðsluráð hlutast til um, að mjólkurframleiðendur komi sér upp mjólkursölustöðvum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, þar sem engar eru fyrir eða ófullnægjandi og þeirra er full þörf að dómi framleiðsluráðs. Getur framleiðsluráð krafist þess, að bygging stöðvarinnar sé hagað þannig, að mjólkursölustöðin geti einnig tekið á móti mjólk til vinnslu, þegar þörf krefur. Í því sambandi er framleiðsluráði heimilt í samráði við stjórnir mjólkurmálanna á hlutaðeigandi mjólkursölusvæði að ákveða stofngjald á alla innvegna mjólk, er lagt sé í sérstakan sjóð, er varið sé til að bæta og tryggja skilyrði til vinnslu og sölu mjólkurinnar.

Mjólkursölustöðvar, sem jafnframt hafa vinnslu, skulu reistar þar, sem skilyrði til mjólkurframleiðslu þykja álitleg og framleiðsluráð telur þeirra þörf og þá samkvæmt fyrirsögn sérfróðs manns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Telji framleiðsluráð félagsskap framleiðenda, er að slíkri byggingu stendur, svo traustan, að af framkvæmdum hans megi vænta varanlegra umbóta á sviði mjólkurmálanna, skal rikissjóður styrkja þær stöðvar að  $\frac{1}{4}$  stofnkostnaðar, enda leggi hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélag stöðinni til ókeypis lóð á hentugum stað. Hafa stöðvar þessar sömu réttindi og skyldur og mjólkurbú samkv. lögum þessum.

Framleiðsluráð getur í samráði við heilbrigðisstjórn ríkisins heimilað sölu-stöðvum þessum, er því þykir nauðsyn til bera, að selja ógerilsneydda mjólk, en láta verða þær að öðru leyti öllum fyrirmælum heilbrigðisstjórnarinnar um alla meðferð mjólkurinnar.

19. júlí

## VI. KAFLI

## Um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu.

## 33. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn notist sem allra bezt og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að beztu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Enginn má verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi framleiðsluráðs. Leyfi skal veita til eins árs í senn.

## 34. gr.

[Undir starfssvið framleiðsluráðs fellur frá 1. september 1956 öll sú starfsemi, sem Grænmetisverzlun ríkisins hefur nú með höndum varðandi ræktun og sölu íslenzkra matjurta. Skal sú stofnun, er upp frá því annast verzlun með kartöflur og annað grænmeti í umboði framleiðsluráðs, heita Grænmetisverzlun landbúnaðarins]\*.

## 35. gr.

[Ríkisstjórninni er heimilt að selja eða leigja eftir mati dómkvaddra manna Grænmetisverzlun landbúnaðarins fasteignir Grænmetisverzlunar ríkisins, eins og þær verða, er lög þessi koma til framkvæmda]\*.

## 36. gr.

Ríkisstjórnin (landbúnaðarráðuneytið) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru að álitu hlutaðeigandi töllyfirvalda eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

## 37. gr.

Grænmetisverzlun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum, og skulu samvinnufélög og aðrar verzlanir, sem umboð hafa nú fyrir Grænmetisverzlun ríkisins, sitja fyrir sem umboðsmenn.

Framleiðsluráð ræður Grænmetisverzlun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

## 38. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylreктarþænda svo og Samband eggjaframleiðenda sem sölufélag eggjaframleiðenda, enda starfi þessi félög á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af framleiðsluráði.

## 39. gr.

Framleiðsluráð vinnur að því, að komið verði upp þar, sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helztu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

Til þess enn fremur að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal framleiðsluráð leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til manneðis hverju sinni.

\* 4. gr. b og c laga nr. 40 4. apríl 1956.

## 40. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Framleiðsluráð sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal það þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafbrigða með því að semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

59

19. júlí

## 41. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:

1. um starfsemi Grænmetisverzlunar landbúnaðarins;
2. um flokkun og mat garðávaxta;
3. um stofnræktun úrvals tegunda;
4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

## VII. KAFLI

## Um verðmiðlun.

## 42. gr.

Verðmiðlun á kjöti, mjólk, mjólkurvörum og eggjum skal haga þannig:

- a. Á kjöti: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af öllu kindakjöti, er nota skal til verðmiðlunar, er nægi til þess, að sláturleyfishafar geti greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta á sláturstað, miðað við meðaltals sláturkostnað og flutningskostnað. Þá er heimilt að taka verðjöfnunargjald af stórgripakjöti, ef ástæða þykir til.
- b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu, til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða, eftir því sem framleiðsluráð telur þörf á, o. fl. (sjá 43. gr.).
- c. Heimilt er að taka verðmiðlunargjald ef eggjum.

## 43. gr.

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við 42. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, sem þar um ræðir, og standa straum af framkvæmd laga þessara, þar á meðal kostnaði við framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 13. gr.).

## 44. gr.

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði skulu standa framleiðsluráði skil á verðmiðlunargjaldinu samkvæmt fyrirmælum þess. Gjald þetta er heimilt að taka lögtaki.

Framleiðsluráð annast um framkvæmd verðmiðlunarinnar og aflar sér þeirra gagna, sem þörf er á í því skyni. Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, er starfa fyrir landbúnaðinn, að veita framleiðsluráði upplýsingar, er að þessu líta og þær geta í té látið.

## VIII. KAFLI

## Um iðnað úr landbúnaðarvörum.

## 45. gr.

Framleiðsluráð safnar árlega skýrslum um öll iðnfyrirtæki hér á landi, er vinna úr íslenskum landbúnaðarvörum, hvers konar vinnsla þeirra er og magn hrávöru og vinnsluvöru. Enn fremur ber ráðinu að afla sér upplýsinga um mark-

59 aði og markaðshorfur innan lands og utan fyrir íslenzkar iðnaðarvörur, unnar úr 19. júlí framleiðsluvörum landbúnaðarins.

46. gr.

Nú telur framleiðsluráð, að skortur sé innanlands á iðnaðarvörum þeim, er um ræðir í 45. gr., eða að ónotuð séu góð markaðsskilyrði erlendis, svo að til tjóns sé fyrir landbúnaðinn, og ber þá framleiðsluráði að stuðla að því, að ný iðnaðarfyrirtæki verði stofnuð eða önnur efld svo, að fullnægt verði varanlegri eftirspurn eftir þessum vörum og hinir erlendu markaðir nýtist eftir því sem bezt má verða.

## IX. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

47. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara eftir tillögum framleiðsluráðs.

Komi ósk frá sölusamlögum eggjaframleiðenda eða grænmetisframleiðenda um, að framleiðsluráð hafi með höndum verðskráningu á framleiðsluvörum þeirra, getur landbúnaðarráðherra ákveðið það með reglugerð í samráði við framleiðsluráð.

48. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem opinber lögreglumál. Varða brot sektum frá 300—10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ef aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa framleiðsluráði skýrslu eða upplýsingar, tregðast við að láta þær í té, má beita dagsektum frá 20—200 kr.

49. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, og breyting á þeim lögum, nr. 66 1937 og nr. 33 1942. Enn fremur lög nr. 2 9. jan. 1935, um ráðstafanir til að greiða fyrir viðskiptum með sauðfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim, og breyting á þeim lögum, nr. 32 1943. Enn fremur lög nr. 11 19. marz 1946, um verðlagningu landbúnaðarafurða o. fl., lög nr. 31 2. apríl 1943, um verzlun með kartóflur o. fl., 1. og 2. gr. laga nr. 116 27. nóv. 1947 og loks 3. gr. laga nr. 40 4. apríl 1960, svo og þau ákvæði annarra laga, er brjóta í bága við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 19. júlí 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

---

*Ingólfur Jónsson.*

**AUGLÝSING****60**

23. júní

um aðild Íslands að bókun um viðskipti og greiðslur milli Finnlands og nokkurra Evrópuríkja, dags. 29. desember 1959.

Hinn 16. júní 1960 afhenti utanríkisráðherra fulltrúum finnsku ríkisstjórnarinnar yfirlýsingu um aðild Íslands að bókun um viðskipti og greiðslur milli Finnlands og nokkurra Evrópuríkja, dags. 29. desember 1959.

Jafnframt hefur verið felldur úr gildi greiðslusamningur milli Íslands og Finnlands, sem undirritaður var 6. marz 1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 23. júní 1960.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

**AUGLÝSING****61**

22. júlí

um fullgildingu nýs alþjóðafjarskiptasamnings.

Hinn 8. júlí 1960 var forstjóra alþjóðafjarskiptasambandsins afhent fullgildingskjal Íslands að nýjum alþjóðafjarskiptasamningi, er undirritaður var fyrir Íslands hönd í Genf hinn 12. desember 1959.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 22. júlí 1960.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Haraldur Kröyer.*

**AUGLÝSING****62**

13. ágúst

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda og mun verða fjarverandi nokkrar vikur.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 13. ágúst 1960.*

**Ólafur Thors.**

*Birgir Thorlacius.*

A 29

63

16. ágúst

## AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í París hinn 7. júlí 1960 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tíð. A. 122/1951) framlengdur til 31. desember 1960.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 16. ágúst 1960.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Hörður Helgason.*

64

29. ágúst

## AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Ísrael.

Hinn 9. ágúst 1960 var viðskiptasamningur milli Íslands og Ísrael frá 18. maí 1953 (Stj.tíð. A. 60/1953) framlengdur til 31. desember 1960. Framlenging fór fram með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ísraels í Stokkhólmi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 29. ágúst 1960.*

**Gylfi P. Gíslason.**

*Hörður Helgason.*

65

5. sept.

## AUGLÝSING

um framlengingu greiðslusamnings milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 31. ágúst 1960 var framlengdur í Reykjavík greiðslusamningur milli Íslands og Tékkóslóvakíu frá 31. ágúst 1954 (Stj.tíð. A. 86/1954) til 31. desember 1960.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 5. september 1960.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

## AUGLÝSING

### um samning um norrænt póstsamband.

66

20. sept.

Póststjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, hafa, samkvæmt heimild í alþjóðapóstsamningnum, gert með sér svofelldan samning.

#### I. Ákvæði um skipulag sambandsins.

##### 1. gr.

##### *Nafn sambandsins og tilgangur.*

Póststjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar mynda „Hið norræna póstsamband“, og er tilgangur þess að bæta og auka póstviðskiptin milli þessara fimm landa.

##### 2. gr.

##### *Beiting alþjóðadkvæða.*

Beri svo við um einhver atriði, að engin ákvæði séu fyrir hendi í samningi þessum, eða að um þau hafi ekki verið samið sérstaklega með bréfaskriftum — annað hvort milli allra póststjórnanna eða sumra þeirra — þá gildir alþjóðapóst-samningurinn og aukasamningarnir ásamt alþjóða-starsreglugerðunum.

##### 3. gr.

##### *Ráðstefnur.*

Fulltrúar póststjórnanna skulu minnsta kosti einu sinni á ári koma saman á ráðstefnu til þess að endurskoða samninginn eða gera hann fullkomnari, svo og til þess að taka til athugunar önnur póstmálefni, sem hafa sameiginlega þýðingu fyrir löndin.

##### 4. gr.

##### *Mál.*

Allar bréfaskriftir milli póststjórnanna fara fram á dönsku, norsku eða sænsku.

##### 5. gr.

##### *Mynt.*

1. Gjöld þau og fjárhæðir, sem í samningi þessum eru tilgreind í mynt landanna, eiga jafnan við mynt hlutaðeigandi sendilands, nema annað sé skýrt tekið fram.

2. Gjöld þau, sem í samningnum eru tilgreind í frönkum og sentímum, eiga við gullfrankann eins og hann er skilgreindur í alþjóðapóstsamningnum.

Gjöldin ákveðast í mynt hvers lands eftir jafngildi því, sem gildir í hverju landi í alþjóðaviðskiptum á sams konar sendingum.

##### 6. gr.

##### *Burðargjaldsbreytingar.*

Póststjórnirnar láta hver annarri í té vitneskju um þau burðargjöld og önnur póstgjöld í þjónustu þeirra, sem samkvæmt þessum samningi gilda einnig undir sendingar til annarra Norðurlanda.



## 7. gr.

*Starfsreglugerð.*

Setja má með starfsreglugerð eða bréfaskriftum nánari ákvæði, er nauðsynleg kunna að þykja til framkvæmda á þessum samningi eða miða að því að greiða fyrir pósthviðskiptum.

## 8. gr.

*Norrænt pósthmarit.*

1. Norræna póstsambandið gefur út tímarit, er nefnist „Nordisk Posttidsskrift“.
2. Tímaritið er mál gagn pósthstjórnanna í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Það flytur aðallega greinar um fagleg efni varðandi pósth eða pósthækni, bæði eftir starfsmenn í pósthstarfinu sem og í pósthstjórnnum sambandslandanna.
3. „Nordisk Posttidsskrift“ er prentað og gefið út í Svíþjóð og velur sænska pósthstjórnin ábyrgðarmann.
4. Hver pósthstjórn sambandslandanna um sig velur ritstjóra, sem hefur á hendi þátttöku hlutaðeigandi pósthstjórnar í starfsemi ritsins. Ritstjórnarnir fá laun hjá hlutaðeigandi pósthstjórnnum. Þóknarir fyrir aðsendar greinar og myndir greiddast eftir sameiginlegum reglum í sænskri mynt og færast til sameiginlegra útgjalda við ritið. Sama gildir einnig um kostnaðinn við prentun, pappír, myndamót og þviumlíkt.
5. Ritstjórar allra landanna mynda ritstjórnarnefnd, sem hefur eftirlit með útliti ritsins, innihaldi þess m. m. Ritstjórnarnefndin kemur saman að minnsta kosti einu sinni á ári. Pósthstjórn hvers lands ber eigin kostnað í sambandi við fundi ritstjórnarnefndar.
6. Sameiginleg útgjöld vegna útgáfu „Nordisk Posttidsskrift“ bera sambandslöndin í sama hlutfalli og sett er milli tillaga þeirra upp í kostnað alþjóða-pósth sambandsins.
7. Endurskoðaðir reikningar ritsins eru lagðir fyrir norrænu póstráðstefnuna.

## II. Ákvæði um pósth sendingar milli sambandslandanna.

## 9. gr.

*Burðargjaldsákvæði um bréfapósth sendingar.*

1. Burðargjaldið undir bréf, sem fara ekki yfir 500 g að þyngd, undir einfalt bréfspjald og bréfspjald með fyrirfram greiddu svari, undir verzlunarskjöl, prentað mál og samanblandaðar sendingar, sem fara ekki yfir 1 000 g að þyngd, svo og undir sýnishorn af vörum, er jafnan hið sama og innanríkisburðargjald sendilandsins undir sendingar sömu tegundar og þyngdar.
2. Lægstu þyngdarmörk fyrir bréf innanríkis í Danmörku, sem nær til sendinga allt að 50 g, gildir í norrænum viðskiptum aðeins fyrir bréf, sem fara ekki yfir 20 g að þyngd. Bréf frá Danmörku yfir 20 g að þyngd falla undir það ríkisburðargjald, sem gildir í Danmörku um bréf í þyngdarflokknnum 50-250 g.
3. Bréf yfir 500 g svo og verzlunarskjöl, prentað mál og samanblandaðar sendingar yfir 1 000 g eru að öllu leyti gjaldskyld samkvæmt ákvæðum alþjóða-pósth samningsins.
4. Lágmarksburðargjald undir sendingu með verzlunarskjölum er ríkisburðargjald það, sem sett er í sendilandinu undir bréf, sem ekki fer yfir 20 g að þyngd.
5. Fyrir ófrímerkt eða vanfrímerkt bréf eða bréfspjöld skal taka tvöfalt burðargjald það, er á vantar, eftir gengi, sem pósthstjórn ákvörðunarlandsins setur.

Sömu ákvæði gilda einnig um aðrar ófrímerktar eða vanfrímerktar bréfapóstsendingar, sem af óaðgætni kunna að hafa verið sendar til ákvörðunarlandsins. **66**

20. sept.

6. Skrásetningargjaldið er jafnan hið sama og tilsvarendi gjald fyrir skrásetningu bréfapóstsendinga í innanríkisþjónustu sendilandsins.

7. Til frímerkingar bréfapóstsendinga, sem finnast í bréfastassa frá einu landanna til annars og ekki hafa áður verið teknar til pósthæðferðar, gilda frímerki beggja landa.

#### 10. gr.

##### *Bréf með tilgreindu verði.*

1. Undir bréf með tilgreindu verði skal, auk bréfaburðargjaldsins samkv. 9. grein, taka sama ábyrgðargjald og skrásetningargjald, ef svo ber undir, er jafnan gildir í innanríkisþjónustu sendilandsins um bréf með tilgreindu verði.

2. Í bréfum með tilgreindu verði má einnig senda mótaða peninga samkvæmt innanríkisákvæðum sendilandsins.

#### 11. gr.

##### *Póstávisanir.*

1. Hámarksupphæð sú, sem senda má í póstávisun, er 1 000 krónur í mynt ákvörðunarlandsins, til Finnlands þó 50 000 mörk og til Íslands 2 500 krónur.

2. Burðargjaldið reiknast eftir innborgaðri fjárhæð í mynt sendilandsins og er hið sama, er jafnan gildir í því landi undir póstávisanir í innanríkisþjónustu þess, þó ekki yfir alþjóðaburðargjaldi.

3. Fyrir hverja burðargjaldsskylda póstávisun greiðir sendilandið ákvörðunarlandinu 10 sentíma.

#### 12. gr.

##### *Póstkröfur á bréfasendingum.*

1. Hæsta póstkröfuupphæð, sem leggja má á skrásetta sendingu eða bréf með tilgreindu verði, er jöfn hámarksupphæð póstávisana, sem skipzt er á milli sendi- og ákvörðunarlands sendingarinnar.

2. Eigi upphæðin að sendast í póstkröfuávisun til landsins, þar sem sendingin var látin í póst, er póstkröfugjaldið hið sama, er jafnan gildir í sendilandi sendingarinnar undir póstkröfuávisanir í innanríkisþjónustu þess.

3. Fyrir hverja póstkröfuávisun tilheyrandi burðargjaldsskyldri póstkröfusingu greiðir sendiland sendingarinnar ákvörðunarlandinu 20 sentíma.

#### 13. gr.

##### *Hraðboðagjald.*

Hraðboðagjald fyrir aðrar sendingar en böggla er jafnan sama og lægsta hraðboðagjald fyrir sams konar sendingar í innanlandsþjónustu sendilandsins.

#### 14. gr.

##### *Blöð og tímarit.*

1. Blöð og tímarit, sem gefin eru út í einhverju sambandslandanna og skrifa má sig fyrir á pósthúsi (póstáskriftarblöð), skulu, þó þannig, að gengismunur, sem vera kann, sé tekinn til greina, látin áskrifendum í hinum löndunum í té gegn sömu borgun og áskrifendur í útgáfulandinu greiða, að viðbættu transitgjaldi, ef svo ber undir. Burðargjaldið má þó aldrei vera minna en 40 aurar, í Finnlandi 20 mk., fyrir áskriftartímabilið.

66 2. Burðargjaldið fyrir blöð og tímarit í póstaáskrift skiptist, að undanskildu  
20. sept. transítgjaldinu, að  $\frac{1}{3}$  til útgáfulands og  $\frac{2}{3}$  til ákvörðunarlands.

3. Blöð og tímarit, sem gefin eru út í einhverju sambandslandanna og send árituð í umbúðum af útgefendum (árituð blöð) til áskrifenda, blaðasala eða blaða-útdeilenda, skulu send í póstinum fyrir sama burðargjald, sem útgefendur greiða undir sams konar blöð innanlands, að viðbættu transítgjaldi, ef svo ber undir.

4. Burðargjaldið undir árituð blöð fellur óskipt til sendilandsins.

5. Burðargjald það, sem nefnt er í 1. og 3. lið gildir að því er Ísland snertir eingöngu undir flutninginn til viðkomustaða póstskipanna. Til þess að standa straum af kostnaði við flutninginn um landið heimilast Íslenzku póststjórninni að taka aukagjald, ekki yfir 20 auru fyrir hver 500 g. af samanlagðri þyngd blaðsins eða tímaritsins yfir áskriftartímabilið. Aukagjald þetta reiknast með í áskriftargjaldinu eins og það er ákveðið á Íslandi.

6. Áskriftir á blöðum og tímaritum má flytja úr einu landi í annað gegn fyrirframgreiðslu á 50 auru, í Finnlandi 15 marka, gjaldi fyrir hvern flutning. Gjaldið fellur í hlut þeirrar póststjórnar, sem innheimtir það.

7. Um flutning á blaði úr einum stað í annan innan póstumdæmis sama lands, gilda innanríkisákvæði þess.

### 15. gr.

#### *Burðargjald og þóknarir fyrir böggla.*

1. Burðargjaldið undir böggla er samanlögð upphæð endastöðvargjalda sendi- og ákvörðunarlands, að viðbættu sjóburðargjaldi, þegar svo ber undir, og/eða landtransítgjaldi, sbr. 2. lið hér á eftir.

2. a) Endastöðvargjald sambandslandanna hvers um sig er þetta:

	Danm.	Finnl.	Íslands	Noregs	Svíþjóðar
fyrir böggla allt að 1 kg að þyngd . . . . .	35 s	60 s	60 s	50 s	50 s
— — yfir 1 kg allt að 3 kg að þyngd	50 -	80 -	80 -	75 -	75 -
— — - 3 - - - 5 - - —	70 -	150 -	150 -	100 -	100 -
— — - 5 - - - 10 - - —	130 -	200 -	250 -	200 -	200 -
— — - 10 - - - 15 - - —	200 -	300 -	400 -	300 -	300 -
— — - 15 - - - 20 - - —	260 -	400 -	500 -	400 -	400 -

b) 1° Sjóburðargjaldið, sem tekið er fyrir böggla, sem fluttir eru með skipakosti sambandslandanna, er innheimt af hverri póststjórn um sig innan þeirra ákveðnu sjógjaldsburðarhluta alþjóðapóstbögglasamningsins fyrir tilsvarendi vegalengdir. Póststjórnirnar tilkynna hver annarri þá sjógjaldsburðarhluta, sem þær krefjast.

2° Fyrir böggla til Danmerkur, Íslands eða Noregs annars vegar og Finnlands hins vegar, sem sendir eru í lokuðum flutningi sjóleiðina Svíþjóð-Finnland, skal greiða fyrir sjóflutninginn þessa leið 9 s pr. kg eða hluta af því, reiknað af samanlagðri þyngd allra böggla í hverjum flutningi og pokabyngdin innifalin.

3° Allt transítgjald fyrir sjóflutning á leiðinni Finnland-Svíþjóð skiptist jafnt milli Finnlands og Svíþjóðar, þannig að upphæðirnar eru jafnaðar, ef svo ber undir, eftir samkomulagi beggja landa.

4° Fyrir böggla milli Færeyja og sjálfrar Danmerkur, sem sendir eru í lokuðum flutningi eftir norskri Danmerkurleið og norskri Íslandsleið eða eftir annarri hvorri þessara leiða, skal greiða norsku póststjórninni sjóflutningsgjald, er nemur 10 s pr. kg eða hluta af því, reiknað af samanlagðri þyngd allra böggla í hverjum flutningi og pokabyngdin innifalin.

5° Ekki reiknast sjóflutningsgjald af böggjum, sem fluttir eru sjóleiðirnar Danmörk-Svíþjóð.

c) 1° Landtransítgjaldið, sem greiðist fyrir böggla, er sendir eru í transit **66** um eitt eða fleiri sambandslönd, er í hlut hvers transitlands:

a) fyrir böggla í lokuðum flutningi: 10 s pr. kg eða hluta af því, reiknað af samanlagðri þyngd allra böggla í hverjum flutningi og pokaþyngdin innifalin.

β) fyrir böggla í opnum flutningi þessar upphæðir:

Fyrir böggla allt að 1 kg að þyngd .....	15 s
— — yfir 1 kg allt að 3 kg að þyngd	25 -
— — — 3 - - - 5 - - —	30 -
— — — 5 - - - 10 - - —	70 -
— — — 10 - - - 15 - - —	100 -
— — — 15 - - - 20 - - —	140 -

2° Landtransítgjald það, sem nefnt er undir liðnum a) greiðist einnig sænsku pósthjúrninni fyrir böggla, sem sendir eru milli Borgundarhólms, Færeyja og sjálfrar Danmerkur í lokuðum flutningi yfir Svíþjóð og norsku pósthjúrninni fyrir böggla, sem sendir eru milli Færeyja og sjálfrar Danmerkur í lokuðum flutningi yfir Noreg.

3. Þegar um hraðflutning er að ræða hækka endastöðvargjöldin til sendi- og ákvörðunarlands, sem nefnd eru í 2. lið, staflíð a) um 100% en sjóburðargjaldið aftur á móti, sem nefnt er í 2. lið, staflíð b), er tekið hið sama og fyrir böggla, sem ekki eru hraðflutningsböggla. Í transitflutningi landleiðis á hraðflutningsböggjum hækkar í öllum tilfellum landflutningsgjaldið fyrir transit í opnum flutningi, sem nefnt er í 2. lið, staflíð c) 1° β um 100%. Hraðflutningur er ekki framkvæmdur í viðskiptum við Ísland.

4. Undir rúmfreka böggla og böggla merкта „varlega“ hækka endastöðvargjöldin til ákvörðunar- og sendilands, sem nefnd eru í 2. lið, staflíð a) um 50% með jöfnun upp á við, ef með þarf, í tölu deilanlega með 5. Undir rúmfreka böggla og böggla merкта „varlega“, sem sendir eru í opnum flutningi hækkar sjóburðargjaldið, sem nefnt er í sama lið, staflíð b) svo og/eða landtransítgjaldið, sem nefnt er í staflíð c, 1° β, um 50% með jöfnun upp á við, ef með þarf, í tölu deilanlega með 5.

5. Undir böggla með tilgreindu verði greiðist, auk burðargjaldsins, sama ábyrgðargjald og, ef svo ber undir, sama afgreiðslugjald og gildir um verðböggla í innanlandsþjónustu sendilandsins. Á Íslandi er afgreiðslugjaldið þó 50 s.

6. Ábyrgðar- og afgreiðslugjald falla óskipt til sendilandsins.

7. Undir böggla, sem flutnings er óskað á með íslenskum landpóstum, heimilast íslensku pósthjúrninni að taka aukagjald af viðtakendum.

8. Fyrir böggla til og frá Íslandi er hámark þyngdar:

a) til og frá pósthúsum á viðkomustöðum pósthjúrnanna svo og til og frá pósthúsum á sérleyfisleiðum ..... 20 kg

b) til og frá öðrum pósthúsum ..... 5 kg

9. Böggla, sem óskað er flutnings á með íslenskum landpóstum mega ekki vera yfir 46 cm á lengd né yfir 24 cm á breidd eða þykkt.

#### 16. gr.

##### *Póstkröfur á böggjum.*

Ákvæði 12. greinar um hæstu póstkröfuupphæð og um póstkröfugjaldið gildir einnig um póstkröfur á böggjum.

#### 17. gr.

##### *Þóknun fyrir móttökukvittun (útborgunarkvittun) og fyrirspurn.*

Fyrir móttökukvittun (útborgunarkvittun) og fyrirspurn um allar tegundir póstsendinga skal taka sömu þóknunir og jafnan gilda um sams konar þjónustur

**66** innanlands í landinu, sem móttökukvittunin (útborgunarkvittunin) eða fyrir-  
20. sept. spurnin er send frá.

**18. gr.**

*Transitgjöld fyrir bréfaþóstsendingar og blöð og tímarit.*

1. Fyrir bréfaþóstsendingar svo og blöð og tímarit, sem send eru í transit um eitt eða fleiri sambandslandanna eða með skipakosti þeirra, skal greiða transitgjald er sé helmingur þess, sem greiða ber eftir almennum alþjóðareglum.

2. Fyrir bréfaþóstsendingar svo og blöð og tímarit, sem send eru á milli pósthúsa einhvers sambandslands og flutt eru um svæði eins eða fleiri hinna landanna eða með skipakosti þeirra, skal ekki greiða neitt transitgjald.

3. Sjótransitgjöld reiknast heldur ekki af bréfaþóstsendingum svo og blöðum og tímaritum, sem send eru milli Færeyja og Noregs með dönskum eða norskum skipum.

**19. gr.**

*Loftbréf.*

1. Loftbréf, sem gerð eru í einhverju sambandslandanna og bera áteiknan um, að þau séu viðurkennd af pósthjórn hlutaðeigandi lands, má nota til sendingar frá öðrum sambandslöndum, enda séu þau með frimerkjum hlutaðeigandi sendilands.

2. Loftbréf, sem upprunalega eru send frá einhverju sambandslandanna, en umrituð til nýs ákvörðunarstaðar, skulu í því efni, að því er til flutnings tekur, teljast sem eigin loftbréf þess lands er umritar ákvörðunarstaðinn og þannig áframsendast loftleiðis án þess að greitt sé viðbótarfluggjald.

**20. gr.**

*Áframsending bréfaþóstsendinga með fluggjaldi.*

Bréfaþóstsendingar með fluggjaldi, sem sendar eru frá einhverju sambandslandanna og eru umritaðar til nýs ákvörðunarstaðar, áframsendast loftleiðis án viðbótarfluggjalds.

**21. gr.**

*Ábyrgð.*

1. Auk skaðabóta þeirra, sem eftir venjulegum alþjóðareglum eru greiddar fyrir glatað skrásett bréf, á sendandi skrásetts bréfs, sem hefur verið innsiglað samkvæmt gildandi fyrirmælum um bréf með tilgreindu verði, enn fremur rétt til, ef innihald bréfsins hverfur að nokkru eða öllu leyti, meðan sendingin er í vörzlu pósthjórnarinnar, rétt til skaðabóta, er svari hinu raunverulega tjóni, sem hlotizt hefur við ránið eða skemmdirnar, nema tjónið hafi orsakast af yfirsjón eða skeytingarleysi sendanda eða ásigkomulagi sendingarinnar. Bæturnar geta þó aldrei numið meiru en því, sem sendanda hefði borið, ef sendingin hefði týnzt með öllu.

2. Bætur greiðast einnig fyrir þóstsendingar, sem tapast eða skemmast vegna ofureflis (vis major).

**III. Ákvæði um afgreiðslu á þóstsendingum og reikningsskil.**

**22. gr.**

*Stimplun sendinga, sem koma í bréfaþóssum.*

Bréfaþóstsendingar þær, sem nefndar eru í 7. lið 9. greinar skulu stimplaðar af pósthjórn móttökulandsins með sérstökum stimpli, er sýni sendilandið.

## 23. gr.

66

*Skrá m. m.*

20. sept.

Eyðublöð undir skrár og komuregistur ákveðast eftir nánara samkomulagi milli pósthúsanna.

Pósthús þau í Noregi og Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, svo og Finnlandi og Svíþjóð, sem eingöngu skiptast á sendingum milli þessara landa, nota undir almennar og skrásettar bréfastsendingar bréfastkrár á eyðublöðum þeim, sem notuð eru í innanríkisþjónustu hlutaðeigandi lands.

## 24. gr.

*Afgreiðsla á hraðflutningsböggjum.*

Hraðflutningsböggjum skal haldið aðgreindum frá öðrum pósti. Þegar með hraðflutningsböggjum skulu bera greinilega áletrun um að slíkir böggjar séu í þeim.

## 25. gr.

*Flutningur á áskriftum blaða og timarita.*

1. Beiðni um áskriftarflutning skal gilda frá ákveðnum degi um óákveðinn tíma, og er því aðeins tekin til greina, að beiðni sé um flutning á einn stað, en ekki samtímis á marga staði, hvern á eftir öðrum.

2. Skrifleg beiðni sendist af pósthúsi því, er hingað til hefur verið á ákvörðunarstað, til hlutaðeigandi innlends viðskiptapósthúss, sem þegar í stað tilkynnir öðrum pósthúsum, er flutningurinn varðar. Þegar póstáritun hins nýja ákvörðunarstaðar er engum vafa undirorpin, má auk þess senda beiðnina beina leið til pósthúss útgáfustaðarins, ef ætla má, að sending hennar um viðskiptapósthúsið eingöngu geti seinkað flutningnum.

3. Þegar um flutning á blaðaáskrift er að ræða til annars lands, skal hið flutta blað sendast með öðrum áskriftarblöðum til landsins.

## 26. gr.

*Reikningsskil á transítgjöldum fyrir böggla.*

Reikningsskil á transítgjöldum til norsku og sænsku pósthúsanna fyrir flutning á böggjum í lokaðri transít milli Færeyja og sjálfrar Danmerkur og milli Borgundarhólms og sjálfrar Danmerkur, fara fram samkvæmt mánaðarlegu uppgjöri á samanlagðri brúttóþyngd pósthúsflutninganna, og sjá hlutaðeigandi dönsk viðskiptapósthús um tilbúning þess og staðfestingu á því.

## 27. gr.

*Aðalreikningsskil.*

Aðalreikningar milli:

Danmerkur og Finnlands eru gerðir af dönsku pósthúsninni.

Danmerkur og Íslands eru gerðir af dönsku pósthúsninni.

Danmerkur og Noregs eru gerðir af dönsku pósthúsninni.

Danmerkur og Svíþjóðar eru gerðir af sænsku pósthúsninni.

Finnlands og Íslands eru gerðir af finnsku pósthúsninni.

Noregs og Finnlands eru gerðir af norsku pósthúsninni.

Noregs og Íslands eru gerðir af norsku pósthúsninni.

Svíþjóðar og Finnlands eru gerðir af sænsku pósthúsninni.

Svíþjóðar og Íslands eru gerðir af sænsku pósthúsninni.

Svíþjóðar og Noregs eru gerðir af sænsku pósthúsninni.

Aðalreikningar skulu gerðir ársfjórðungslega og sendir pósthúsn hlutaðeig-

66 andi lands. Reikningsjöfnuðurinn greiðist án þess beðið sé eftir endurskoðun 20. sept. reikningsins, og skekkjur, sem finnast kunna, leiðréttast í næsta aðalreikningi.

#### IV. Lokaákvæði.

28. gr.

##### *Gildi samningsins. Uppsögn.*

Samningur þessi öðlast gildi 1. apríl 1960.

Samtímis gengur úr gildi samningur um póstviðskipti milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 1. janúar 1947.

Samningurinn gildir um óákveðinn tíma, en segja má honum upp af póststjórnanna hálfu hverrar um sig, og hættir hann þá að gilda ári eftir uppsögnina.

Gert í fimm eintökum — einu á dönsku, einu á finnsku og sænsku, einu á íslenzku, einu á norsku og einu á sænsku.

Fyrir Danmörku.

Fyrir Finnland.

Fyrir Ísland.

*Köbenhavn, 15. marz 1960. Helsinki, 17. marz 1960. Reykjavík, 28. marz 1960.*

**Arne Krog.**

**S. J. Ahola.**

**G. Briem.**

Fyrir Noreg.

Fyrir Svíþjóð.

*Oslo, 25. marz 1960.*

*Stockholm, 24. marz 1960.*

**Karl Johannessen.**

**Erik Swartling.**

#### Lokabókun samningsins.

Áður en undirrita skyldi samninginn um Norrænt Póstsamband, sem samþykktur var samkvæmt framangreindum dagsetningum, hafa póststjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar orðið ásáttar um neðantalda

#### EINU GREIN

1. Sem frávik frá ákvæðum 14. greinar þessa samnings gildir, að Ísland hefur að svo stöddu heimild til þess að taka ekki þátt í skiptum á blöðum og timaritum.

2. Sem frávik frá ákvæðum þessa samnings gildir, að Finnland hefur heimild til þess að taka sérstakt gjald fyrir þær sendingar til hinna Norðurlandanna, sem um ræðir í 3. lið 14. greinar.

Fyrir Danmörku.

Fyrir Finnland.

Fyrir Ísland.

*Köbenhavn, 15. marz 1960. Helsinki, 17. marz 1960. Reykjavík, 28. marz 1960.*

**Arne Krog.**

**S. J. Ahola.**

**G. Briem.**

Fyrir Noreg.

Fyrir Svíþjóð.

*Oslo, 25. marz 1960.*

*Stockholm, 24. marz 1960.*

**Karl Johannessen.**

**Erik Swartling.**

Þetta er hér með birt almenningi.

*Samgöngumálaráðherrann, 20. september 1960.*

**Ingólfur Jónsson.**

**G. Briem.**

## BRÉF

67

27. sept.

handhafa valds forseta Íslands um að reglulegt Alþingi 1960 skuli koma saman til fundir mánudaginn 10. október 1960.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,  
gjöra kunnugt:

Vér höfum ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1960 skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1960.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eigi á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík og á Akureyri, 27. september 1960.*

Ólafur Thors.

Friðjón Skarphéðinsson.  
(L. S.)

Gizur Bergsteinsson.

Ólafur Thors.

## AUGLÝSING

68

5. okt.

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í gær úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 5. október 1960.*

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius

## TILSKIPUN

69

6. okt.

um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum nr. 43 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Ísrael.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuiðnað, eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Ísrael, eins og eigin þegnum, þá vil ég samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hér segir:



- 69 Deir, sem í Ísrael reka verksmiðjuíðnað eða handiðn, jarðrækt, málmnam, 6. okt. verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóvember 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hér greinir:
1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Ísrael fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
  2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvikjandi vörumerkjum og tilfagna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
  3. Vörumerkið skal ekki njóta viðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Ísrael.
  4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Ísrael, nema gagnstætt sé velsæmi og allsherjarreglu.
  5. Nú er vörumerki tilkynnt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að það hefur verið tilkynnt í Ísrael, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi farið fram um leið og tilkynningin fer fram í Ísrael.
  6. Nú er synjað um skrásetningu samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. nóvember 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefur tilkynnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en hinn hafi síðan tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti til þess að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört í Reykjavík, 6. október 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Bjarni Benediktsson.*

70

7. okt.

## AUGLÝSING

### um viðskiptasamkomulag Íslands og Póllands.

Á grundvelli viðskiptasamnings Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949 (Stj.tíð. A. 40/1950) var undirritað í Varsjá, 1. október 1960, samkomulag um viðskipti Íslands og Póllands á tímabilinu frá 1. október 1960, til 30. september 1961.

Samkvæmt íslenska vörulistanum, sem samkomulaginu fylgir, er gert ráð fyrir eftirfarandi útflutningi til Póllands: Fryst sild 2500 smál., saltsild 2000 smál., fiskimjöl 3500 smál., saltaðar gærur 250 smál., meðalalýsi 800 smál., iðnaðarlýsi 400 smál., kindagarnir 200000 stykki og frystum fiskflökum eins og um kann að semjast.

Á pólska vörulistanum eru stærstu vöruflokkarnir eins og áður: Kol, járn- og stálvörur, trjávörur, gips, vefnaðarvörur, sykur, ávextir og grænmeti, skófatnaður, leirvörur, búsaðhöld o. fl.

Óski hvorugur samningsaðili eftir breytingum á samkomulagi þessu fyrir 30. september 1961 framlengist það sjálfkrafa óbreytt um eitt ár. **70**  
7. okt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánrikisráðuneytið, 7. október 1960.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

## AUGLÝSING

### um greiðslusamning milli Íslands og Póllands.

**71**

7. okt.

Hinn 1. október 1960 var undirritaður í Varsjá greiðslusamningur milli Íslands og Póllands. Gildir samningurinn frá 1. október 1960 til 30. september 1961. Segi annar hvor samningsaðili honum ekki upp þremur mánuðum áður en gildistímanum lýkur, framlengist samningurinn sjálfkrafa um eitt ár, og síðan áfram um eitt ár í senn.

Jafnframt er úr gildi numinn frá 1. október 1960 að telja greiðslusamningur Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánrikisráðuneytið, 7. október 1960.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

## AUGLÝSING

### um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Ísraels.

**72**

24. okt.

Hinn 19. október 1960 var undirritaður í Genf viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Ísraels.

Með samningi þessum er viðskiptum og greiðslum milli landanna settur frjálsari grundvöllur.

